**ÞÓRDÍS CLAESSEN**
*Strákastelpa í stelpustrigaskóm*
Tíska Heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**SNORRI ÁSMUNDSSON**
*Ástarkveðja frá Akureyri*
SÉRBLAÐ UM NORÐURLAND FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. júní 2007 — 152. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR

### Frum-hátíð í annað sinn



Gunnhildur Einarsdóttir hörpuleikari og félagi í tónlistarhópnum adapter segir frá þrennum tónleikum á Kjarvalsstöðum.

MENNING 38

### Fiskur er fjársjóður



Áslaug Jónsdóttir rithöfundur er mikil fiskikona. Hún vill frekar prófa sig áfram en að fara eftir uppskriftum.

MATUR 42

### Skipulagði tónleika



Guðmundur Árni Stefánsson sendiherra í Svíþjóð þótti standa sig vel í skipulagningu Stuðmannatónleika í Svíþjóð.

FÓLK 58

### Lifir í óvissu



Læknum hefur ekki tekist að finna hvað amar að Jónatani Magnússyni sem hefur verið meiddur síðan í nóvember. Handboltaferillinn gæti verið á enda.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR** - Í dag verður hæg suðlæg eða breytileg átt. Skýjað og smáskúrir vestan til og hætt við lítilsháttar súld með suðausturströndinni. Síðdegisskúrir norðaustan til. Hiti 10-18 stig, hlýjast fyrir austan.



**HJÁ JÓNI** Þessir ferðalangar gáfu sér tíma til að glugga í handbók um Ísland við fótskör Jóns Sigurðssonar á Austurvelli í gær. Vegna hvassviðris þurftu þeir að klæða sig nokkuð vel, þó að tæknilega séð sé sumarið komið. Búast má við að tæplega tvö hundruð þúsund erlendir gestir heimsæki Ísland yfir sumarmánuðina þrjá, miðað við tölur frá Ferðamálastofu.
FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

# Greiða 2 kr. á kílóvattstund

**Norðurál borgar Orkuveitu Reykjavíkur 2,1 krónu á hverja kílóvattstund af raforku vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Grænmetisbændur sem teljast til stórnotenda borga um fjórar krónur á kílóvattstund.**

**ORKUMÁL** Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, staðfesti við Fréttablaðið í gær að söluverð á raforku til Norðuráls vegna fyrirhugaðs álvers fyrirtækisins í Helguvík væri tæplega 2,1 króna á hverja kílóvattstund af rafmagni. Þetta er í fyrsta skipti sem orkuverð opinbers orkufyrirtækis til stóriðju er gefið upp með svo nákvæmum hætti.

Bjarni Helgason, formaður félags garðyrkjubænda, segir bændur greiða að meðaltali um fjórar krónur á kílóvattstund. Engir einstakir notendur raforkunnar eru sambærilegir við álfyrirtækin hér á landi hvað varðar kaup á raforku en álverin þurfa margfalt meiri raforku en aðrir einstakir kaupendur.

Gert er ráð fyrir því að 95 af 100 megavöttum verði nýtt á samningstímanum en það er um fimm prósentustigum meira en fram hefur komið um nýtingarhlutfall Landsvirkjunar vegna sölu á raforku til stóriðju.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær er gert ráð fyrir að heildartekjur Orkuveitunnar verði um 40 milljarðar króna en kostnaður vegna virkjanaframkvæmdanna verði fimmtán milljarðar.

Orkuveitan skuldbindur sig með samningnum við Norðurál til að útvega 40 prósent af raforkunni sem álverið mun þurfa. Hitaveita Suðurnesja útvegar afganginn samkvæmt samningi sem undirritaður var á vormánuðum. Ekki liggur fyrir hvert raforkuverðið er samkvæmt þeim samningi.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

– mh/ sjá síðu 20

Íslenska knattspyrnulandsliðið tapaði stórt í Svíþjóð:

# Landsliðið fær skell

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið tapaði í gær fyrir Svíum í undankeppni Evrópumótsins 2008 með fimm mörkum gegn engu. Íslenska liðið sá aldrei til sólar og fékk til að mynda fjögur mörk á sig á ellefu mínútna leikkafla.

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari sagði eftir leik að hann ætlaði ekki að segja starfi sínu lausu. Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sagði að hann stæði þétt að baki þjálfaranum.

Um liðna helgi gerði landsliðið jafntefli við smáríkið Liechtenstein á Laugardalsvelli. „Mér finnst ósanngjarnt að menn séu að krefjast þess að ég hætti með liðið,“ sagði Eyjólfur í viðtali við Fréttablaðið eftir leik. Mikil umræða hefur verið um framtíð landsliðsþjálfarans síðustu daga.

Marcus Allbäck skoraði tvívegis gær og þeir Anders Svensson, Olof Mellberg og Markus Rosenberg skoruðu eitt mark hver.

- esá / sjá síðu 52

Veistu hvert þú átt að leita?



island.is
Þjónustuveitan www.island.is er leiðarvísir að opinberri þjónustu
Himinn og haf / SÍA

Áhöfn Guðmundar í Nesi veiddi glysgjarna grálúðu á miðunum:

# Grálúðan var með hálsskart

**NÁTTÚRA** „Einhvern tíma hefur þessi grálúða litið í forvitni sinni í niðursuðudós á hafsbotni,“ segir Gunnar Gunnarsson, starfsmaður hjá sjávarútvegsfyrirtækinu Brimi. Fyrir skömmu komu skipverjar frystiskipsins Guðmundar í Nesi með sérkennilega grálúðu að landi. Lúðan reyndist vera með mikið hálsskart gróið inn í hálsinn og þótti sjómönnum helst sem búnaðurinn líktist skrautmunum einhvers ættbálks sögubóka. Við nánari athugun kom þó í ljós að skartið var ekkert annað en gömul niðursuðudós sem lúðan hafði greinilega þurft að bera í langan tíma.

„Dósin var gróin við hana að hluta. Maður sér samt að eyrugginn hefur verið á hreyfingu og því er dósin laus í kringum hann,“ útskýrir Gunnar. Hann segir að í dag sé engu hent í sjóinn úr skipum en greinilega slæðist ein og ein niðursuðudós í hafið og geti það haft slæmar afleiðingar fyrir lífríkið.

„Það eru alltaf einhverjir furðufiskar í sjónum,“ segir Gunnar og bætir við að fiskurinn með skartið fari ekki í verslanir.

- kdk



**GRÁLÚÐA MEÐ HÁLSSKART** Þessi grálúða hefur litið inn í niðursuðudós sem hefur fylgt henni síðan.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR FINNUR GUNNARSSON



## SPURNING DAGSINS



*Ólafur, var Mjólkursamsalan að mjólka kerfið?*

„Þeir eru svo sannarlega búnir að vera á spenanum.“

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Mjólkursamsölunni eftir kvartanir frá Mjólku. Ólafur Magnússon er framkvæmdastjóri Mjólku.

Hlynur Smári Sigurðarson í samfélagsþjónustu í Brasilíu:

# Brasilíufangi kennir ensku

**DÓMSMÁL** Tuttugu og fimm ára gamall Íslendingur, Hlynur Smári Sigurðarson, sem dæmdur var í þriggja ára fangelsi í Brasilíu fyrir tilraun til kókaínsmygls, á von á reynslulausn á næstu dögum. Hann dvaldi fyrst í varðhaldsfangelsinu Porto Seguro þar sem aðstæður voru afar slæmar og fordæmdar af mannréttindasamtökum.

Sigurður Þorvaldsson, faðir Hlyns Smára, segir pappíra fyrir reynslulausnina tilbúna og þeir bíða nú stimpils dómara. „Hlynur mun kenna heimamönnum ensku en nemendur verða á öllum aldri. Hann er búinn að leigja sér íbúð og er spenntur að takast á við starfið. Ég hef fulla trú á honum enda vandar hann til verka í öllu því sem hann gerir,“ segir Sigurður.

Hann segir Hlyni Smára líða vel í dag og að hann hafi staðið sig eins og hetja miðað við þær hörmulegu aðstæður sem hann bjó við í fangelsinu. Sigurður líkir fangelsum í Brasilíu við pyntingabúðir. „Ég bað hann um að muna að rækta sál og líkama. Hann er sterkur og ég veit að það hjálpaði honum að standa af sér áreitið betur,“ segir Sigurður og býst við syni sínum heim í október. **- lbb**



**Á REYNSLULAUSN Í BRASILÍU** Hlynur Smári Sigurðarson mun innan fárra daga kenna ensku sem hluta af afplánun fyrir fíkniefnabrot.

Bílslysið á Suðurlandsvegi:

## Útskrifaður af gjörgæsludeild

**SLYS** Karlmaður sem slasaðist í bílslysi á Suðurlandsvegi síðastliðinn fimmtudag var í gær útskrifaður af gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Að sögn vakthafandi læknis er maðurinn á batavegi. Hann hefur verið fluttur á almenna skurðdeild.

Kona mannsins liggur enn á gjörgæsludeild en er laus úr öndunarvél. Þriggja mánaða dóttir þeirra sem var með þeim í bílnum slasaðist minna.

Fólkið lenti í hörðum árekstri við jeppa og var flutt með þyrlu til Reykjavíkur. **- þo**

Meint nauðgun á Hótel Sögu:

## Rannsóknin langt komin

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á meintri nauðgun átján ára gamals pólsks pilts á stúlku um tvítugt á kvennasalerni Radisson-SAS Hótel Sögu, aðfaranótt 17. mars, er langt komin og verður senn gefin út ákæra í málinu. Pilturinn hefur verið í gæsluvarðhaldi frá því málið kom upp en samkvæmt úrskurði rennur það út 20. júní. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hefur pilturinn haldið því fram að stúlkan hafi samþykkt að stunda með honum kynlíf inn á salerninu. Áverkar stúlkunnar þykja gefa vísbendingar um að svo hafi ekki verið og hefur pilturinn verið í haldi, vegna alvarleika málsins. **- mh**

Tveggja barna faðir:

## Horfði á konuna hrapa 90 metra

**BANDARÍKIN, AP** Tveggja barna faðir í New York samdi í gær um þriggja ára skilorðsbundna refsingu fyrir að hafa staðið aðgerðarlaus hjá á meðan eiginkona hans keyrði bíl fram af 90 metra háu bjargi með dætur þeirra innanborðs. Konan lést, en dæturnar sluppu ómeiddar.

Eiginkonan hafði verið í sjálfsmorðshugleiðingum að sögn mannsins og viðurkenndi hann að hafa ekki tekið hana nógu alvarlega og vanmetið hættuna.

Maðurinn játaði á sig slæma meðferð á börnum, en í staðinn var ákæra fyrir að hvetja til sjálfsmorðs felld niður. **- sgj**

**BANDARÍKIN**

### Virginia Tech opnar álmu á ný

Verkfræðiálma Virginia Tech-háskólans í Bandaríkjunum verður opnuð á ný í lok júní. Álman var vettvangur harmleiks 16. apríl síðastliðinn þegar nemandinn Seung-Hui Cho myrti á fjórða tug nemenda og starfsmanna skólans.

# Ógnað með hnífi og sagt að taka út seðla

**Eiríki Huijbens var misþyrmt og ógnað með hnífi. Ofbeldismaðurinn neyddi Eirík til að fá móður sína til leggja peninga inn á reikning ofbeldismannsins. Hann undrar sig á því að starfsmaður bankans hafi ekki hjálpað honum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég reyndi tvisvar að gera starfsmanni bankans viðvart. Í annað skiptið tókst mér að segja SOS mig vantar lögregluaðstoð. Hún gerði samt ekki neitt,“ segir Eiríkur Huijbens. Hann var rændur í útibúi Kaupþings í Kringlunni í lok síðasta mánaðar.

Eiríkur segir tildrög málsins hafa verið þau að hann hafi átt fíkniefnaviðskipti við mann fyrir nokkru. Þeirra viðskiptum hafi verið lokið og segist Eiríkur hafa verið að ná sér upp úr neyslu og viljað vera laus við tengsl við hann. Það vildi maðurinn aftur á móti ekki og hafði hann í hótunum við Eirík. „Hann reyndi að fá mig til að gera alls kyns hluti. Ég neitaði en það fór þannig að hann barði mig og neyddi mig inn í bíl með sér með því að ógna mér með hnífi,“ segir Eiríkur. Ofbeldismaðurinn hefur margsinnis komið við sögu lögreglunnar og dómstóla fyrir ýmis brot og segir Eiríkur að hann hafi haft ríka ástæðu til að óttast manninn.

Ofbeldismaðurinn hótaði því að Eiríkur slyppi ekki aftur frá honum nema hann léti sig fá peninga sem hann taldi sig eiga hjá honum. Fóru þeir í útibú Kaupþings og reyndi Eiríkur að taka út af reikningi sínum sem reyndist innistæðulítill Þá hringdi hann í móður sína.

„Ég reyndi að gera henni ljóst að hún ætti ekki að millifæra peningana heldur hringja á lögregluna. Það er hins vegar erfitt þegar einhver heldur að manni hnífi og hótar að drepa. Auk þess gat móðir mín ekki greint svipbrigði mín í gegnum símann,“ segir Eiríkur.



**ÚTIBÚ KAUPÞINGS Í KRINGLUNNI** Eiríkur segist hafa reynt tvisvar að gera starfsmanni bankans viðvart um að rán væri í gangi, en án árangurs. Ofbeldismaðurinn hefur margsinnis komist í kast við lögin fyrir ýmis brot.

Móðir Eiríks lagði að lokum 300 þúsund krónur inn á reikning ofbeldismannsins.

Eiríkur lagði fram kæru hjá lögreglunni í Reykjavík sama dag og árásin átti sér stað. Aðalsteinn Aðalsteinsson, rannsóknarlögreglumaður sagðist ekki getað tjáð sig um einstök mál en unnið væri að rannsókn árásarinnar. Eiríkur segist hafa fengið að heyra að ræninginn hafi játað brot sitt.

„Mér finnst samt furðulegt að starfsmaður bankans hafi ekki hjálpað mér. Útibússtjórinn sagði mér að reglan í svona tilvikum væri að afgreiða fyrst og hringja svo á lögguna. Ég veit nú ekki hvort það var gert,“ segir Eiríkur.

Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, sagðist kannast við málið en ekki geta tjáð sig um það frekar. **karen@frettabladid.is**

Meðferð í Baugsmálinu:

## Engin jafnræðisregla brotin

**DÓMSMÁL** Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri braut ekki jafnræðisreglu í Baugsmálinu.



**BOGI NILSSON**

Bogi Nilsson ríkissaksóknari hefur komist að þeirri niðurstöðu.

Einar Þór Sverrisson, lögmaður Jóhannesar Jónssonar í Bónus, hafði áður óskað eftir því að ríkissaksóknari skoðaði hvort jafnræðisregla hefði verið brotin þegar ákæra var gefin út á hendur Jóhannesi en ekki Jóni Geraldi Sullenberger að auki.

Í yfirlýsingu frá embætti ríkislögreglustjóra segir frá niðurstöðunni. Engin jafnræðisregla hafi verið brotin við meðferð ákæruvalds í sakamáli á hendur Jóhannesi. **- sþs**

Þingmenn Evrópuþingsins:

## Vilja viðurkenna Palestínustjórn

**BELGÍA, AP** Vaxandi fjöldi þingmanna Evrópuþingsins krefst þess að Evrópusambandið viðurkenni þjóðstjórn Fatah og Hamas hreyfinganna í Palestínu og endurvekji fjárhagslegan stuðning við landið, sem lokað var á fyrir ári í kjölfar kosninganna.

Um þriðjungur þingmanna vill róttækar breytingar á stefnunni, en þeir telja efnahagsþvinganir ýta undir átök í landinu í stað þess að stöðva þau.

„Eina leiðin er að viðurkenna stjórnina sem var lýðræðislega kjörin og tala við alla meðlimi hennar,“ sagði belgísk þingkona, Veronique De Keyser. **- sgj**


BÍLL DAGSINS

VOLKSWAGEN GOLF HIGHLINE

Nýskr. 07.02 - Beinskiptur - Ekinn 75 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Kristján Möller samgönguráðherra skoðaði Grímseyjarferju í Hafnarfirði í gær:

# Horfi ekki í baksýnisspegilinn

**SAMGÖNGUR** Kristján Möller samgönguráðherra telur að þokist í rétta átt með Grímseyjarferjuna. Búist er við að vinna við endurbætur hefjist á ný við ferjuna innan tíðar og að hægt verði að afhenda hana í september eða október.

„Ágreiningi milli verkkaupa og verksala er vonandi að ljúka og verkið heldur áfram. Allir verða að koma að borði og horfa fram á við til að klára þetta verkefni. Það þýðir ekkert að horfa í baksýnisspegilinn,“ segir samgönguráðherra. Kristján telur líklegt að heildarkostnaðurinn við breytingarnar nemi yfir 400 milljónum króna þegar upp er staðið en upphaflega var gert ráð fyrir 270 milljónum. „Nóg er til af peningum, spurningin er bara hvernig þeim er ráðstafað milli verkefna og það er Vegagerðarinnar að koma með tillögur um það til fjárlagagerðar.“

Í skýrslu Siglingastofnunar er gagnrýnt að aðstaða fyrir fatlaða sé ekki nógu góð. „Það er óþolandi að byggja eitthvað þar sem aðgengi fyrir fatlaða er ekki í samræmi við reglur. Það er ekki hægt að una við það,“ segir Kristján.

Eiríkur Ormur Víglundsson, eigandi Vélsmiðju Orms og Víglundar, og Hjörtur Emilsson, eftirlitsmaður Vegagerðarinnar, sýndu ráðherranum ferjuna í gær. Þeir vonast til að endurbæturnar haldi fljótlega áfram.

„Það þarf að skipta um hurðir og gler, setja kýrauga eða ljósop niður í farþegasalinn og klára nokkur smáatriði. Aðföng að utan taka tíma. Þau geta tafið þetta eitthvað,“ segir Eiríkur. **- ghs**



**SKOÐAÐI GRÍMSEYJARFERJUNA** Kristján L. Möller samgönguráðherra skoðaði Grímseyjarferjuna í gær. Stefnt er að því að hefja aftur vinnu við endurbæturnar á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI



2 stk Sýpris 999



Stjúpur í sérflokki 10 stk 499

Stjúpur í sérflokki 20 stk 999

# Sumarblóma *sprengja*



Hengilóbelía 399



Margaríta 499



Útipottar 30% afsláttur

blómaval

*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 05.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,68 | 62,98 |
| Sterlingspund | 124,95 | 125,55 |
| Evra | 84,69 | 85,17 |
| Dönsk króna | 11,368 | 11,434 |
| Norsk króna | 10,475 | 10,537 |
| Sænsk króna | 9,081 | 9,135 |
| Japanskt jen | 0,5147 | 0,5177 |
| SDR | 95,06 | 95,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
115,0122

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðskiptaráðherra útilokar ekki að leyfi Landsvirkjunar í Þjórsá verði afturkallað:

# Gæti endað í skaðabótamáli

**UMHVERFISMÁL** „Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því og vona að þessi áform gangi ekki eftir,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um virkjunaráform Landsvirkjunar í Neðri-Þjórsá.

Björgvin segir að eftir að fulltrúar allra flokka hafi lýst yfir á Alþingi að ekki kæmi til greina að landeigendur við ána yrðu beittir eignarnámi, sé boltinn hjá landeigendum sjálfum. Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun hafa samningaviðræður við landeigendur staðið yfir síðan í janúar og Björgvin vill „láta reyna á það ferli“ áður en lengra verði haldið.



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Ráðherrann sunnlenski ætlar að beita sér gegn virkjunaráformum í Þjórsá og útilokar ekki að farið verði í hart gegn Landsvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Viðskiptaráðherra útilokar ekki að leyfi Landsvirkjunar verði afturkölluð ef allt annað bregst en vill skoða betur lögformlegar hliðar málsins. „Einu úrræðin til að koma í veg fyrir þetta væri þá að afturkalla leyfin, sem getur verið mjög flókið mál því það er svo langt síðan Landsvirkjun fékk þessi leyfi. Það verður bara að fara yfir það hvar þetta er statt. Ef leyfið yrði afturkallað myndi það líklega kalla á skaðabótamál.“

„Ég er, eins og ég marglýsti yfir í kosningabaráttunni, á móti þessum virkjunum,“ segir ráðherra. **- kóþ**

Markmið borgarstjórnar:

# Siðareglur verði tilbúnar í haust

**STJÓRNSÝSLA** Borgarstjórn samþykkti í gær tillögu Samfylkingarinnar um að stefna að því að staðfesta í haust siðareglur fyrir kjörna fulltrúa hjá borginni.

Siðareglunum mun meðal annars vera ætlað að skilgreina grundvallargildi við meðferð almannavalds, bann við spillingu og misbeitingu valds, hvernig umgangast skuli hagsmunaárekstra og stöðuveitingar svo dæmi sé nefnt. Jafnframt er gert ráð fyrir að útfærðar verði reglur borgarstjórnar um gjafir, boðsferðir og birtingu annarra skyldra upplýsinga. **- gar**



**BENEDIKT 16.** Ferðast innanlands á páfabifreiðinni. NORDICPHOTOS/AFP

„Léttgeggjaður“ maður:

# Réðist á páfann í hvíta bílnum

**VATÍKANIÐ, AP** Þjóðverji á þrítugsaldri reyndi að stökkva inn í bifreið Benedikts 16. páfa þegar hann keyrði um á Péturstorgi í Róm í gær.

Páfi slapp ómeiddur og virtist ekki taka eftir árásinni, enda gripu öryggisverðir skjótt í taumana. Að sögn talsmanns páfa leit Þjóðverjinn út fyrir að vera „léttgeggjaður“. Hann er nú í yfirheyrslu hjá lögreglu.

Páfanum er ekið í sérhönnuðum hvítum bíl, þegar hann ferðast innanlands. Um 35.000 manns fylgdust með honum í gær þar sem hann veifaði til fólksins úr bifreiðinni. **- sgj**

## ÁRÉTTING

Í sérblaði um veiði sem fylgdi Fréttablaðinu miðvikudaginn 6. júní urðu mistök í nafngift blaðsins. Veiðimaðurinn sem nafn veiðiblaðs er eign Stangveiðifélags Reykjavíkur en blaðið hefur verið málgagn SVFR frá árinu 1940. Engin tenging var milli sérblaðs Fréttablaðsins og SVFR og er beðist velvirðingar á þessum mistökum.

# Bush og Merkel eiga langt í land ennþá

**Þúsundir mótmælenda setja sterkan svip á leiðtogafund G8-ríkjanna í Heiligendamm. Lögreglan átti í gær fullt í fangi með halda þeim í skefjum.**

**ÞÝSKALAND, AP** Umhverfismál og fyrirhugaðar eldflaugavarnir Bandaríkjanna eru tvö helstu ágreiningsmálin á leiðtogafundi G8-ríkjanna sem hófst í Heiligendamm í Þýskalandi í gær. Leiðtogar Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Ítalíu, Japans, Kanada, Rússlands og Þýskalands snæddu þar kvöldverð í gær og sitja á fundum í dag og á morgun.

Á sérfundi með Angelu Merkel Þýskalandskanslara í gær sagðist George W. Bush hafa fullan vilja til þess að vinna með henni að lausn á deilum þeirra um umhverfismál. Um leið ítrekaði Bush þó að hann myndi aldrei semja um neitt hámark á leyfilegum útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Bush sagðist vilja semja um það hvað taki við af Kyoto-bókuninni, þegar gildistími hennar rennur út árið 2012, og nefndi þá tvö markmið: „Annað er að draga úr gróðurhúsalofttegundum, hitt er að verða minna háður orkugjöfum.“

Merkel hefur hins vegar lagt mikla áherslu á að ná samningum um að settar verða fastar takmarkanir á útblæstri gróðurhúsalofttegunda. sem eiga að tryggja það að hlýnun jarðar verði ekki meiri en sem nemur tveimur gráðum á Celsíus, en það þýðir í raun að fyrir árið 2050 skuli draga úr útblæstrinum svo hann verði helmingurinn af því sem hann var árið 1990.

Á morgun ætla þeir Bush og Vladimir Pútín að eiga með sér fund utan við aðalfundarhöldin til að ræða sín ágreiningsmál, sem einkum snúast um áform Bandaríkjanna um að koma sér upp eldflaugavarnakerfi í Evrópu. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, ætlaði líka að ræða einslega við Pútín.



**ANGELA MERKEL OG GEORGE W. BUSH** Kanslari Þýskalands og forseti Bandaríkjanna ræddu ágreiningsmál sín á fundi í hádeginu í gær í Heiligendamm í Þýskalandi áður en leiðtogafundur G8-ríkjanna hófst síðar um daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Annars átti þýska lögreglan í gær fullt í fangi með að halda tíu þúsund mótmælendum frá fundarstaðnum, sem hefur verið girtur af svo rammlega að helst þykir minna á Berlínarmúrinn forðum.

Nærri þúsund mótmælendur komust framhjá lögreglu inn á bannsvæði og alveg að gaddavírsgirðingunni rammgerðu og reyndu sumir að klippa sér leið í gegn. Á vegunum, sem liggja til Heiligendamm, höfðu fjölmennir hópar mótmælenda komið sér fyrir og lokuðu allri umferð klukkutímum saman.

„Við höfum náð á okkar vald öllum vegum til Heiligendamm,“ sagði Christoph Kleine, einn mótmælendanna. „Við erum ánægð með það.“ Lögreglan beitti bæði táragasi og þrýstivatnsslöngum á hluta mótmælendanna.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**VERÐLAUNAÐUR** Geir H. Haarde afhenti Kristjáni Leóssyni verðlaun Vísinda- og tækniráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Kristján Leósson fær verðlaun:

# Rannsakar nýjar örrásir

**MENNTUN** Dr. Kristján Leósson eðlisverkfræðingur hlaut í gær hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs. Verðlaunin eru veitt vísindamanni sem þykir hafa skarað fram úr snemma á ferlinum og skapað væntingar um framlag í vísindastarfi sem styrkt geti stoðir mannlífs á Íslandi.

„Þetta er fyrst og fremst mikil viðurkenning á þeim störfum sem ég hef verið að vinna, og gaman að finna fyrir því að það sé metið meðal vísindamanna,“ sagði Kristján.

Undanfarið hefur Kristján rannsakað nýjar tegundir örrása sem geta leitt rafstraum og ljósmerki samtímis. **- bj**

Kaupa fasteignir Kambs:

# Fiskvinnsla á Flateyri tryggð

**VINNUMARKAÐUR** Oddatá ehf. ætlar að kaupa allar fasteignir og tæki Fiskvinnslunnar Kambs á Flateyri. Stefnt er að því að vinna frosnar og ferskar afurðir í bænum. Allt verður reynt til að flestir fyrrverandi starfsmenn Kambs haldi vinnu sinni, að því er segir í fréttatilkynningu.

Eigendur Kambs tilkynntu um miðjan maí þá ákvörðun að hætta útgerð og fiskvinnslu, og selja allar eignir félagsins á Flateyri. Fyrirséð var að rúmlega hundrað manns misstu vinnu sína, en Kambur var langstærsti vinnuveitandi bæjarins. **- sþs**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VINDUR GENGINN NIÐUR**
Loksins lægði á sunnan- og vestanverðu landinu og framundan er rólegheitaveður. Það verður áfram mjög milt í veðri en dagurinn í dag og morgundagurinn líka verðaað líkindum ekki mjög sólríkir. Á laugardaginn rofar hinsvegar til Norðan- og Austanlands í hægri breytilegri átt eða hafgolu. Henni fylgir svalara veður og þokuloft. Spár fyrir sunnudag eru enn á reiki.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg suðlæg átt og skúrir. Hiti 10-13 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C léttskýjað | London | 21°C léttskýjað | Alicante | 27°C léttskýjað |
| Billund | 25°C léttskýjað | París | 26°C skúrir | Mallorca | 25°C léttskýjað |
| Osló | 25°C léttskýjað | Frankfurt | 30°C léttskýjað | Basel | 27°C skýjað |
| Stokkhólmur | 21°C léttskýjað | Friedrichshafen | 26°C skúrir | Eindoven | 26°C skúrir |
| Gautaborg | 25°C heiðskírt | Berlín | 30°C skúrir | Las Palmas | 23°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# TÍMARIT SMÁRALINDAR




## ER KOMIÐ ÚT

· Nýjungar í Smáralind
· Sumartískan
· Bikiní
· Stjörnuspá
· Margt fleira

Þitt eintak býður þín í Smáralind!




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21,**
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM28228

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú í laxveiði í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 12% |
| Nei | 88% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari eigi að segja af sér?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Íranar handtóku þrjá Finna við fiskveiðar á Persaflóa:

# Voru látnir lausir í gær

**FINNLAND** Írönsk stjórnvöld hafa látið lausa þrjá finnska starfsmenn Nokia Siemens Networks sem voru teknir við fiskveiðar á Persaflóa á laugardaginn og eru mennirnir komnir til Dubai þar sem þeir vinna. Að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat rak bát mannanna inn á íranskt vatn.

Finnska utanríkisráðuneytið fékk vitneskju um handtöku mannanna á laugardag en ekki var greint frá málinu fyrr en í kvöldfréttum MTV3 í Finnlandi á þriðjudagskvöld. Að sögn Esa Hurtig, sérfræðings í málefnum Dubai, sögðu írönsk stjórnvöld að mennirnir væru ekki í hættu og að vel færi um þá. Mennirnir fengu þó ekki að tala við fjölskyldur sínar.

Ilkka Kanerva, utanríkisráðherra Finna, kvaðst vera ánægður með að mennirnir hefðu verið látnir lausir. Vel hafi gengið að vinna með írönskum stjórnvöldum að lausn málsins.

„Við trúum því að þessir menn hafi komið óvart inn á íranskt vatn," segir Ahmad Shamsi hjá íranska sendiráðinu í Helsinki. „Finnar skilja aldrei þegar um viðkvæm mál er að ræða þar sem fara þarf varlega," segir Hurtig.

Ekki er langt síðan Íranar handtóku fimmtán breska dáta í Persaflóa og héldu þeim föngnum í tvær vikur.

- ghs




**OF NÆRRI ÍRAN** Finnarnir voru að veiðum á Persaflóa og hafa greinilega hætt sér of nærri Íran. Þeir starfa hjá Nokia Siemens Networks í Dubai.

Ungir piltar hætt komnir:

# Köstuðust af sæþotu

**SLYS** Tveir 16 ára piltar voru heppnir þegar þeir köstuðust af sæþotu á Arnarnesvogi á þriðjudagskvöld. Piltarnir syntu í land en varð ekki meint af volkinu.

Piltarnir voru um 50 metra frá landi og að sögn lögreglunnar er nokkur straumur á þessum slóðum. Sæþotan flaut fljótt frá piltunum og því afréðu þeir að synda til lands. Sæþotuna rak í átt að Kópavogshöfn og var lögreglubátur sendur á eftir henni.

Piltarnir voru vel búnir og voru í góðum blautbúningum.

- þo

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fikt fór úr böndunum

Nokkrir drengir á fjórtánda ári hafa viðurkennt að hafa kveikt í timbri í porti þjónustumiðstöðvar Vestmannaeyjabæjar síðastliðinn mánudag. Piltarnir voru að fikta við að kveikja í bensíni en misstu tök á eldinum. Það var ekki ætlun þeirra að kveikja í.

## LAOS

### Komið í veg fyrir valdarán

Níu samsærismenn voru handteknir í fyrradag fyrir að leggja á ráðin um valdarán í Asíuríkinu Laos. Yfirvöld komust á snoðir um vopnasendingar á vegum mannanna. Grunur lék á að vopnin yrðu notuð í skipulagðar árásir á embættismenn og opinberar byggingar.

# Davíð launahærri en forseti Íslands

**Með hækkun launa seðlabankastjóra er Davíð Oddsson aðalbankastjóri kominn fram úr forseta Íslands í launum og orðinn launahæsti embættismaður landsins með 1.783 þúsund krónur á mánuði. Forseti Íslands fær 1.619 þúsund.**

**KJARAMÁL** Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, er orðinn launahæsti embættismaður landsins eftir að bankaráð hækkaði laun seðlabankastjóra.

Bankaráðið ákvað fyrir viku að hækka mánaðarlaun seðlabankastjóranna þriggja um 200 þúsund krónur. Sem formaður bankastjórnar fékk Davíð Oddsson aðalbankastjóri samtals 19 milljónir króna í laun á árinu 2006. Það gera um 1.583 þúsund krónur í mánaðarlaun. Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri fékk samtals 16,4 milljónir króna eða sem svarar til 1.367 þúsund króna á mánuði. Þriðji seðlabankastjórinn, Ingimundur Friðriksson, sat aðeins í bankastjórastólnum frá 1. september.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að föst laun seðlabankastjóra hefðu fyrir hækkun verið 1.200 þúsund krónur og myndu hækka í 1.400 þúsund krónur; um 100 þúsund krónur strax og aðrar 100 krónur næstu áramót. Föstu launin segja hins vegar ekki alla söguna því auk þeirra fær formaður bankastjórnar greitt 8 prósent álag á laun sín og námu föst mánaðarlaun Davíðs í fyrra því 1.310 þúsund krónum. Þess utan fékk Davíð aukalega greidda sömu upphæð og formaður bankaráðs fær fyrir setu sína í ráðinu, það eru 220 þúsund krónur á mánuði. Hinir seðlabankastjórarnir tveir fá aukalega greidda sömu upphæð og óbreyttir fulltrúar í bankaráði, eða 110 þúsund krónur á mánuði.

Eftir hækkunina verða heildarlaun aðalbankastjórans Davíðs Oddssonar 1.783 þúsund krónur á mánuði. Hinir bankastjórarnir tveir fá 1.567 þúsund krónur.

Til samanburðar eru mánaðarlaun forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, 1.619 þúsund krónur og laun Geirs H. Haarde forsætisráðherra 966 þúsund krónur.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær byggðist ákvörðun bankaráðsins um launahækkun seðlabankastjóranna á því að bankastjórarnir hafa, vegna samkeppni um starfskrafta, hækkað laun næstu undirmanna svo mikið að þau voru farin að höggva nærri þeirra eigin launum. „Almennt talið telur bankaráð eðlilegt að bilið sé áþekkt því sem það hefur jafnan verið," segir Helgi S. Guðmundsson, formaður bankaráðs, í svari til Fréttablaðsins. Hann svarar hins vegar ekki hver laun umræddra millistjórnenda eru: „Laun annarra starfsmanna bankans en bankastjóra eru trúnaðarmál," segir formaður bankaráðs.

gar@frettabladid.is



**DAVÍÐ ODDSSON OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Eftir hækkanir á launum seðlabankastjóra er Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar, með hærri laun en forseti Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### BANKARÁÐ SEÐLABANKANS

Nýtt bankaráð verður kjörið á Alþingi á næstu dögum. Fráfarandi bankaráð var kjörið árið 2003. Lokafundur þess verður á þriðjudag.

Í ráðinu sitja nú Helgi S. Guðmundsson formaður og Jónas Hallgrímsson fyrir Framsóknarflokk, Ólafur G. Einarsson varaformaður og Hannes Hólmsteinn Gissurarson fyrir Sjálfstæðisflokk, Jón Þór Sturluson og Sigríður Stefánsdóttir fyrir Samfylkingu og Ragnar Arnalds fyrir Vinstri græn. Samtals þáðu þessir sjö bankaráðsfulltrúar og varamenn þeirra 13,8 milljónir króna í þóknun fyrir veru sína í ráðinu á árinu 2006.



**HELGI S. GUÐMUNDSSON** Fráfarandi formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands.




B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



Nýjung í ræstingum

– þú nærð hærra með UniFlex afþurrkunarsettinu




UniFlex afþurrkunarsett og 2 örtrefjamoppur

Henrietta Holz Jensen
sölumaður í útibúi RV í Danmörku

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


Fyrstu niðurstöður prófunar vegna berklasmits við Kárahnjúka:

# Berklasvörun meðal nokkurra

**HEILBRIGÐISMÁL** Hluti verkamanna við Kárahnjúka reyndust með jákvæða svörun við prófi vegna hugsanlegs berklasmits.

Ástæða þótti því til að senda nokkra úr hópnum í lungnamyndatöku til öryggis, en niðurstöður úr henni liggja ekki fyrir.

„Það er ekkert sem vekur óróa um að á Kárahnjúkum sé dulið berklasmit í gangi," segir Sigurður Þórarinsson, yfirlæknir Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Sigurður segir að það sé „vitað mál að ef maður prófar útlendinga þá er stór hluti þeirra að svara eitthvað. En ef menn eru veikir þá fá þeir mikla svörun, það var enginn svoleiðis."



**FRÁ KÁRAHNJÚKUM** Í síðasta mánuði var stúlka með berkla sett í einangrun í Reykjavík. Yfirlæknirinn fyrir austan segir að fyrstu niðurstöður úr prófum bendi ekki til að fleiri séu smitaðir. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. MYND/KRISTÍN BOGADÓTTIR

Mennirnir voru prófaðir vegna berklasmits sem greindist í portúgalski stúlku í síðasta mánuði. Nú er búið að prófa tvo þriðju þeirra rúmlega eitt hundrað verkamanna sem taldir voru í áhættuhópi um að hafa smitað eða smitast af stúlkunni, sem var sett í einangrun á Landsspítalanum.

„Það hefur enginn grunur vaknað um að fleiri séu smitaðir eða að einhver annar sé að smita," segir Sigurður og telur, miðað við þessar fyrstu niðurstöður, að allt eins megi telja að því að smitaði sjúklingurinn hafi smitast erlendis.

- kóþ


TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 7.-10. júní
afnemum við virðisaukaskatt
af snyrtivörumerkjum.
Fríhafnardagar
um helgina
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. júní 2007.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

HREINIR OG GLERFÍNIR GLUGGAR

UNGER

20% afsláttur
af toppgræjum fyrir gluggaþvottinn

GLUGGAÞVARA
Gluggaþvara með þægilegu griphandfangi. Endurbætt gúmmí sem skilur engar rákir eftir sig. Auðvelt að festa á skaft til að framlengja. Til í þremur stærðum.

GLUGGAÞVOTTASKINN/SKAFA
Visa Versa gluggaþvottaskinn/skafa – 20% fljótlegra að nota þvottaskinn og gluggaþvöru í einu áhaldi. Til í tveimur stærðum. Auðvelt að festa á skaft til að framlengja. Til í tveimur stærðum.

HIFLO ÞVOTTAKÚSTUR
HiFlo þvottakústur – samanstendur af 10 m slöngu, bursta með stillanlegum lið, sápuskammtara og 64 umhverfisvænum sáputöflum. Hægt er að kaupa mismunandi lengdir á sköftum (fylgja ekki með).

GLUGGAÞVOTTASÁPA
Gluggaþvottasápan sem fagmaðurinn notar.

Tilboðið gildir til 30. júní eða á meðan birgðir endast.

BESTA
- hrein fagmennska!

Grundargötu 61 • Grundarfirði
Sími: 430 0000

Brekkustíg 39 • Njarðvík
Sími: 420 0000

Miðási 7 • Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Ármúla 23 • Reykjavík
Sími: 510 0000

Markmiðið að börnin upplifi borgina á nýjan hátt:

# Leikjanámskeiðin vinsælust

**MENNTUN** Skráningar á námskeið á vegum Íþrótta og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar (ÍTR) fara fram á Rafrænu Reykjavík í fyrsta skipti í ár. Þannig skrá foreldrar börn sín á námskeið í gegnum vef Reykjavíkurborgar.

Steingerður Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu ÍTR, segir aðsókn á námskeiðin mikla og nægt starfsfólk. „Leikjanámskeiðin fyrir börn á aldrinum sex til níu ára eru vinsælust. Við erum einnig með siglingaklúbba, smíðavelli, gæsluvelli og frístundaklúbba. Frístundaklúbbarnir eru fyrir börn á aldrinum tíu til tólf ára. Þá geta krakkarnir ráðið því sjálf hvort þau koma og hvað þau gera en það eru þó leiðbeinendur á staðnum og laus dagskrá yfir daginn.“

Steinunn segir að vel hafi gengið að koma til móts við börn með sérþarfir í gegnum tíðina. „Hvert barn er sérstakt og með ólíkar þarfir en við reynum að manna í stöður stuðningsfulltrúa sé þess óskað og yfirleitt hefur gengið vel að fá stuðningsfulltrúa fyrir þau börn sem þess þurfa.“

Steinunn segir markmið námskeiðanna að börn njóti útiveru og upplifi borgina á nýjan hátt, meðal annars með því að fara á söfn og í fjöruferðir. **- lbb**



**NÁMSKEIÐIN AÐ HEFJAST** Ýmislegt er í boði hjá ÍTR í sumar.

# Þarf að fara yfir lög um fjármál flokka

**Meint inngrip DV og Jóhannesar Jónssonar í kosningabaráttuna í vor verða tilefni til þess að farið verður yfir lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna.**

**ALÞINGI** Fara þarf yfir lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna sem sett voru á síðasta ári, að mati forsætisráðherra. Formaður Framsóknarflokksins vakti athygli á því á Alþingi í gær sem hann kallaði inngrip DV og áhrifamanns úr viðskiptalífinu inn í kosningabaráttuna í vor.

Lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna tóku gildi 1. janúar síðastliðinn, og í kjölfarið gerðu flokkar sem sæti áttu á Alþingi samkomulag um hámarksfjárhæð sem hver flokkur mátti verja í auglýsingar fyrir kosningar.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, spurði forsætisráðherra um skoðun hans á tvenns konar inngripi í kosningabaráttuna í umræðum um störf þingsins á Alþingi í gær. Annars vegar hafi þar verið um að ræða aukablað DV sem gefið hafi verið út í um 100 þúsund eintökum miðvikudag fyrir kosningar. Hins vegar heilsíðuauglýsingar Jóhannesar Jónssonar í Bónus þar sem fólk hafi verið hvatt til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn en strika yfir nafn Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra.

Hann spurði forsætisráðherra hvort hann hygðist beita sér fyrir því að lög um fjárstuðning við stjórnmálaflokka yrðu endurskoðuð í framhaldinu, en þar eru sett takmörk á fjárstyrki til stjórnmálaflokka.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði þau tilvik sem Guðni nefndi hafa komið á óvart. Hann hafi sjálfur sagt í kosningabaráttunni að færa ætti aukablað DV á reikning stjórnarandstöðunnar. Fara þurfi yfir reynsluna af lögunum, og hvernig nýta megi reynslu undanfarinna mánaða.

Bent var á við lagasetninguna að mögulega yrðu til hliðarsamtök við stjórnmálaflokkanna sem beittu sér í kosningabaráttu, sagði Geir. Þetta þurfi að skoða.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra sagði farið inn á varhugaverða braut ef einhverjir vilji hrófla við tjáningarfrelsi eða prentfrelsi. Stjórnmálamenn veiti oft pústra og lemstur, en verði á móti að geta tekið við slíku sjálfir.



**BREYTT STAÐA** Lög um fjárráð stjórnmálaflokka voru samþykkt þegar Geir H. Haarde og Guðni Ágústsson sátu í stjórn.

Það verði Guðni Ágústsson að tileinka sér, í stað þess að „væla“ undan pústrum á Alþingi.

Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, benti á að það sé ekki bara aukablað DV sem horfa þurfi til. Eins megi spyrja á hvaða reikning eigi að setja leiðaraskrif og staksteina Morgunblaðsins, eða leiðara Þorsteins Pálssonar, ritstjóra Fréttablaðsins. **brjann@frettabladid.is**

NÝTT
Bylting í meðferð á fótsveppi …
LAMISIL ONCE
– sveppasýkingarlyfið sem einungis þarf að bera á einu sinni!
Verum með fallegar tær í sumar!
FÆST ÁN LYFSEÐILS

Lamisil Once 1% húðlausn inniheldur 10 mg af terbínafíni (sem hýdróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fótsvepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbínafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útvortis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húð-meðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema brýna nauðsyn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einkenni sjáist einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir algjöra eyðingu sveppsins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausn og ertir sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

LYFJA
- Lifið heil
LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA



Brúðkaup
Brúðkaup
Brúðkaup
Brúðkaup á næstunni?
Glæsilegt úrval af hátíðarfatnaði fyrir alla sem vilja skarta sínu besta í brúðkaupinu.
Brúðkaupsgjafir
Þú þarft ekki að leita annað.
Borðbúnaður, skrautvara, búsáhöld, fyrsta flokks rúmfatnaður og margt fleira.
Brúðhjón fá gjafabréf
sem nemur 5% af keyptum vörum af brúðarlista.
Gjafalistar, gjafakort og ókeypis innpökkunarþjónusta spara þér sporin.
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!









Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur unnið að því að byggja upp og rækta úrval af garðplöntum fyrir íslenska veðráttu.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.
VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.

íslenskar garðplöntur


Fundur í Njálsgötudeilunni:

# Heimilið sé stofnun

**FÉLAGSMÁL** Tveir fulltrúar íbúa á Njálsgötu sem valdir voru á íbúafundi á mánudagskvöld sitja í dag fund í sérstökum samráðshópi borgarinnar og íbúanna vegna fyrirhugaðs heimilis fyrir heimilislausa á Njálsgötu 74.

Á fundi samráðshópsins munu fulltrúar íbúanna afhenda fundarmönnum frá Reykjavíkurborg lögfræðiálit Karls Axelssonar lögmanns um fyrirhugaða starfsemi á Njálsgötu 74. Mun það meðal annars vera niðurstaða Karls að starfsemina ber að flokka sem stofnun en ekki sem heimili. Þar með beri borgaryfirvöldum að setja málið í grenndarkynningu. - gar



**NJÁLSGATA 74** Nágrannar eru flestir mótfallnir nýju heimili fyrir heimilislausa á þessum stað.



**GRUNSAMLEGA ÓDÝRAR MJÓLKURVÖRUR?** Auglýsingar þar sem Nettó og Samkaup auglýstu mjólkurvörur frá MS, til dæmis fetaost og sýrðan rjóma, á verði sem var langt undir eðlilegu marki voru meðal þess sem kveikti grun um brot fyrirtækjanna þriggja á samkeppnislögum. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

# Búðir auglýstu grunsamlega lágt vöruverð

**Aðstoðarforstjóri MS segist nú vel vita að mjólkuriðnaður þurfi að lúta samkeppnislögum á markaði. Ýmsar ástæður fyrir húsleit, segir Samkeppniseftirlitið. Meðal þeirra eru grunsamlegar auglýsingar verslana.**

**NEYTENDUR** Magnús Ólafsson, aðstoðarforstjóri Mjólkursamsölunnar, segir að hann og aðrir forsvarsmenn fyrirtækjanna sem Samkeppniseftirlitið (SE) gerði húsleit hjá á þriðjudag, geri sér fyllilega grein fyrir því að fyrirtækin þurfi að lúta samkeppnislögum á markaði.

SE fjarlægði gögn í kassavís af skrifstofum MS, Osta- og smjörsölunnar og Auðhumlu svf. á þriðjudag. Fyrir hendi er rökstuddur grunur um brot fyrirtækjanna á samkeppnislögum.

Magnús sagði, þegar leitin stóð sem hæst, að honum þætti málið undarlegt, ekki síst í ljósi þess að mjólkuriðnaðurinn væri undanþeginn samkeppnislögum. Hann segist þá hafa átt við að samruni afurðastöðva lyti ekki lögunum.

Magnús segir einnig að í röksemdafærslunni sem fylgir dómsúrskurðinum um húsleitarheimildina, komi einungis fram að Mjólka hafi kvartað yfir viðskiptaháttum fyrirtækjanna, og að Nettó og Samkaup hafi auglýst vörur frá MS á grunsamlega lágu verði. Hann fullyrðir að MS hafi selt vörurnar fullu verði og endursöluverðið sé verslananna að svara fyrir. Hann neitar því að fleiri atriði komi fram í rökstuðningnum.



MAGNÚS ÓLAFSSON

„Ég tel mig ekki geta farið í smáatriðum út í ástæður húsleitarinnar,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE. „En við höfum verið að fylgjast með þessum markaði og það eru ýmsar samanteknar ástæður fyrir því að við förum í þessa húsleit.“

Magnús gagnrýnir jafnframt SE fyrir harkaleg vinnubrögð. „Það þarf enga húsleit í svona. Röksemdafærslan er svo þunn að hún heldur hvorki vatni né vindi og allar upplýsingar sem SE hefði þurft liggja á lausu. Það er verið að gera fyrirtækið tortryggilegt með húsleit.“

Páll Gunnar segir að eðlilega hafi verið að öllu staðið. „Það var mat okkar, sem stutt var af héraðsdómi, að það væri nauðsynlegt að fara í þessa húsleit. Um það er ekkert meira að segja.“

Páll segir að athugun á gögnunum sé hafin en vill ekkert gefa uppi um það hversu langan tíma rannsóknin mun taka.



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

stigur@frettabladid.is


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á ferskum kjúklingi!
Grísakótelettur
með kryddjurtum og
papriku 1.498 kr. kg
Heill kjúklingur
fylltur undir skinninu
1 heill kjúklingur
1½ msk. hvítlaukur saxaður
1½ msk. ferskt kóríander, saxað
½ msk. ferskt engifer, saxað
½ msk. ferskur rauður chilli, saxaður
½ dl jómfrúarolía
salt og pipar
Blandið saman öllu kryddinu og olíunni og saltið aðeins. Losið skinnið varlega frá bringunni með því að stinga hendinni undir og rífa skinnið frá. Notið svo skeið til að setja kryddmaukið undir skinnið og dreifið vel úr því. Notið svo afganginn af maukinu til að setja á fuglinn að utanverðu.
Kryddið loks með salti og pipar
MÓA KJÚKLINGUR
FERSKUR 1/1
384 kr. kg
45% afsláttur
Grillsumar Nóatúns
GOÐA TOSCANA
GRILLPYLSUR
799 kr. kg
Þú sparar
200 kr. kg
NÓATÚNS LAMBALÆRISSNEIÐAR
Í HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
1.838 kr. kg
20% afsláttur
STEINBÍTSFLÖK
Í KRYDDLEGI
598 kr. kg
Nóatún mælir með!
NÝTT!
Macchiato
MACCHIATO
KAFFIMJÓLK
113 kr. stk.
1 lítri!
Coca-Cola
Coca-Cola light
3 fyrir 2
Vilko
VILKO VÖFFLUMIX
500 G
299 kr. pk.
Ferðatannbursti fylgir með Jordan T-42!
Kaupauki!
Opið 9-21
Verði ykkur að góðu!

Sumarstemning
Canon IXUS 75
Myndavél fyrir ljósmyndafyrirsætur
7,1 milljón pixla
3" skjár
Linsa 5.8 - 17.4mm
Myndskeið (video)
Sjálfvirk myndataka
2 eða 10 sek
HANS PETERSEN
Bankastræti · Fjörður · Kringlan · Laugavegur 178 · Smáralind



Engin ákvörðun um öryggis- og greiningarþjónustu segir dómsmálaráðherra:

# Greiningardeild RLS ekki breytt

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Ekki kemur til greina að breyta starfsemi greiningardeildar ríkislögreglustjóra (RLS) þannig að hún fái heimildir til rannsókna þó rökstuddur grunur um afbrot sé ekki fyrir hendi, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

Björn segir spurninguna frekar snúast um hvort stofna eigi öryggis- og greiningarþjónustu innan lögreglunnar með heimildum til slíkra rannsókna. „Ég hef kannað þetta mál, en hef ekki tekið ákvörðun um framhald þess,“ segir Björn í tölvupósti til blaðamanns, en hann féllst ekki á að veita viðtal.



BJÖRN BJARNASON

Spurður hvort þörf sé á því að stofna þjóðaröryggisdeild hérlendis, sem hefði hlutverk sambærilegt við öryggisþjónustur erlendra ríkja, segir Björn að hér sé þörf á því að vera varðbergi gagnvart hættum, en hversu langt menn vilji ganga í því að veita lögreglu slíkar heimildir ráðist af vilja Alþingis. Þar hafi komið fram að ekki verði gengið lengra á þessari braut án þess að koma á fót eiginlegri öryggis- og greiningarþjónustu lögreglu hérlendis. Björn segist þeirrar skoðunar að öryggis- og greiningarþjónusta eigi að vera hluti lögreglu, en ekki sérstök stofnun. Ef um yrði að ræða deild innan lögreglu þyrfti hún að hafa svipaðar heimildir og lögregla hefur nú, utan við að deildin yrði að geta hafið rannsókn máls án þess að rökstuddur grunur lægi fyrir um afbrot.

Að mati starfshóps um öryggismál er vænlegast að eftirlitsnefnd skipuð af Alþingi annist eftirlit með slíkri öryggis- og greiningarþjónustu, og segir Björn það fyllilega raunhæft að slíkur háttur verði hafður á. **- bj**

Foreldrar, verum samtaka!
– Vitum hvar börnin okkar eru og með hverjum
– Virðum útivistartímann
– Kaupum ekki áfengi fyrir yngri en 20 ára
– Setjum tímamörk á tölvunotkun
– Leyfum ekki eftirlitslaus partý eða útilegur
SAMAN
www.samanhopurinn.is

Glitnir heitir á viðskiptavini og starfsmenn sem hlaupa:

# Forstjórinn hleypur 10 kílómetra

**ÚTIVIST** Skráning er hafin í Reykjavíkurmaraþon Glitnis en kjörorð hlaupsins í ár er Allir sigra! Reykjavíkurmaraþonið verður haldið laugardaginn 18. ágúst og er 24. hlaupið frá upphafi.

Glitnir heitir í fyrsta skipti á viðskiptavini sína sem taka þátt í hlaupinu og greiðir 500 krónur til góðgerðarmála fyrir hvern kílómetra sem hlaupinn er og 3.000 krónur fyrir hvern kílómetra sem starfsmaður Glitnis hleypur.

Lárus Welding, forstjóri Glitnis, segist sjálfur ætla að hlaupa tíu kílómetra í maraþoninu. „Ég hef ekki hlaupið heilt maraþon áður en ég hef þó verið nokkuð virkur í íþróttum og hef hlaupið tíu kílómetra þannig að ég ætti að geta þetta,“ segir Lárus og bætir við að mikilvægasta markmiðið með hlaupinu sé aðallega tvíþætt. „Með hlaupinu erum við að styrkja gott málefni og bjóðum viðskiptavinum okkar að gera hið sama. Um leið samtvinnum við það við persónuleg markmið hvers og eins um að halda sér í formi og hugsa vel um heilsuna,“ segir Lárus.



**REYKJAVÍKURMARAÞON KYNNT** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Lárus Welding, forstjóri Glitnis, kynntu hlaupið á blaðamannfundi í gær.

Í fyrra komu um átta hundruð erlendir gestir í hlaupið. Í ár er von á jafnmörgum ef ekki fleirum til landsins í tilefni af hlaupinu. **- lbb**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA
MITSUBISHI MOTORS
100% lán af völdum bílum*
Gott úrval Pajero Sport á frábærum kjörum
Nýlegir og góðir eldri Pajero Sport jeppar
á verði frá aðeins 1.190.000 kr.
Dráttarbeisli og sumar- og vetrardekk fylgja öllum Pajero Sport jeppum
Notaðir bílar í toppstandi!
* Miðað við 100% lán frá SP Fjármögnun.



HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Opið á Klettháls 11
mánudaga til föstudaga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Saman-hópurinn kynnti verkefni sumarsins:

# Verjið tíma með börnunum

**FORVARNIR**, Nauðsynlegt er að foreldrar eyði sem mestum tíma með börnum sínum og viti hvað þau taka sér fyrir hendur. Þetta er meðal þess sem kom fram þegar SAMAN-hópurinn, samstarfshópur um forvarnir, kynnti þema sumarsins: Fjölskyldan saman með börnin í fókus. Bergþóra Valsdóttir kom fram fyrir hönd hópsins og kynnti nýja auglýsingaherferð þar sem foreldrar eru hvattir til samverustunda með börnunum, þær séu besta forvörnin.

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra mætti á fundinn og lýsti yfir ánægju sinni með verkefnið. Hann sagði að svona forvarnarstarfsemi, samvinna með foreldrum, væri eina leiðin til árangurs. Guðlaugur tók einnig undir orð hópsins um að samverustund með börnunum væri mikilvægust af öllu. Foreldrar þyrftu að forgangsraða tíma sínum.

SAMAN-hópurinn var stofnaður í upphafi árs 2000. Í honum eru fulltrúar rúmlega 20 félagasamtaka og opinberra samtaka um allt land. SAMAN-hópurinn hlaut Íslensku lýðheilsuverðlaunin fyrr á þessu ári. -aví



**TÓKU LAGIÐ** Þórunn Björnsdóttir kórstjóri og Skólakór Kársnes tóku lagið fyrir fundargesti. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA






**SÆL FJÖLSKYLDA** Kjartan Lárusson og Katrín Harðardóttir hjá Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi afhentu Lindu og börnum hennar flugmiðana á Akureyrarflugvelli í gær.

Beint flug frá Akureyri:

## Fjölskylda fékk ferð að gjöf

**SAMGÖNGUR Beint flug Iceland Express milli Akureyrar og Kaupmannahafnar er hafið á ný. Fjölskylda frá Akureyri, Linda Björk Ómarsdóttir og börn hennar tvö, Ástrós Harpa og Ómar Snær, fékk að gjöf þriggja daga ferð til Kaupmannahafnar með fyrstu vélinni.**

**Gjöfin er liður í samstarfi Iceland Express og ADHD-samtakanna, stuðningssamtaka fjölskyldna barna og unglinga með athyglisbrest og ofvirkni, en Ómar Snær er ofvirkur.**

**Börnin voru himinlifandi enda bæði að fara til útlanda í fyrsta skipti. Að sögn Lindu var þrennt sem þau óskuðu sér: að sjá fíl, búa til bangsa í Tívolíinu og kaupa AC Milan búning.**

**Flogið verður milli Akureyrar og Kaupmannahafnar tvisvar í viku, á mánudögum og miðvikudögum, til ágústloka. - þo**

Veðrið í maímánuði:

## Kaldara en í meðalári

**VEÐUR** Nýliðinn maímánuður var fremur kaldari en í meðalári. Meðalhiti í Reykjavík var 6 stig sem er 0,3 gráðum undir meðallagi. Á Akureyri var meðalhitinn 4,5 stig sem er einni gráðu undir meðallagi.

Fyrstu daga mánaðarins var hlýtt um allt land en svo kólnaði snögglega og snjóaði víða um land. Sólríkt var um landið sunnanvert og voru sólskinsstundir í Reykjavík fleiri en í meðalári. Á Akureyri voru sólskinsstundirnar 125 sem er 50 stundum undir meðallagi.

Hæst fór hitinn í 20,7 stig á Hallormsstað 1. maí. en lægstur hiti í byggð mældist 8 gráðu frost á Þingvöllum hinn 14. maí. - þo



Fjölbreytt störf
í framsækinni atvinnugrein

Íslenskur sjávarútvegur er öflugur og framsækinn. Hann er í fremstu röð í heiminum og sóst er eftir sjávarafurðum, þekkingu og þjónustu frá Íslandi.

Skipstjórnar- og vélstjórnarnám í Fjöltækniskólanum, er fjölbreytt nám sem veitir aðgang að vel launuðum störfum, bæði á sjó og í landi.

Kynntu þér skipstjórnar- og vélstjórnarnám hjá **Fjöltækniskólanum á www.fti.is. Umsóknarfrestur rennur út 10. júní n.k.**

Við bjóðum einnig nám í flugstjórn til atvinnuflugs og nám á náttúrufræðibraut, skipstækni, véltækni, raftækni og flugtækni og Diploma nám á háskólastigi.

FJÖLTÆKNISKÓLI ÍSLANDS
TÆKNI VÉLAR SIGLINGAR ÚTVEGUR

# SUMAR

## Sjóðandi heit tilboð á



## GIGABYTE
### 8600GT SKJÁKORT

Það nýjasta í skjákortum í dag!
Ofur öflugt GeForce 8 8600GT skjákort með Silent Pipe2 kælitækni sem skilar kortinu 100% hljóðlausu en tekur þó bara 1 PCI Express 16X rauf.

- GIGABYTE GeForce 8 8600GT
- 256MB GDDR3 skjáminni
- 1400MHz ofur hraðvirkt minni
- Ótrúleg myndgæði með DX10
- HDTV, SVHS, RCA ofl tengi
- 2xDUAL-link DVI tengi

**16.900**



## GIGABYTE
### TRITON #2 TÖLVUTILBOÐ

- Intel Core 2 Duo E6420 - 4MB
- 2GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 18xDVD SuperMulti skrifari
- 256MB 8600GT skjákort Silent2
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- Gigabit netkort, 8xUSB2, ofl.
- Windows VISTA Home Premium

**99.900**
VE12 9.464 Á MÁN | VE lán í 12 mánuði



## 320GB
### SPECIAL EDITION 16MB

Sarotech abigs margmiðlunarspilari með fjarstýringu, les og spilar flest alla staðla fyrir mynd og hljóð

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Glæsileg og falleg hönnun

**23.900**
14.900 án harðdisks



## ACER 9302
### FERÐATÖLVA Á SUMARTILBOÐI

- AMD Turion 64 MK38 - 2.2GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 80GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB GeForce Go 6100 TC384
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**79.900**
VE12 7.570 Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI



## ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum hvort sem er stórum eða smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning og viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

**2.990**
HVER HAFIN KLUKKUSTUND



## 1GB OCZ MINNISLYKILL

Lokast inn í sjálfan sig þannig að það er ekkert lok til að týna, er líka handhæg lyklakippa.

**1.990**



## OCZ LEIKJAMÚS

BESTA leikjamúsin á markaðinum í dag, allt að 2500dpi, 7080FPS, forritanlegir hnappar.

**4.990**



## HD201 HEYRNATÓL

Hágæða Sennheiser lokuð heyrnartól með Dynamic Stereo Hi-fi tækni og gull-húðuðum tengjum

**1.990**



## 22" WIDESCEEN LCD SKJÁR

100% PIXLAR

22" WideScreen LCD skjár með 700:1 skerpu og 5ms viðbragðstíma fyrir leikina, 1680x1050 WideScreen upplausn

**29.900**



## Uppfærsla 2

- AM2 A64 Dual Core X2 3800+
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 512MB Radeon X1200 skjást.
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 6xUSB2
- 100% GIGABYTE gæði í gegn

**19.900**
VE6 3.648 Á MÁN | VE lán í 6 mánuði

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Öll verð og upplýsingar birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl.


TILBOÐ
tölvum og tölvubúnaði
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
512MB
FARTÖLVUMINNI
1.990
512MB DDR2 FARTÖLVUMINNI
10 STK
16X DVD DISKAR
790
Pleomax 16x DVD +R frá Samsung
SUMARTILBOÐ
Á GEISLADISKUM
Nú er tilvalið að birgja sig upp af geisladiskum. Sjóðheit sumartilboð á hágæða geisladiskum frá Pleomax og Verbatim, frábært úrval
GIGA POD
320GB
GIGAPOD HÝSING
9.990
GigaPod320 hýsing með 320GB WD harðdisk
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



**HLÉBARÐI** Þúsundir hlébarða búa í skógum Indlands, sumir þeirra of nærri mannabyggðum. Yfirvöld hafa brugðið á það ráð að nota farsíma til að lokka dýrin í gildrur. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan hefur ekki bolmagn til að sinna rannsókn á höfundarréttarbrotum:

# Tæknideildina þarf að efla

**TÆKNI** Lögreglan er ekki í stakk búin til að rannsaka höfundarréttarbrot á netinu á viðunandi hátt. Fjármagn sem veitt er til tæknideilda nægir ekki til að rannsaka allt það sem ætti að rannsaka.

Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hefur rannsakað mál sem tengist skráaskiptaforritinu DC++ síðan í lok árs 2004. Nú fyrst hillir undir lok rannsóknarinnar, tveimur og hálfu ári síðar.

„Það er auðvelt að spyrja af hverju við rannsökum ekki þetta og hitt, en þessi mál eru flókin og þurfa mannskap," segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra. „Ef við ætlum að sinna þessari tegund mála sérstaklega hjá Ríkislögreglustjóra þarf að byggja upp betri tæknideild."



**SEINLEG RANNSÓKN** Í lok árs 2004 gerði lögreglan tölvur tólf manna upptækar vegna gruns um brot á höfundaréttarlögum. Rannsóknin stendur ennþá yfir.

Vinsælasta skráaskiptasvæðið á Íslandi í dag er IsTorrent, en þar skiptast þúsundir Íslendinga á höfundaréttarvörðum lögum, kvikmyndum, leikjum og forritum.

Helgi vildi ekki segja hvort Ríkislögreglustjóri væri að rannsaka IsTorrent, en útilokaði það ekki. „Það þarf að rífa upp hugarfarið og gera umræðu um þessi mál að uppeldisþætti. „Að þessu leyti virðast Íslendingar bera minni virðingu fyrir lögum en nágrannaþjóðirnar." - sþs

Alcoa rær á ný mið:

# Byggja álver á Grænlandi

**NOREGUR, AP** Norsk Hydro staðfesti í gær að fyrirtækið ætlaði ekki að reisa vatnsaflsvirkjun og álver á Grænlandi.

Norsk Hydro hafði handsalað samning við heimastjórn Grænlands um rannsóknir og undirbúning. Heimastjórnin ákvað hins vegar að slíta samstarfi við fyrirtækið og hefja samstarf við Alcoa um byggingu 340 þúsund tonna álvers. Raforkuþörf slíks álvers er 500 megavött að lágmarki.

Álver Alcoa á Grænlandi yrði svipað að stærð og álver fyrirtækisins í Reyðarfirði. -sgj

Forseti Íran:

# Segir of seint að stoppa

**ÍRAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, sagði í gær að það væri of seint að stöðva kjarnorkuáætlun Írans.



**MAHMOUD AHMADINEJAD**

„Íran er komið fram hjá þeim stað sem þeir vilja að við stoppum," sagði forsetinn á blaðamannafundi.

Forsetinn varaði jafnframt Bandaríkjastjórn og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna við að herða efnahagsþvinganir gegn Íran. „Við ráðleggjum þeim að sleppa þrjósku og barnalegum leikjum."

Ahmadinejad ræddi einnig um öldina í Írak. „Við erum tilbúnir til að hjálpa íraska fólkinu. Við getum tjaldað öllu til." -sgj

Hjónabönd vara skemur:

# Fleiri skilja í Finnlandi

**FINNLAND** Skilnuðum fjölgar sífellt í Finnlandi og hjónaböndin eru styttri. Ný gögn sýna að helmingur hjónabanda endar með skilnaði og skilnaðir eiga sér stað fyrr en áður, eftir ellefu ár að meðaltali, en um síðustu aldamót stóðu hjónabönd að meðaltali í tólf ár. Þetta kemur fram í vefútgáfu Helsingin Sanomat.

Tíðni hjónaskilnaða hefur líka aukist. Á sjöunda áratugnum endaði þriðjungur hjónabanda með skilnaði og á áttunda áratugnum var hlutfallið meira en fjörutíu prósent. - ghs

# Davíð kveður vélmennið Golíat með sárum söknuði

**Davíð Scheving Thorsteinsson stofnaði Sólarverksmiðjuna við Þverholt. Hann flutti svo inn Golíat sér til hjálpar, fyrsta og stærsta vélmenni Íslandssögunnar. Nú er verið að rífa Sólina hans Davíðs og Golíat gamli verður seldur í brotajárn. Risann vantaði aldrei í vinnu og ekki þarfnaðist hann viðhaldsins.**

**FRAMKVÆMDIR** „Er í alvöru verið að rífa niður rekkana? Hann Víglundur vildi kaupa þá fyrir margar milljónir!" segir Davíð Scheving Thorsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri og eigandi Sólar hf.

Rekkarnir umræddu eru átta hæða lagergeymsla úr járni sem SR-verktakar eru í óða önn að rífa niður við Þverholt. Þeir voru kæligeymsla Sólarverksmiðjunnar frægu, sem Davíð rak í tæp 45 ár og framleiddi meðal annars Svala og Trópí. Þar eiga nú að rísa íbúðir fyrir námsmenn og Davíð segir það tímanna tákn.

„Hér var Ölgerðin, þarna var Garnastöðin, Pípugerðin, ÍSAGA og svo var Vinnufatagerðin hér," segir hann og bendir yfir svæðið. Margt hefur breyst síðan 1951, þegar Davíð hóf hér störf.

„Þegar ég kom voru þetta samtals 320 fermetrar en þegar ég fór voru þeir 10.000," segir hann stoltur í bragði.

Fyrirtækið óx stöðugt og á blómskeiði þess störfuðu þar um 300 manns og seldu milljón Svala á mánuði.

Davíð er hingað kominn til að kveðja Golíat, risavaxinn lyftara sem var fluttur til landsins árið 1980. Golíat var fyrsta og líklega stærsta vélmenni sem flutt hefur verið til Íslands.

Risinn tók við vörubrettum gegnum lítið op og kom þeim fyrir í kæligeymslunni. Starfsmennirnir sjálfir vissu ekki hvar



**BREYTTIR TÍMAR** Til hægri við Davíð stendur Sigurjón Halldórsson, eigandi SR-verktaka, og skoðar gamlar Soda-Stream flöskur á gólfinu. Í myrkrinu inni á milli rekkanna á bak við glittir í Golíat. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vörurnar voru geymdar, þeir spurðu bara Golíat. Þetta þótti afar fullkomin tækni. „Hornrétt hnitakerfi, eins og það heitir á fagmáli," segir Davíð sposkur á svip.

„í gegnum Golíat hafa farið vörur eins og Trópí, Svali, Ljómi, Sólblóma, Seltzer og vatn fyrir tugmilljarða króna. Aldrei bilaði hann!" segir Davíð.

„Allir sem hafa rekið bissness vita hvílíkt viðhald lyftarar þurfa, en þarna þurfti aldrei neitt," segir Davíð, sem undrast mjög að sama tækni hafi ekki verið innleidd í öll frystihús á Íslandi. „Þarna var líka notuð innlend orka í stað olíu arabanna," segir hann og kveður.

klemens@frettabladid.is




Þinn stökkpallur
að **námi** loknu
90% íbúðalán við kaup á fyrstu íbúð
Námslokalán
Áframhaldandi námsmannakjör í 1 ár
Sérkjör á bílafjármögnun
Frítt kreditkort fyrsta árið
15.000 króna inneign á VISA kreditkort
Þegar námi lýkur taka við spennandi tímar. Sparisjóðurinn býður þeim sem lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu námi, og eru að koma undir sig fótunum, þjónustu sem er sérsniðin að þeirra þörfum. Farðu inn á **spar.is** eða komdu til okkar í næsta sparisjóð og kynntu þér kosti þjónustunnar – reiknum dæmið saman.
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

## „ORÐRÉTT“

*Löggan velkomin á súlustað*

**„Ég hef ekkert að fela. Ég býð lögregluna bara velkomna hingað þegar hún vill.“**

ÁSGEIR ÞÓR DAVÍÐSSON, BETUR ÞEKKTUR SEM GEIRI Á GOLDFINGER, ÓTTAST EKKI RANNSÓKN LÖGREGLUNNAR Á STARFSEMI STAÐARINS.

Fréttablaðið 6. júní.

*Sálarlaus flokkur*

**„Með myndun Samfylkingarinnar varð til sálarlaus hentistefnuflokkur.“**

JÓN MAGNÚSSON, ÞINGMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS, ER EKKI ÝKJA HRIFINN AF SAMFYLKINGUNNI.

Blaðið 6. júní.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGI PÉTURSSON KYNNINGARSTJÓRI OR

## *Með Ríó tríó á sinfóníutónleika*



„Það er helst að frétta að Orkuveita Reykjavíkur var að opna nýjan fræðsluvef um orku og nýtingu á vatni,“ segir Helgi Pétursson, kynningarstjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur og söngvari með meiru. „Þessi vefur hefur verið lengi í undirbúningi og við erum ánægð með hvernig til hefur tekist og móttökurnar. Þetta er fróðleikur sem við vildum leggja samfélaginu til og það er vel tekið í þetta.“

Helgi fór að stunda golf á seinni árum og er búinn að fara á eitt golfnámskeið. „Ég er bara á upphafspunkti, er ekki með neina forgjöf eða neitt. En það stendur allt til bóta og ég kemst vonandi oft á völlinn í sumar.“

Þeir félagar í Ríó tríó, Helgi, Ágúst og Ólafur, bardúsa mikið saman og ætla saman á tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld. Spurður hvort það sé til marks um að Ríó tríó sé að færa sig inn á klassískar slóðir segir Helgi það ekki algalna hugmynd. „Það er nú í tísku að poppsveitir gefi út plötur með Sinfóníuhljómsveitinni. Mér líst alls ekki illa á Ríó og Sinfóníuna.“

## STRÆTISVAGNAR:
### ÁTTU AÐ KOMA BORGARBÚUM Í BAÐ

■ Fyrsti almenningsvagninn var rekinn af eiganda heitra baða fyrir utan bæinn Nantes í Frakklandi og átti að flytja viðskiptavini úr miðbænum í böðin. Það var árið 1826. Eigandi vagnsins veitti því fljótlega athygli að margir farþegar höfðu meiri áhuga á því að fá far hluta leiðarinnar með vagninum en að baða sig. Hlutverki vagnsins var því breytt og til varð leiðakerfi. Rúmri öld síðar, var hlutafélagið Strætisvagnar Reykjavíkur stofnað, eða árið 1931.



## SJÓNARHÓLL
### LÆGRI TÍÐNI STRÆTÓFERÐA

## *Vítahringur ömurleika*



**SNORRI HELGASON**
Gítarleikari Sprengjuhallarinnar

„Ég tek strætó á hverjum degi þannig að ég hef mjög sterkar skoðanir á þessu,“ segir Snorri Helgason, gítarleikari Sprengjuhallarinnar. „Þetta er eins og vítahringur, strætókerfið er lélegt af því að enginn tekur strætó og enginn tekur strætó af því að kerfið er svo lélegt. Í raun og veru þurfa þeir að fækka ferðum því að enginn nennir að vinna þarna. Þetta er í raun ömurlegt. Strætó er rekinn á bullandi tapi, sem er náttúrlega fáránlegt. Það þarf að auka opinbera styrki. Kannski mætti hafa strætó ókeypis eins og á Akureyri, kannski mundi það bjarga þessu, eða jafnvel gera endanlega út um kerfið. Mér finnst annars ógeðslega leiðinlegt í strætó. Ég þoli það ekki. Það er bara of dýrt að eiga bíl, ég er ekki farinn að græða nóg á tónlistinni.“

# Ljósið hressir upp á sálarlífið

**Ungliðahópur Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra, hittist reglulega sér til sálubótar, borðar saman í hádeginu og spjallar.**



**KAFFISOPINN DRUKKINN** Sigurlín, Sigurlaug, Dagbjört Rut, Rakel, Magnús og Erna fengu sér vatn og kaffi eftir matinn en Þórhildur þurfti að mæta í geisla áður en ljósmyndarinn kom. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í innri sal Hornsins við Hafnarstræti situr glaðlegt ungt fólk úti við gluggann með pitsur og kók. Þar er ungliðahópur úr Ljósinu að borða saman í fimmta skipti og stemningin er góð. „Við hittumst oft í Ljósinu en ákváðum að fara aðeins út fyrir þá veggi eins og við gerum með starfsemina okkar að hluta. Til dæmis erum við með líkamsrækt í Hreyfingu tvisvar í viku,“ útskýrir Erna Magnúsdóttir, iðjuþjálfi og forstöðumaður Ljóssins. Ásamt henni eru sex manns við borðið sem hafa greinst með krabbamein en eru á mismunandi stigi, sum komin yfir það og önnur að kljást við það núna. Öll segja þessar samverustundir hafa mikið gildi. „Maður bíður eftir fimmtudeginum til að komast út og hitta liðið,“ segir Rakel Þórisdóttir brosandi. „Það er svo gott að geta talað við fólk með svipaða reynslu.“ Sigurlaug Pálsdóttir tekur undir það. „Maður verður svolítið sérstakur með sínar tilfinningar þegar þessi staða er komin upp í lífinu og ekki hægt að ætlast til að allir skilji mann fyllilega.“ Þau taka samt fram að margt fleira beri á góma en vandamálin og krabbameinið. „Við tölum líka um daginn og veginn, sumarið og fríið. Við erum bara venjuleg og reynum að lifa eðlilegu lífi.“

Ljósið er með virka starfsemi í safnaðarheimili Neskirkju alla daga. Ungliðahópurinn mætir þar líka í handverk, jóga og ýmislegt sem í boði er og tekur gjarnan börnin með. „Þegar ég sá bækling frá Ljósinu hugsaði ég strax. Þarna er eitthvað til að hressa upp á sálarlífið og róa mig og börnin,“ segir Dagbjört Rut. Sigurlín Jónsdóttir er nýlega greind og kveðst hafa þurft að leita eitthvert eftir skilningi og upplýsingum. „Enginn í fjölskyldunni hafði fengið krabbamein áður né nokkur sem ég þekkti og ég hafði alltaf verið fullfrísk.“ Hún er byrjuð á lyfjum og hárið er að þynnast. Eðlilega spáir hún í hvort hún missi það allt eða ekki. „Ég er að breyta um lyf og þá liggur hárið kannski á koddanum einn morguninn. Það verður áfall en mér finnst gott að tala við Þórhildi, sem er búin að ganga í gegnum þetta og byrjuð að fá hárið aftur.“

Magnús Steinarsson er eini herrann í hópnum þennan dag. Hann nefnir að á spítalanum sé einkum hugsað um líkamann en minna um andlegu hliðina. „Það er gott að komast í svona félagsskap, geta spjallað og verið maður sjálfur,“ segir hann. Flest eru sammála um að andlegan stuðning skorti þegar sjúkdómsgreiningin liggi fyrir. Þórhildur Kristjánsdóttir kveðst þó hafa fengið upplýsingar um ýmislegt sem í boði væri fyrir hana þegar hún var í meðferðinni. „Þá var ástand mitt þannig að mér fannst ég ekki geta farið í neitt. Svo breytist það smám saman,“ segir hún. „Já,“ segir Magnús. „Í meðferðinni hefur hver nóg með sjálfan sig og skortir allt frumkvæði. Þess vegna þarf einhverja til að ýta manni út í aðra hluti.“

Í sumar ætlar ungliðahópur Ljóssins að borða saman fyrsta fimmtudag hvers mánaðar og svo vikulega eftir 1. september að sögn Ernu iðjuþjálfa. „Í haust ætlum við svo að brydda upp á nýjungum,“ segir hún. „Þá munum við stundum hittast í heimahúsum og elda eitthvað hollt og gott saman.“

Upplýsingar eru að finna á ljosid.org

gun@frettabladid.is

# Blokkflautuspil og barnasöngur



**EINBEITT** Yngstu krakkarnir hafa verið í blokkflautukennslu hjá Guðmundi Norðdahl tónlistarkennara.

Yngstu börnin í Fossvogsskóla efna til tónleika í Bústaðakirkju í dag. Krakkarnir eru á aldrinum sex til átta ára og hafa í vetur verið í blokkflautukennslu hjá Guðmundi Norðdahl tónlistarkennara.

Guðmundur, sem hefur áralanga reynslu af tónmenntakennslu, segir að efnisskrá tónleikanna sé fjölbreytt. „Börnin munu syngja og leika ýmsa tónlist og þau eru búin að æfa sig vel,“ segir hann og bætir því við að sum verkin á tónleikunum séu yfirleitt flutt af eldri nemendum og því hafi börnin verið að takast á við krefjandi verkefni.

Blokkflautukennsla hjá Guðmundi hefur verið val fyrir börn í sex ára bekk Fossvogsskóla undanfarna þrjá vetur. Elstu börnin sem koma fram á tónleikunum byrjuðu hjá Guðmundi sex ára og eru því orðin nokkuð sjóuð.

Guðmundur segir að það sé alltaf jafn gaman að kenna börnum. „Þau hafa verið mjög dugleg. Þetta er fyrst og fremst hópkennsla hjá mér og ég vinn með námsefni sem ég hef sjálfur útbúið,“ segir Guðmundur.

Tónleikarnir hefjast kl. 17.30.


**Félag kvenna í Frjálslynda flokknum býður konum í sumarferð laugardaginn 9. júní 2007.**

Heimsókn til þingmanns á Suðurnesjum.
Brottför frá Umferðarmiðstöðinni Kl. 13.00.

Förum á Reykjanesið, skoðum Hvalsneskirkju, Byggðasafnið Garði og Fræðasetrið Sandgerði

kl. 19.00 Glæsileg grillveisla í Vitanum með þingflokki Frjálslynda flokksins, harmonikkutónlist og óvæntum gesti.

kl. 22.00 Haldið heim á leið.

*Fararstjóri er Grétar Mar Jónsson þingmaður Frjálslynda flokksins. Þátttaka tilkynnist í símum 897 1016 & 845 1659. Konur fjölmennum.*

**Stjórnin.**




Jóna Jónsdóttir hefur mætt í sund á hverjum morgni í 15 ár. Fyrst syndir hún 200 m og mýkir síðan vöðvana í góðum félagsskap í heita pottinum. Síminn og SSÍ óska Jónu til hamingju með frábært úthald.

Frítt í flestar laugar um land allt. Nánari upplýsingar á **www.siminn.is**

Síminn

## Svona erum við

> Hlutfall barna úr hjónabandi sem fara undir forsjá móður sinnar við lögskilnað




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FORKOSNINGAR UM FORSETAFRAMBJÓÐANDA REPÚBLIKANA

# *Vilja fara í kapphlaupið um Hvíta húsið*

Landsfundur Repúblikanaflokksins verður haldinn í Minneapolis/St. Paul í byrjun september. Á fundinum kjósa landsfundarfulltrúar frambjóðanda flokksins í forsetakosningunum sem fram fara haustið 2008.

**Af hverju er kosið?**
Núverandi forseti Bandaríkjanna, George W. Bush, hefur setið í tvö kjörtímabil og má því ekki sitja lengur. Varaforsetinn Dick Cheney sækist ekki eftir útnefningu. Það er í fyrsta sinn síðan 1952 sem ráðandi flokkur býður ekki fram sitjandi forseta eða varaforseta. Frambjóðendurnir hafa gagnrýnt stefnu núverandi ríkisstjórnar, enda nýtur Bush lítils fylgis.

**Hverjir eru sigurstranglegastir?**
Rudy Giuiliani, fyrrverandi borgarstjóri New York, og John McCain öldungadeildarþingmaður þykja sigurstranglegustu



frambjóðendurnir. Giuiliani er með frjálslyndari frambjóðendum, fylgjandi fóstureyðingum, hjúskap samkynhneigðra og hertri löggjöf um vopnaeign. McCain þykir íhaldssamari, en hann er mikill stuðningsmaður Íraksstríðsins og baráttunnar gegn hryðjuverkum. Hann yrði elsti forseti Bandaríkjanna frá upphafi, næði hann kjöri.

**Hverjir aðrir eru í framboði?**
Mormóninn Mitt Romney, öldungadeildarþingmaðurinn Sam Brownback og Mike Huckabee, fyrrverandi ríkisstjóri Arkansas, njóta allir mikils fylgis innan flokksins. Leikarinn Fred Thompson, sem flestir þekkja úr sjónvarpsþáttunum Law & Order, íhugar einnig framboð. Alls heyja tíu frambjóðendur kosningabaráttu á landsvísu.

**SPURT & SVARAÐ**
**HUGBÚNAÐARSTULDUR**

## *Notum meira af hugbúnaði*

Ísland er í öðru sæti yfir þjóðir sem hafa hæsta hlutfall stolins hugbúnaðar í tölvum sínum. Hlutfallið er 53 prósent. Heimsmeðaltalið er 35 prósent. Halldór Jörgensson er framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.



**HALLDÓR JÖRGENSSON** Framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.

**Hvað veldur þessu háa hlutfalli á Íslandi?** Bæði menningarleg og söguleg sjónarmið spila inn í. Þjóðin hefur gríðarlega sjálfsbjargarviðleitni. Íslendingar veigra sér ekki við að skiptast á hugbúnaði sem er varinn höfundarrétti. Hins vegar þokumst við í rétta átt. Hlutfallið hefur lækkað um fjögur prósent sem er mesta lækkun í Vestur-Evrópu.

**Hvað þarf að gera til að þjóðin verði í sambærilegum hlutföllum og hin Norðurlöndin?** Almenn fræðsla og hugarfarsbreyting. Það er ekki í lagi að stela hugbúnaði sem er varinn höfundarrétti. Framkvæmdarvald og dómsvald hafa líka ekki sinnt þessum málum nógu vel. Fá ef nokkur mál er varða hugbúnaðarþjófnað hafa farið fyrir dóm.


## Ert þú efni í afreksíþróttamann?
## Viltu verða meðal þeirra bestu?

Þá er nám í afreksíþróttum í FB eitthvað fyrir þig.



Frá haustönn 2007 verður skipulagt nám fyrir afreksíþróttafólk framtíðarinnar í handknattleik, knattspyrnu og körfuknattleik í boði við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.
Kjörið tækifæri fyrir afreksíþróttafólk að tengja saman nám og íþróttir.
Nemendurnir munu fá þrjár æfingar á viku á skólatíma undir stjórn frábærra þjálfara.
Eingöngu verður um einstaklingsþjálfun að ræða, en þú munt æfa áfram og keppa með þínu íþróttafélögi.

Afreksíþróttanemendur geta stundað nám á öllum brautum skólans.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

www.fb.is


# Orkusöluverð loksins opinbert

**Söluverð á raforku til álfyrirtækis hefur loksins verið gert opinbert. Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, staðfesti að verðið er rétt um tvær krónur á kílóvattstund. Ýmsir möguleikar eru enn ókannaðir, segir Dagur B. Eggertsson.**




Orkuveitan framleiðir orkuna sem fyrirhugað álver í Helguvík þarf á að halda í Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun. Það eru því fyrst og fremst jarðvarmavirkjanir sem sjá álverinu fyrir orku.

Orkuveita Reykjavíkur hefur skuldbundið sig til þess að útvega Norðuráli 100 megavött af raforku í 25 ár frá áramótum 2010-2011 vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík. Þar með er búið að tryggja næga orku fyrir álver í Helguvík en Hitaveita Suðurnesja gekk frá orkusölusamningi fyrr á þessu ári sem tryggir fyrirtækinu 60 prósent af orkunni en Orkuveitan útvegar 40 prósent.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, lét hafa eftir sér í Fréttablaðinu í gær að söluverðmæti orkunnar á samningstímanum næmi á fjórða tug milljarða króna. Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði hann rúmlega fjörutíu milljarða vera nær lagi, og líklega væri 41,5 milljarður það rétta, að teknu tilliti til allra þátta. Guðmundur staðfesti síðan einnig að nýtingartími orkunnar, það er hversu hátt hlutfall orkunnar er í sölu á ári, væri um 95 prósent en til samanburðar hefur Landsvirkjun gefið það upp að hlutfall hjá þeim sé um 90 prósent í stóriðjusamningum.

**Helmingi lægra verð**
Þetta gefur færi á því að reikna út verð á raforkunni til stóriðju í fyrsta skipti nokkuð nákvæmlega og á þeim forsendum geta menn séð hvort verðið er lágt eða hátt í samanburði við kjör sem bjóðast öðrum. Í því samhengi þarf að hafa í huga að eðlilegt er að álfyrirtækin fái magnafslátt á kaupunum, vegna stærðar sinnar, og því hvílir samanburður á raforkuverðinu alltaf á þeim forsendum.

Verðið á kílóvattstund nemur rétt rúmum tveimur krónum eða rúmlega 2.000 krónum á megavattstund. Þetta er rétt tæplega helmingi lægra en grænmetisbændur greiða fyrir orkuna að meðaltali en með flutningskostnaði, sem einnig er inni í orkuverði Orkuveitunnar til Norðuráls, er verðið, sem grænmetisbændur greiða, um fjórar krónur á kílóvattstund.

Svandís Svavarsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna, í stjórn Landsvirkjunar vék af fundi þegar verðið var til umræðu og sagðist vilja sitja við sama borð og aðrir landsmenn, en orkuverði opinberra fyrirtækja til stóriðju hefur til þessa verið haldið leyndu fyrir almenningi á grundvelli þess að um samkeppnisupplýsingar sé að ræða. „Orkuveita Reykjavíkur starfar samkvæmt hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar sem kallar á heildstæða nálgun hvers verkefnis sem ráðist er í. Með því er átt við að fyrir liggi með skýrum hætti hversu stórt álver er fyrirhugað að reisa, á hvaða svæði nákvæmlega er fyrirhugað að sækja orkuna, orkuverðið sé kunnugt almenningi og að fyrir liggi heildstæð áætlun um verkið og áhrif þess á umhverfi, samfélag og efnahag,“ segir í bókun Svandísar.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Gagnrýndi samningsgerðina harðlega með bókun.



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON** Segir samninginn tryggja ódýrara verð á heitu vatni.

Guðmundur Þóroddsson lítur öðruvísi á málið. „Það skiptir talsverðu máli fyrir hagkvæmni hitaveitunnar okkar að framleiða rafmagn samhliða heitavatns framleiðslunni. Með þessari sölu tryggjum við að ný varmastöð á Hellisheiði með tilheyrandi 30 kílómetra hitaveitulögn til borgarinnar mun ekki kalla á hækkun á heita vatninu.“ Guðmundur lítur því þannig á málið að samningurinn tryggi íbúum á höfuðborgarsvæðinu aðgang að heitu vatni á lægra verði en annars hefði verið. Þessu mati Guðmundar er Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Samfylkingarinnar, ósammála. Hann segir vel vera hægt að tryggja lágt verð á heitu vatni öðruvísi en að semja um sölu á raforku vegna fyrirhugaðs álvers. Mikilvægara hefði verið að skoða þá möguleika sem í boði eru betur og meta stöðuna eftir það.

**Áhugi tölvufyrirtækja**
Fyrir liggur að stór tölvufyrirtæki hafa sýnt því áhuga að reisa hér á landi netþjónabú sem þurfa mikla orku. Forsvarsmenn Microsoft kynntu hugmyndir sínar á dögunum en fyrirtæki sem þurfa mikla orku vegna starfsemi sinnar horfa í æ ríkari mæli til vistvænna endurnýjanlegra orkugjafa. Í máli forsvarsmanna Microsoft kom fram að fyrirtækið þyrfti um 30 til 70 megavött af raforku fyrir netþjónabúið. Dagur segir orkusölusamninga, sem Orkuveitan hefur gengið frá, ganga of nærri orkuauðlindunum sem fyrirtækið hyggst nýta, án þess að kanna til hlítar þau kjör sem í boði eru. „Það er margt sem bendir til þess að tölvufyrirtækin séu tilbúin að borga meira fyrir orkuna heldur en álfyrirtækin. Þetta er umhverfisvæn starfsemi sem þarf að skoða betur og mér finnst ekki ábyrgt að ráðstafa orkunni án þess að skoða málið almennilega.“

**Halda áfram, ekkert stóriðjustopp?**
Samfylkingin stefndi að því fyrir kosningar, og kynnti þá stefnu fyrir kjósendum, að best væri að bíða með stóriðjuframkvæmdir í fimm ár, og nefndi sérstaklega fyrirhugað álver á Bakka við Húsavík í því samhengi og álver í Helguvík. Þó Dagur hafi verið á móti samningi Orkuveitunnar við Norðurál þá virðist sem Samfylkingin ætli ekki að beita sér að marki fyrir því að álverin á þessum stöðum verði ekki að veruleika innan fimm ára eins og skilja mátti fyrir kosningar. Það gefur vísbendingar um að flokkarnir hafi sæst á að hægja ekki á stefnu ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, að minnsta kosti hvað þessa kosti varðar.

Birting orkuverðs Orkuveitunnar til Norðuráls í Fréttablaðinu í dag gefur fólki tækifæri til að skoða hversu mikill gróðinn er á kostnað náttúrunnar. Loksins, loksins segja eflaust einhverjir enda hefur lengi verið deilt um það hvers vegna leynd hvílir yfir orkuverðinu.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is



# fjölbreytt nám
## við allra hæfi

Innritun nemenda sem ljúka grunnskólaprófi í vor stendur yfir og lýkur 11. júní nk.

Innritun er rafræn og eru allar upplýsingar á skólavef menntamálaráðuneytisins, **www.menntagatt.is** og á vef skólans, **www.ir.is**







**LÝSINGAFRÆÐI**
Iðnskólinn í Reykjavík hóf fyrstur skóla á Íslandi kennslu í lýsingatækni og útskrifaði nú í vor fyrstu lýsingafræðingana.

**MEISTARASKÓLINN**
Nám til meistararéttinda eftir að sveinsprófi er lokið.

**BYGGINGASVIÐ**
Húsasmíði – Húsgagnasmíði – Múrsmíði
Málun – Veggfóðrun og dúklagningar.
Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.







**HÖNNUNARSVIÐ**
Listnámsbraut (almenn hönnun og keramik)
Hársnyrting – Fataiðnabraut (klæðskurður, kjólasaumur – Gull og silfursmíði.
Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.

**UPPLÝSINGA- OG MARGMIÐLUNARSVIÐ**
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut – Tækniteiknun
Margmiðlunarskólinn. Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.

**SÉRDEILDASVIÐ**
Starfsdeild – Nýbúabraut.
Endurhæfingarnám Janusar (rekið í tengslum við skólann).







**RAFIÐNASVIÐ**
Grunnnám rafiðna – Rafvirkjun
Rafeindavirkjun – Rafvélavirkjun
Rafveituvirkjun – Símsmíði. Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.

**TÖLVUSVIÐ**
Tölvubraut; býður upp á sérhæfingu í forritun og netkerfum. Stúdentspróf af list- og starfsmenntabraut.

**ALMENNT SVIÐ**
Hægt er að stunda nám í almennum greinum í eina til fjórar annir. Nemendur sem lokið hafa eða stunda nám á starfsmenntabrautum geta bætt við sig námi sem leiðir til stúdentsprófs.

***Á vorönn útskrifuðust 243 nemendur af 20 námsbrautum Iðnskólans í Reykjavík.***

***Finndu nám við þitt hæfi í frábærum skóla!***

SKÓLAVÖRÐUHOLTI | 101 REYKJAVÍK | ÍMI 522 6500 | WWW.IR.IS | IR@IR.IS

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

## Útgjöldin

> Verð á 0,75 l flösku af Bristol Cream sérrý í febrúar á ári hverju




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON ALÞINGISMAÐUR

## *Skilaði leðurjakka með kögri*



„Mín bestu kaup voru þegar við konan fjárfestum í íbúð á Vesturgötunni," segir Höskuldur Þórhallsson sem er nýsestur á þing fyrir Framsóknarflokkinn. „Það stóð alls ekki til að kaupa íbúð og þessi kaup voru algjör tilviljun. Þetta var íbúð sem við leigðum og okkur var sagt upp leigunni svo við neyddumst eiginlega til að kaupa. Það reyndist mikil blessun því íbúðin hækkaði mjög í verði," segir Höskuldur sem seldi íbúðina nokkrum árum seinna.

Höskuldur kveðst vera fremur skynsamur og kannast ekki við að hafa oft gert slæm eða illa ígrunduð kaup. „Versta tilfellið held ég að hljóti að vera þegar ég keypti mér forláta leðurjakka með ólum og kögri þegar ég var 18 ára. Ég átti hann í viku og komst þá að því að ég var engan veginn týpan fyrir þennan jakka. Ég fór aftur með hann í búðina, skilaði honum og fékk inneignarnótu," segir Höskuldur og bætir því við að nótan hafi reynst ansi drjúg.

„Jakkinn kostaði um 25 þúsund kall og það tók marga mánuði að klára að nýta hana. Mig minnir að pabbi hafi keypt eitthvað út á hana líka," segir Höskuldur sem hefur aldrei séð eftir því að hafa skilað jakkanum góða.

## HÚSRÁÐ

### HAKK Í ÁSTARSÖGUÞYKKT

■ *Kristín Linda Jónsdóttir, kúabóndi í Miðhvammi í Aðaldal og ritstýra Húsfreyjunnar, kann ýmis húsráð.*



Kristín segir að gott sé að eiga mat í frysti sem fljótlegt sé að galdra fram. „Það er gott að kaupa mikið af góðu nautahakki og steikja í svona fjórar til fimm máltíðir í einu. Hver skammtur er síðan settur í plastpoka og stungið í frystinn," segir Kristín og bætir því við að frágangur pokanna sé algjört lykilatriði. „Þegar búið er að setja kjötið í pokann þarf að fletja þá út þannig að kakan sé ekki þykkri en eins og ein ástarsaga. Þá þiðnar það fyrr þegar þarf að nota það," segir Kristín.

■ **Dýrast/ódýrast**

## Gasskynjarar



Gasskynjarar eru nauðsynlegir þar sem gaseldavélar eru. Þeir skynja própan og bútan gas og henta vel fyrir heimilið, sumarbústaðinn og húsbílinn. Gasskynjarar ganga ekki fyrir rafhlöðum. Ef miðað er við ódýrar gerðir af gasskynjara fæst sá ódýrasti hjá Tryggingamiðstöðinni, kostar 4.918 krónur. Dýrasti gasskynjarinn fæst í BYKO á 6.540 krónur. Til eru gasskynjarar sem kosta 13.000 krónur. Þeir skynja einnig svefngas sem innbrotsþjófar nota og ferðalangar hafa lent í erlendis.

■ **Ferðalög**

## Vegabréfsáritun til Dóminíska lýðveldisins



Þeir sem stefna á ferðalag til Dóminíska lýðveldisins í Karabíahafinu þurfa nú að hafa vegabréfsáritun. Umsóknir um slíka áritun skal senda á ræðisskrifstofu Dóminíska lýðveldisins í París, London eða New York.

Heimsferðir skipuleggja ferðir til Dóminíska lýðveldisins og verða meðal annars farnar ferðir í kringum næstu jól og áramót. Þyrí Gunnarsdóttir, sölustjóri hjá Heimsferðum segir að þessi breyting á áritunum til landsins muni ekki hafa nein áhrif á ferðirnar, en Heimsferðir sjá um að fá ferðamannaáritanir fyrir sína ferðalanga til Dóminíska lýðveldisins, líkt og ferðaskrifstofan gerir fyrir þá sem fara til Kúbu á vegum ferðaskrifstofunnar.

WAGNER

MÁLARAR!



WAGNER DAGAR

Wagner er leiðandi í framleiðslu á hátækni vörum og kerfum fyrir húðun og þekjun með málningu og dufti.

**Dagana 7. og 8. júní** verða sérfræðingar frá Wagner Group í Danmörku í heimsókn hjá Sindra að Viðarhöfða 6, 110 Reykjavík.

Þeir munu veita faglega ráðgjöf varðandi málningardælur, viðhald þeirra og umgengni.

Ef óskað er eftir heimsókn sérfræðinga frá Wagner á verkstaði á höfuðborgarsvæðið, vinsamlega hafið samband við **Hákon 6930560**.

**Fjöldi góðra tilboða í gangi þessa daga**

SINDRI

Klettagarðar 12 Sími: 575 0000 www.sindri.is
Bæjarhrauni 12 Hafnarfirði - Draupnisgötu 2 Akureyri - Viðarhöfða 6 Reykjavík

# Ísland ekki lengur með ódýrustu símaþjónustuna

**Ísland hefur fallið ört niður lista yfir þau OECD-lönd sem hafa ódýrasta verð á fjarskiptaþjónustu. Kerfið hér á landi mætti vera gegnsærra að mati forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar.**



**GSM-VIÐSKIPTAVINIR HÉR Á LANDI ERU YFIR 300.000 TALSINS** Hrafnkell Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir verðsamkeppni á fjarskiptamarkaði mun beinni erlendis en tíðkast á Íslandi sem leiðir til versnandi samkeppnisstöðu.

Verð á fjarskiptaþjónustu á Íslandi er orðið óhagstæðara í samanburði við önnur OECD-lönd en það hefur verið síðustu misserin. Á árunum 2002 til 2004 voru Íslendingar meðal þriggja efstu þjóða á lista yfir OECD-lönd sem hafa verið með lægsta verðið á fjarskiptaþjónustu, utan eftirágreiddrar farsímaþjónustu. Nú hefur hins vegar orðið breyting á eins og kemur fram í ársskýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar 2006. Frá árinu 2004 hefur Ísland fallið niður í níunda sæti yfir ódýrustu fyrirframgreiddu farsímaþjónustunnar, áttunda sæti farsímaþjónustu í áskrift, og hefur fjórðu ódýrustu fyrirtækjasímana, eins og sjá má á töflu hér til hliðar.

Hrafnkell Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir að verð hafi vissulega hækkað hér á landi í krónutölum. Það sem skiptir höfuðmáli sé hins vegar að verð í öðrum löndum hefur verið að lækka. „Viðskiptahættir úti eru öðruvísi en hér. Verðsamkeppnin þar er mun beinni. Auglýst er eftir þjónustu á grundvelli ákveðins verðs. Þú kaupir GSM-þjónustu vegna þess að að mínúta kostar svo og svo mikið." Hrafnkell bendir á að slíkar auglýsingar tíðkist ekki hér á landi, þar sem reynt er að ná í viðskiptavini með „pakkatilboðum" þar sem mínútuverð er tengt við aðra þjónustu fjarskiptafyrirtækisins. „Allt er á sama stað og fólk færð afslátt af heildinni. Þetta er ekki eins gegnsætt kerfi. Pakkatilboð eru vissulega einnig algeng erlendis en mín tilfinning er sú að mjög sjaldan er vísað hér á landi í beint verð á fjarskiptaþjónustu og þá er yfirleitt hálf sagan sögð.

Hér skapast líka meiri tryggð við fjarskiptafyrirtækin vegna bindissamninga og hreyfanleiki neytenda verður minni. Tekið var á þessu í síðustu breytingum á fjarskiptalögum. Bindissamningar höfðu verið tólf mánuðir í ADSL-þjónustu en þeim var stytt í sex mánuði."

Fyrirtækið Teligen sér um að reikna verðsamanburðinn milli landa. „Teligen reiknar út ákveðna körfu sem er talin vera týpísk notkun neytanda. Körfunni var breytt 2006 og þá varð okkar samanburður óhagstæðari eftir það. Svarið við óánægjuröddum vegna þessa er að notkunarmynstur hefur almennt breyst og því var eðlilegt að breyta þessari körfu." **peturla@frettabladid.is**

**VERÐSAMANBURÐUR**

**Sæti innan OECD ár hvert**

| Ár / Þjónusta | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| Heimilissími | 3 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Fyrirtækjasími | 4 | 3 | 2 | 3 | 1 |
| GSM - eftirágreitt | 8 | 9 | 5 | 3 | 3 |
| GSM - fyrirfram | 9 | 5 | 3 | 2 | 3 |

Heimild: Teligen. Skýring: Aðildarlönd OECD eru 30. Sæti númer 1 merkir að Ísland er með ódýrustu fjarskiptaþjónustuna af löndum OECD.

**MATUR & NÆRING** RAGNHEIÐUR HÉÐINSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Upplýsingar á umbúðum matvæla



Ýmsar mikilvægar upplýsingar koma fram á umbúðum matvæla. Sumar þeirra verða að koma fram á umbúðum og tilteknar reglur gilda um hvernig þær eru settar fram. Þetta á til dæmis við um geymsluþol, geymsluskilyrði og innihaldslýsingu. Ef vara geymist í fimm daga eða skemur á bæði að koma fram pökkunardagur og síðasti neysludagur. Þetta þýðir að fólki er ekki ráðlagt að borða vöru sem komin er fram yfir síðasta neysludag. Ef vara geymist frá sex dögum og upp í þrjá mánuði á að merkja pökkunardag og svokallaða „best fyrir" dagsetningu, sem þýðir að varan á að halda gæðum sínum út tímabilið, en ekki er bannað að hætta að selja upp gefna dagsetningu. Varan má þó ekki vera til sölu í búðum eftir að geymsluþol er runnið út. Fyrir vörur, sem geymast frá þremur og upp í átján mánuði, þarf einungis að gefa upp að varan sé best fyrir tiltekinn mánuð og ár sem þýðir að varan á að halda gæðum sínum til loka þess mánaðar. Fyrir vörur sem hafa lengra en átján mánaða geymsluþol er nóg að gefa upp árið sem geymsluþolið rennur út.

Skylt er að tiltaka ef geyma á vöruna í kæli (við 0-4°C) eða í frysti (við að minnsta kosti 18°C frost). Ef slíkt kemur ekki fram má varan geymast við herbergishita. Margar vörur, eins og til dæmis ýmsar sósur og sultur, safa og fleira, þarf þó að geyma í kæli eftir að umbúðir hafa verið opnaðar. Mjög mikilvægt er að farið sé eftir leiðbeiningum um geymsluskilyrði.



Innihaldslýsing segir hvaða hráefni og aukefni eru notuð í vöruna. Þeim á að raða upp eftir magni þannig að það, sem mest er af, kemur fyrst og síðan koll af kolli. Innihaldslýsingin á því að gefa neytandanum vísbendingu um hvað mikið er af til dæmis sykri, fitu eða öðru í vörunni því ekki er skylt að merkja næringarinnihald þó það sé gert í mörgum tilvikum. Einnig er innihaldslýsingin afar mikilvægt hjálpartæki fyrir þá sem þjást af einhvers konar ofnæmi því skylt er að geta um öll efni, sem geta valdið ofnæmi, í innihaldslýsingu.

Aðrar upplýsingar, sem skylt er að komi fram, eru heiti vörunnar, nafn og heimilisfang framleiðanda eða annars aðila sem ber ábyrgð á vörunni, gæti til dæmis verið heildsali eða dreifingaraðili innfluttra vara, og nettóþyngd.

Nánari upplýsingar um merkingar á umbúðum matvæla er að finna á vef Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

**www.mni.is**

KRÓNAN
fyrst og fremst...

# ÚTSALA Á KJÚKLING




**aðeins 298 kr. kg**

**í öllum verslunum Krónunnar**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.087 **-0,17%**

**Fjöldi viðskipta:** 495
**Velta:** 8.786 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **MOSAIC** | +1,19% | **ATLANTIC PETROLEUM** | -6,72% |
| **EXISTA** | +0,75% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -1,55% |
| **BAKKAVÖR** | +0,57% | **ÖSSUR** | -1,39% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,74 -0,80% ... Actavis 84,90 -0,12% ... Alfesca 5,00 -0,79% ... Atlantic Petroleum 1.096 -6,72% ... Atorka 7,96 -0,25% ... Bakkavör 70,40 +0,57% ... Eimskipafélagið 41,35 -1,55% ... FL Group 28,90 -0,35% ... Glitnir 28,15 -0,18% ... Kaupþing 1.088 -0,18% ... Landsbankinn 37,30 +0,00% ... Marel 84,60 -0,12% ... Mosaic Fashions 17,00 +1,19% ... Straumur-Burðarás 21,15 +0,00% ... Össur 106,50 -1,39%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Framandi viðskiptahættir

Íslendingar hafa tekið virkan þátt í þróunaraðstoð í Malaví, einu fátækasta ríki Afríku. Hagkerfið er þriðjungi minna en það íslenska þrátt fyrir að íbúar landsins séu fjörutíu og fjórum sinnum fleiri en Íslendingar. Sinn er siður í hverju landi eins og íslenskur blaðamaður, sem var þar á ferð, kynntist þegar hann gekk inn á skrifstofu Kenya Airways í Lilongwe og átti þar eftirfarandi samtal við starfsmann:

*Íslendingur: „Hi, I'm here to pay for my plane ticket."*

*Starfsmadur: „Excellent sir. How do you intend to pay for the ticket?"*

*Íslendingur: „By credit card."*

*Starfsmadur: „Oh, I'm sorry sir. We only accept credit cards between 8 and 10 in the morning ...*

### Tímanlega á ferðinni

Það er ekki svo langt síðan hlutirnir voru líka framandi hérlendis. Þegar ríkið hóf einkavæðingu Búnaðarbankans árið, 1998 með sölu á 8,5 prósenta hlut, var slegist um bréfin. Yfir 92 þúsund aðilar skráðu sig fyrir hlut. Bankastjórnin sá sig tilneydda til að gefa verðandi hluthöfum góð ráð. „Gert er ráð fyrir að greiðsluseðlar verði sendir út í síðari hluta þessarar viku og er síðasti gjalddagi þeirra 29. desember 1998. Hvetur bankinn hluthafa til að greiða seðlana fyrir síðasta gjalddaga til að forðast biðraðir."




## MARKAÐSPUNKTAR...

Í gær var DK Trends Invest A/S skráð í Kauphöllina í Kaupmannahöfn. Það er smærra fyrirtæki sem tilheyrir fjármálageira Nordic Exchange. Félagið fjárfestir í hlutabréfum og öðrum völdum fjárfestingakostum.

Aðalsteinn Helgason hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. Við starfinu tekur Gunnþór Ingvason. Aðalsteinn hefur verið ráðinn til starfa hjá Kötlu Seafood.

Fyrirsjáanleg afskráning Actavis úr íslensku kauphöllinni mun leiða til þess að mæld velta verður mun hærri á þessu ári en ella. Morgunkorn Glitnis segir frá því. Frá áramótum nemur velta á markaðnum 1239 milljörðum króna.

# Spá lækkun stýrivaxta í nóvember

Landsbankinn spáir því að Seðlabankinn byrji að lækka stýrivexti í nóvember á þessu ári og að vextirnir verði komnir niður í 13,75 prósent um áramót. Ári síðar verði þeir komnir niður í 9,0 prósent en í 6,0 prósent síðla árs 2009.

Í hagspá bankans fyrir árin 2007 til 2010, sem kynnt var í gærmorgun, segir að fasteignamarkaðurinn hafi ekki kólnað líkt og gert hafi verið ráð fyrir í síðustu spá bankans í september í fyrra. Hafi það leitt til minnkandi þenslu á vinnumarkaði. Sömuleiðis hafi gengi krónunnar þróast á annan veg en reiknað hafði verið með.

Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir Seðlabankann standa frammi fyrir vanda við núverandi aðstæður. Geti hann ekki réttlætt of mikla vaxtalækkun vegna efnahagsleg ójafnvægis sem setji þrýsting til hækkunar á gengi krónunnar. - jab



**SEÐLABANKINN** Greiningardeild Landsbankans segir Seðlabankann geta ekki réttlætt mikla lækkun stýrivaxta vegna efnahagslegs ójafnvægis. MARKAÐURINN/HEIÐA

# Eimskip kaupir Innovate

**Eimskip hefur gengið frá kaupum á öllu hlutafé í Innovate Holdings í Bretlandi. Kaupverð er um fjórir milljarðar króna og verður greitt með útgáfu nýs hlutafjár. Eigendur Innovate verða á meðal stærstu hluthafa Eimskips.**



**NÝIR HLUTHAFAR Í EIMSKIPI** Þeir Peter Gordon Osborne, Stephen Geoffrey Dargavel og Stephen John Savage eiga tæplega fimm prósenta hlut í Eimskipi eftir að hafa selt því Innovate Holdings. FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON

Eimskip hefur keypt allt hlutafé breska félagsins Innovate Holdings. Í fyrra fjárfesti Eimskip í félaginu og átti því fyrir 45 prósenta hlut. Kaupverðið, um 30,3 milljónir punda eða tæpir fjórir milljarðar íslenskra króna, verður greitt með útgáfu nýs hlutafjár í Eimskipafélaginu.

Eigendur Innovate verða eftir útgáfu nýs hlutafjár meðal stærstu hluthafa Eimskipafélagsins með tæplega fimm prósenta eignarhlut. Þeir munu jafnframt verða hluti af nýju stjórnendateymi sem ætlað er að leiða starfsemi Eimskips sem snýr að kæli- og frystiflutningum innan Eimskips um allan heim.

Á kynningarfundi í gær sögðu þremenningarnir ánægðir með bítt-in. „Ástæða þess að við skiptum bréfum okkur með glöðu geði fyrir bréf í Eimskipi er að við vitum að félagið á mikinn vöxt inni," sagði Stephen Savage, einn eigendanna. Þá sögðust þeir jafnframt hafa áhuga á að bæta við hlut sinn í Eimskipafélaginu í framtíðinni. Það myndu þeir líklega gera við næsta hlutafjárútboð. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvort einhver þeirra, og hver, sest í stjórn félagsins.

Innovate heldur nafni sínu, að minnsta kosti fyrst um sinn. „Innovate er sterkt vörumerki í Bretlandi og í því liggja mikil verðmæti. Varlega þyrfti að fara í að leggja það niður. En við sjáum fyrir okkur að með tímanum muni öll félög innan Eimskipafélagsins bera sama nafn."

Innovate er sérhæft í hitastýrðum flutningum. Ársvelta þess árið 2006 nam 24 milljörðum króna. Félagið gerir út tólf hundruð flutningabíla og tengivagna og hjá því starfa um tvö þúsund manns. holmfridur@frettabladid.is


Himinn og haf / SÍA




Föstudaginn 8. júní lokar afgreiðsla Vöruhótelsins klukkan 15.00 í stað 17.00 vegna móttöku viðskiptavina.

Við biðjumst velvirðingar á hvers konar óþægindum sem þetta gæti haft í för með sér.

Opnum klukkan 8.00 á mánudag eins og venjulega.

EIMSKIP

Korngörðum 2 104 Reykjavík Sími 525 7000 Fax 525 7709 www.eimskip.is


# Kaupþing fær A+

Japanska matsfyrirtækið Rating and Investment Information (R&I) tilkynnti í gær að það hefði gefið Kaupþingi banka hf. lánshæfiseinkunnina A+. Að mati fyrirtækisins eru horfur fyrir lánshæfiseinkunn bankans stöðugar.

Í fréttatilkynningu frá Kaupþingi er haft eftir Guðna Aðalsteinssyni, framkvæmdastjóra Fjárstýringar Kaupþings, að góð lánshæfiseinkunn frá R&I muni styrkja Kaupþing enn frekar til að koma til móts við núverandi fjárfesta og laða að nýja.

R&I er þriðja matsfyrirtækið sem metur Kaupþing banka. Bankinn hefur langtímaeinkunnirnar Aa3 frá Moody's Investor Service og A frá Fitch Ratings. - hhs


**Tilkynning um matsfund vegna innlausnar á útistandandi hlutum í Líftæknisjóðnum hf., kt. 640100-3540.**

Á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur hinn 11. maí 2007 var skipaður matsmaður til að skoða og meta hæfilegt innlausnarverð fyrir hluti í Líftæknisjóðnum hf., sem matsbeiðandi, Arkea hf., kt. 701204-4170 hefur innleyst samkvæmt heimild í 1.mgr. 24.gr. laga nr. 271995 um hlutafélög.

Það tilkynning hér með að skipaður matsmaður mun halda matsfund í samræmi við 62.gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 í fundarsal Verkstjórafélags Reykjavíkur, að Skipholti 50d, 3. hæð, 105 Reykjavík, fimmtudaginn 7. júní 2007, kl. 16:00. Matsþolar eru þeir aðilar sem voru hluthafar í Líftæknisjóðnum hf., kt. 640100-3540 við innlausn hlutafjár hinn 29. desember 2006. Vakin er athygli á því að á matsfundi fer fram gagnaöflun og að matsmaður framkvæmir starf sitt þótt aðilar mæti ekki þegar metið er.

Stjórn Líftæknisjóðsins hf. og Arkea hf.

www.oryggi.is

# „Það var á dagskrá að fá kerfi“




## Heimaöryggi án endurgjalds!

Öryggismiðstöðin býður heimilum að prófa öryggiskerfi án endurgjalds í sumar. Kerfið er sett upp viðkomandi að kostnaðarlausu og prufutíminn er 2 mánuðir*. Öryggiskerfið inniheldur allan nauðsynlegan búnað til að auka öryggi heimilisins og tryggja viðbrögð við innbrotum, eldsvoða og vatns- eða gastjóni.

Tilboðið gildir til 15. júlí og er í boði á þeim þéttbýlisstöðum landsins þar sem Öryggismiðstöðin hefur þjónustuaðila og sinnir útkallsþjónustu.

*Gerður er samningur til 38 mánaða sem er uppsegjanlegur fyrstu tvo mánuðina viðkomandi að kostnaðarlausu.

**Hringdu í 530 2400 og fáðu öryggi í áskrift!**

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

# Magnús Ármann stærstur í Byr

## Hluturinn er metinn á 3,4 milljarða króna.

Eignarhaldsfélagið Imon, sem er í eigu athafnamannsins Magnúsar Ármanns, er orðið stærsti stofnfjáreigandinn í Byr sparisjóði með um 9,59 prósenta hlut. Hlutur þessi er metinn á rúma 3,4 milljarða króna miðað við nýleg viðskipti með stofnfé sparisjóðsins.

Magnús kom inn í SPH á sínum tíma. Sparisjóðurinn sameinaðist SPV undir merkjum Byrs. Í samtali við Fréttablaðið sagðist hann hafa bætt hlut sinn jafnt og þétt á undanförnum mánuðum. Magnús situr í stjórn Byrs.

Hraunbjarg ehf., félag í eigu MP Fjárfestingarbanka, var áður stærsti stofnfjáreigandinn. Félagið seldi nýverið 4,5 prósent stofnfjár í Byr og heldur nú utan um 4,62 prósenta hlut. - eþa



**MAGNÚS ÁRMANN** Heldur utan um 9,6 prósenta hlut í Byr sparisjóði. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Mælt með Föroya Banka

## Íslensku bankarnir gætu sýnt bankanum talsverðan áhuga í framtíðinni.

Greinendur hjá Glitni og færeyska bankanum Eik Banka mæla með því að fjárfestar kaupi hlutabréf í Föroya Banka. Einkavæðing bankans hefst í næstu viku en Landstjórnin í Færeyjum hyggst selja allt að 66 prósentum hlutafjár. Útboðsgengi liggur á bilinu 162-189 danskar krónur á hlut sem þýðir að markaðsvirði bankans er um 21 milljarður miðað við efri mörk. Íslendingum stendur til boða að kaupa í útboðinu.

Eik Banki bendir á að klassískar hlutabréfakennitölur fyrir bankann séu lágar í samanburði við meðalstórar fjármálastofnanir í Danmörku. Q-hlutfall (markaðsvirði/bókfært eigið fé) liggur á bilinu 1,26-1,47 ef miðað er við söluverð hlutafjárins. Til samanburðar er meðaltalsgildið 2,43 hjá bönkunum í Danmörku. „Hlutabréf í Föroya Banka eru heldur ekki dýr þegar V/H-gildið [markaðsvirði/hagnaður] er skoðað,“ segja sérfræðingar hjá Eik.



**JANUS PETERSEN, FORSTJÓRI FÖROYA BANKA** Kennitölur bankans eru hagstæðar í samanburði við meðalstóra danska banka.

Glitnir bendir á að efnahagur gefi til kynna að Föroya Banki sé spennandi kostur. Bankinn byggir fjármögnun sína að stórum hluta á innlánum eða 69 prósentum af efnahag. Þetta er útlánabanki sem hyggur á vöxt í þóknunartengdri starfsemi.

„Bankinn er að vísu lítill miðað við markaðsvirði en að okkar mati mun hann fyrr en seinna verða hluti af mun stærri banka og er því líklegt að íslensku viðskiptabankarnir muni sýna honum talsverðan áhuga,“ segir orðrétt í Morgunkorni Glitnis.

Samkvæmt samþykktum bankans er engum hluthafa heimilt að fara með meira en tíu prósent atkvæðisréttar. eggert@frettabladid.is

# Lýsi framleiðir fæði fyrir dýrin

Lýsi hefur gengið frá kaupum á 53 prósentum í fyrirtækinu IFEX ehf. Lýsi átti fyrir 47 prósent í félaginu og á nú félagið allt. Kaupverð er trúnaðarmál.

IFEX, sem var stofnað fyrir sex árum, framleiðir gæludýrafóður fyrir hunda og ketti úr íslenskum sjávarafurðum og Harðbita og Snakkbita til manneldis. Hjá fyrirtækinu starfa tíu manns í Þorlákshöfn.

Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis, segir kaupin skemmtilega viðbót við framleiðslu fyrirtækisins og sjái það mikla möguleika á markaði með hollustufæði fyrir gæludýr, jafnt hér sem erlendis.

Markaður með heilsuvörur fyrir gæludýr hefur vaxið gríðarlega um allan heim, að hennar sögn. „Fólk er farið að hugsa afskaplega vel um gæludýrin sín,“ segir Katrín og bendir á sem dæmi að lífslíkur hunda séu í mesta lagi 15 ár. „Fólk vill helst að dýrin lifi sem lengst og við góða heilsu. Nú komum við til móts við gæludýraeigendurna með heilsufæði og fæðubótarefnum fyrir dýrin,“ segir hún. - jab




**KATRÍN PÉTURSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Lýsis segir markað með heilsuvörur fyrir gæludýr hafa vaxið gríðarlega um allan heim undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Gistinóttum fjölgar um sautján prósent

Gistinóttum á hótelum á fyrsta ársþriðjungi fjölgaði um sautján prósent milli ára. Þetta sýna nýbirtar tölur frá Hagstofu Íslands. Gistinætur á fyrstu fjórum mánuðum ársins voru samanlagt 293.200 en voru 250 þúsund á fyrsta þriðjungi ársins 2006.

Alls staðar fjölgaði gistinóttum. Mest varð fjölgunin þó á Austurlandi þar sem gistináttafjöldinn jókst um tæp 73 prósent. Minnst varð hún á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum eða sex prósent.

Í aprílmánuði fjölgaði gistinóttum á hótelum um tólf prósent milli ára. Þær voru 89.900 í ár og fjölgaði um 8.900 milli ára. Má rekja fjölgunina bæði til útlendinga og Íslendinga.

Mest varð fjölgunin á Norðurlandi þar sem gistinóttum fjölgaði um rúman helming. Þær fóru úr 4.600 í 6.900 milli ára. Minnst varð fjölgunin á Suðurlandi. Þar fjölgaði gistinóttum úr 9.000 í 9.500 milli ára. Í takti við fjölgun gistinátta fjölgaði einnig gistirýmum á hótelum í apríl. Bæði fjölgaði herbergjum og rúmum um ellefu prósent milli ára. Hótel sem opin voru í apríl síðastliðnum voru 73 en 74 í sama mánuði árið 2006. - hhs







**Millet Hiker 38 l**
Frábær dagpoki.
Innbyggð regnvörn.
Verð **12.990** kr.
Hiker 28 l verð: 10.990 kr.
Hiker 22 l verð: 9.990 kr.



**Deuter Futura 32 AC**
Futura línan, sú mest selda í Evrópu!
Dagpoki ársins í Outdoor tímaritinu 2004 og 2006.
Regnvörn, Aircomfort burðarkerfi, 32 lítrar.
Verð **10.990** kr.
Futura 22 l.: 8.990 kr.
Futura 28 l.: 8.990 kr.
Futura 38 l.: 12.990 kr.

deuter

*Aircontact pokarnir frá Deuter eru með stillanlegu baki, óviðjafnanlegu loftflæði, og innbyggðum regnpoka. Frábærir í lengri ferðir.*



**Deuter Aircontact 50+10 SL**
Dömupoki í Aircontactlínunni frá Deuter.
Sérhannaður fyrir konur.
Verð **21.990** kr.

# Breytingar hjá Marel



HÖRÐUR ARNARSON FORSTJÓRI Marel Food Systems hf. er nýtt nafn samstæðunnar. Nýtt skipurit var kynnt í gær.

Marel á Íslandi verður framvegis sjálfstæð eining innan móðurfélagsins. Þar mun Marel standa við hlið AEW Delford, Carnitech, framleiðslufyrirtækis í Slóvakíu og Scanvaegt. Þá verður nafni móðurfélagsins, Marel hf., breytt í Marel Food Systems hf. Þessar breytingar koma fram í nýju skipuriti samstæðunnar sem gert var í kjölfar samþættingar hjá félögum í eigu þess.

Meðal annarra breytinga er að sölu- og þjónustunet Marel-samstæðunnar verður sameinað undir eignarhaldi móðurfélagsins undir vörumerkinu Marel Food Systems.

Í tilkynningu frá Marel segir að með breytingum á skipulagi samstæðunnar sé betur greint á milli einstakra eininga hennar. Markmiðið sé að nýta auðlind allra fyrirtækja innan samstæðunnar eins og best verður á kosið. - hhs

# Gagntilboð í VSV

Bræðurnir Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir í Stillu lögðu í gær fram samkeppnistilboð í allt hlutafé Vinnslustöðvarinnra. Tilboðsgengið hljóðar upp á 8,5 krónur á hlut sem er hæsta verð sem boðið hefur verið í hluti Vinnslustöðvarinnar.

Til samanburðar hljóðar yfirtökutilboð Eyjamanna ehf., sem ráða yfir meirihluta hlutafjár, upp á 4,6 krónur á hlut.

Lögfræðiskrifstofa Hróbjarts Jónatanssonar hrl. heldur utan um samkeppnistilboðið fyrir hönd Stillu. Það gildir til 23. júlí næst komandi.

Viðskipti með bréf Vinnslustöðvarinnar námu 131 milljón króna í gær og fóru þau fram á genginu 8,5. K.G. Fiskverkun, sem Hjálmar stýrir, keypti eins prósents hlut, fyrir 128 milljónir króna, en sá hlutur var í eigu Kristjáns Guðmundssonar, föður þeirra bræðra. - eþa



VINNSLUSTÖÐIN Stilla hefur lagt fram samkeppnistilboð.



JEAN-CLAUDE TRICHET Í GÆR Evrópski seðlabankinn hækkaði stýrivexti í gær og hafa þeir ekki verið hærri í sex ár. Með aðgerðunum er dregið úr hvata í hagkerfinu. Fréttablaðið/AFP

# Stýrivextir í takti við spár

**Evrópski seðlabankinn hækkaði stýrivexti á evrusvæðinu í gær. Ákvörðunin var í takt við væntingar. Forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans segir Evrópubankann með þessu hverfa frá slakri peningamálastjórn.**

Evrópski seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 25 punkta í 4,0 prósent í gær. Hækkunin lá í loftinu enda hafði Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri, gefið í skyn að bankinn myndi fylgjast grannt með verðbólguþróun á evrusvæðinu og grípa til aðgerða ef svo bæri undir. Stýrivextir á evrusvæðinu eru tvöfalt hærri nú en fyrir einu og hálfu ári og hafa þeir ekki verið hærri í sex ár.

Á blaðamannafundi í gær sagði Trichet að bankinn telji líkur á tveggja prósenta verðbólgu á evrusvæðinu á þessu ári. Það er 0,2 prósentustiga hækkun frá fyrri spá. Geti svo farið að bankinn hækki vextina frekar á árinu til að sporna gegn því að verðbólga fari fram úr verðbólgumarkmiðum bankans. Þótt útlit sé fyrir það á árinu telja greinendur ekki líkur á að það verði á næstu mánuðum.

Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir vextina hafa verið lága á evrusvæðinu síðustu ár og peningamálastjórnina slaka. „Menn hafa séð heldur meiri vöxt en verið hefur og þetta eru viðbrögð við því. Peningastefnan hefur verið mjög slök í Evrópu líkt og lengi vel í Bandaríkjunum,“ segir Björn og bætir við að bankinn sé að draga úr hvata í hagkerfinu. Hann leggur áherslu á að evrópski seðlabankinn sé ekki að bregðast við verðbólguhættu í íslenskum skilngi því viðmiðunarmörkin séu önnur. „Bankinn er að færa sig í hlutlausa eða aðhaldssama peningamálastefnu.“

Vaxtaákvörðunardagur er hjá Englandsbanka í dag og er gert ráð fyrir því að stýrivöxtum verði haldið óbreyttum í 5,5 prósentum að sinni þrátt fyrir að bankinn hafi verið undir þrýstingi um að hækka vextina frekar.

jonab@frettabladid.is







**Deuter Aircontact 65+10 l**

Poki ársins í sínum flokki árið 2004 og 2006 hjá Outdoor tímaritinu.

Verð 23.990 kr.

Einnig 60+10 l.: 23.990 kr.



**Deuter Aircontact 75+10 l**

Stór poki í Aircontact línunni. Fyrir þá sem fara lengra!

Verð 25.490 kr.

Fyrir göngu-garpa sumarsins

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað er menningarhlutverk?

# RÚV á villigötum

JÓN KALDAL SKRIFAR

Deilur um starfslok Egils Helgasonar á Stöð 2 beina athyglinni enn á ný að einkennilegri stöðu Ríkissjónvarpsins á fjölmiðlamarkaði. Fyrir liggur að Agli stóð til boða samningur um að þáttur hans, Silfur Egils, yrði á dagskrá Stöðvar 2 að minnsta kosti næstu tvö ár. Ljóst er hins vegar að Silfrið verður ekki sýnt þar heldur hefur göngu sína í Ríkisútvarpinu í haust.

Í framhaldi af þessu – og það alveg ótengt atvinnufrelsi Egils – vaknar sú klassíska spurning hvort eðlilegt sé að Ríkissjónvarpið teygi sig eftir dagskrárefni sem vitað er að hinn frjálsi markaður mun sjá áhorfendum fyrir?

Áhugamenn um fjölbreytta og öfluga innlenda dagskrárgerð hljóta að svara þeirri spurningu neitandi. Nærtækara hefði verið fyrir Ríkisútvarpið að taka fjármunina sem fara í Silfur Egils og búa til nýtt og ferskt efni, í stað þess að eyða þeim í þátt sem hefur verið í opinni dagskrá á annarri stöð.

Vissulega er Silfrið þrautreynd og góð formúla sem öllum stöðvum er sómi að hafa á sinni dagskrá. Þá kröfu má hins vegar gera til Ríkissjónvarpsins – og á hiklaust að gera – að það stuðli að nýsköpun og aukinni fjölbreytni í innlendri dagskrárgerð.

*Sjónvarpsstjóri keypti tólf fótboltaleiki á um 100 milljónir í keppni sem einkastöðvarnar hefðu ella sýnt.*

Um þá kröfu er hægt að hafa eitt orð: „menningarhlutverk“. Og það er einmitt orðið sem oftast er gripið til þegar réttlæta þarf tilveru ríkisfjölmiðlunar í þessu landi.

Sannarlega er það líka verðugt hlutverk. Brjóstvörn Ríkissjónvarpsins er að tryggja framleiðslu á innlendu efni, hvort sem það eru fréttir og fræðsla, hreinræktuð skemmtun á borð við Spaugstofuna eða Tíu fingur Jónasar Sen.

Með þeim tekjum sem Ríkissjónvarpið fær frá skattborgurunum er stofnunin í þeirri einstöku stöðu að hún hefur listrænt frelsi í dagskrárgerð sinni. Þeir sem borga geta nefnilega ekki sagt upp áskriftinni að Ríkissjónvarpinu þótt þeim mislíki það sem er þar í boði.

Því miður virðist núverandi stjórnandi stofnunarinnar, Páll Magnússon, annað hvort ekki kunna að meta þetta frelsi, eða hreinlega ekki skilja það.

Átakanlegt dæmi um afstöðu útvarpsstjóra til hlutverks Ríkissjónvarpsins eru kaupin á sjónvarpsréttinum á Evrópukeppninni í fótbolta 2008. Þar yfirbauð Ríkissjónvarpið sjónvarpsstöðvarnar Skjásport og Sýn og keypti útsendingarréttinn á um 100 milljónir króna. Þó voru skilyrðin fyrir útsendingunum á þá leið að nítján af 31 leik keppninnar átti að sýna í opinni dagskrá. Þar á meðal úrslitaleikinn og alla aðra veigamestu leikina.

Sjónvarpsstjóri keypti sem sagt tólf fótboltaleiki á um 100 milljónir í keppni sem einkastöðvarnar hefðu ella sýnt.

Við vitum fyrir víst að Sýn og Skjásport munu ekki taka peningana, sem Ríkissjónvarpið sparaði þeim, og búa til leikna íslenska sjónvarpsþáttaröð. Miklu nær er reyndar að snúa þessari stöðu við og velta fyrir sér hvaða mat Ríkissjónvarpið hefði getað gert sér úr hundrað milljónunum ef fótboltinn hefði verið látinn einkastöðvunum eftir.

Ofuráhersla útvarpsstjóra á markaðsvæna og þrautreynda dagskrárliði hlýtur að vera hollvinum Ríkissjónvarpsins nokkuð áhyggjuefni.

Ef aðeins er leitað á kunnugleg og örugg mið sem tryggja gott áhorf, í stað þess að sýna djörfung og taka áhættu, verður Ríkissjónvarpið óhjákvæmilega eins og hver önnur sjónvarpsstöð. Ríkið þarf ekki að koma að slíkum rekstri.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Goðaborgir 3
112 Reykjavík
Glæsileg íbúð

Stærð: 86,5 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1996
Brunabótamat: 11.300.000
Bílskúr: Nei

RE/MAX Lind



Þórarinn Jónsson
Lögg. fasteignasali
thorarinn@remax.is



Óskar Freyr
Sölufulltrúi
8999-427
oskar@remax.is



Pantið skoðun í 847 8001

Verð: 21.500.000

Inngangur inn í íbúðina er frá svölum og því sérinngangur. Íbúðin skiptist í flísalagða forstofu með skáp, baðherbergi með sturtuklefa og tengi fyrir þvottavél og þurrkara, flísar á gólfi. Hjónaherbergi með skápum, barnaherbergi með skápum, eldhús með hvítri smekklegri innréttingu, uppþvottavél. Stofan er opin mót eldhúsi og er útgengi á svalir mót suðri.

Brynjólfur T.
Sölufulltrúi
847 8001
billi@remax.is



RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Úbbs, gleymdist smá

Fyrstu lögin sem samþykkt voru á þessu þingi runnu í gegn í gær. Voru það lög um breytingar á þingsköpum Alþingis svo hægt sé að kjósa í nýjar og breyttar fastanefndir.

Ein breytingartillaga við frumvarpið var samþykkt en hún kom frá Sturlu Böðvarssyni, forseta Alþingis. Breytingartillagan hafði reyndar ekkert með nefndir Alþingis að gera, heldur gaf þingmönnum, við atkvæðagreiðslu, leyfi til að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu en „við breytingar á þingsköpum á nýafstöðnu þingi féll brott af misgáningi lokamálsgrein 66. gr. laganna“ og því var lagt til að hún bættist við að nýju.



Hefði einver þingmaður viljað gera grein fyrir atkvæði sínu þegar breytingartillagan var samþykkt, var þá ekki heimild fyrir því í lögum.

### Heilbrigðisrök fyrir áfengi

Guðlaugur Þór Þórðarson, nýr heilbrigðisráðherra var einn af tíu núverandi stjórnarþingmönnum sem lögðu fram frumvarp á síðasta þingi um að sala á léttu áfengi yrði leyfileg í öðrum verslunum en Vínbúðunum. Var það þá í fjórða sinn sem frumvarpið var lagt fram og því mætti ætla að það verði lagt fram aftur í haust. Það hlýtur að hafa pínu sérstöðu í haust ef það verður lagt fram af heilbrigðisráðherra, sem getur fengið starfsfólk sitt í sumar til að safna saman rannsóknum og heimildum fyrir því hvað rauðvín í hófi sé gott fyrir hjartað, bjórinn góður fyrir meltinguna og hvítvín gott fyrir tilhugalífið.

### Karlmenni í karlmannsleik

Menningarfræðingar hefðu eflaust haft gaman af því að fylgjast með hversu karlmannlegt 10 ára afmæli tölvufyrirtækisins CCP, sem gefur út EVE-Online leikinn, var á NASA um helgina. Meðal annars þegar Hilmar Pétursson framkvæmdastjóri færði stofnendunum tveimur, Reyni Harðarsyni og Ívari Kristjánssyni, hárbeitt víkingasverð í tilefni áranna tíu, því karlmannlegri gat gjöfin varla orðið.

svanborg@frettabladid.is

# Marshall-hjálpin



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Þróunaraðstoð

Þegar Harry Truman sendi einkabréf af skrifstofu sinni í Hvíta húsinu, límdi hann utan á umslögin frímerki, sem hann hafði keypt sjálfur í næsta pósthúsi. Hann hafði verið kjörinn varaforseti 1944, tók við forsetaembættinu við fráfall Franklins Roosevelt vorið 1945 og fyrirskipaði nokkru síðar kjarnorkuárásirnar á Hírósíma og Nagasakí til að flýta stríðslokunum. Japanar gáfust upp, stríðinu lauk. Truman kvaddi þá George Marshall utanríkisráðherra á sinn fund og lagði fyrir hann áætlun um endurreisn Evrópu úr rústum stríðsins. Þegar Truman hafði lýst áætluninni, sagði hann við Marshall: Ég fel þér að hrinda Marshall-áætluninni í framkvæmd. En herra forseti, sagði Marshall, nafngiftin er röng, þetta er þitt verk. Fundi slitið, sagði Truman. Því eru engin takmörk sett, sagði Truman síðar, hverju hægt er að koma til leiðar í stjórnmálum, standi manni á sama um hverjir fá þakkirnar.

Í fyrradag, 5. júní, voru sextíu ár síðan George Marshall lagði fram Marshall-áætlunina í skólaslitaræðu í Harvardháskóla. Framleiðsla í evrópskum landbúnaði og iðnaði hafði stöðvazt eða því sem næst, svo að hungursneyð blasti við um alla álfuna. Hvað vakti fyrir Truman og þeim? – annað en að gera öðrum gott. Einkum fernt. Í fyrsta lagi þurftu Bandaríkin sjálf á því að halda, að Evrópa risi upp aftur, því að Evrópulöndin höfðu verið helzti markaður fyrir bandarískar afurðir. Og ekki bara það: Þar stóð vagga þeirrar menningar, sem er nú líftaug gjörvalls hins menntaða heims, svo að vitnað sé orðrétt í innlenda samtímaheimild um málið. Í annan stað hefðu Evrópuþjóðirnar á eigin spýtur ef til vill gripið til áætlunarbúskapar sem örþrifaráðs eftir stríðið og með því móti færzt nær sovézkum búskaparháttum. Í þriðja lagi þótti brýnt að hamla gegn því, að almenningur snerist til kommúnisma. Í fjórða lagi þótti Kananum brýnt að búa svo um hnútana, að Evrópa gæti af eigin rammleik staðizt ásælni Sovétríkjanna, en þau voru nú orðin helzti andstæðingur Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi. Til þess þurfti einkum að endurreisa Þýzkaland, sem hafði áður verið hryggjarstykkið í atvinnulífi álfunnar og myndað mótvægi við Sovétríkin. Marshall-hjálpin var því ekki eingöngu góðverk, hún þjónaði einnig hagsmunum Bandaríkjanna. Þannig varð til mesta og árangursríkasta þróunaráætlun allra tíma.

Hjálparféð nam röskum 13 milljörðum Bandaríkjadollara í fjögur ár (1948-52). Mest voru þetta beinir styrkir, afgangurinn var ódýr lán. Fjárhæðin nam tæpum sex prósentum af landsframleiðslu Bandaríkjanna 1947 eða tæplega einni og hálfri prósentu af framleiðslu á ári þessi fjögur ár. Þetta er sjö sinnum meira fé miðað við landsframleiðslu en Bandaríkin veita nú til þróunarhjálpar, og eru Bandaríkjamenn þó þjóða örlátastir í dollurum talið, en ekki í hlutfalli við landsframleiðslu. Marshallfénu var dreift til sautján Evrópulanda til að reisa þau við, einkum iðnað, landbúnað og verzlun, og til að renna styrkum stoðum undir lýðræði og frelsi. Ella myndu fátækt, atvinnuleysi og örvænting meðal almennings veita kommúnistum byr undir báða vængi í Vestur-Evrópu: það var hugsunin. Í upphafi áttu einnig Austur-Evrópulöndin, þar sem Rauði herinn réð lögum og lofum eftir stríðið, að njóta góðs af Marshall-hjálpinni, en Sovétríkin kærðu sig ekki um það. Þessi lönd þágu aðstoðina: Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Grikkland, Holland, Ísland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Svíþjóð, Sviss, Tyrkland og Vestur-Þýzkaland. Bretar, Frakkar, Ítalar og Þjóðverjar fengu mest í dollurum talið, en Íslendingar fengu mest miðað við mannfjölda og notuðu féð til að reisa virkjanir og verksmiðjur og kaupa togara.

Marshall-áætlunin bar mikinn árangur í bráð og lengd. Framleiðsla í Evrópu jókst um 15 til 25 prósent um hjálpartímann. Evrópskur iðnaður gekk í endurnýjun lífdaganna. Truman forseti lagði Marshall-áætlunina til grundvallar, þegar Bandaríkin hófu þróunarhjálp í stórum stíl handa þriðjaheimslöndum 1949. Þegar Marshall-hjálpinni lauk 1952, var hættan á valdatöku kommúnista í Vestur-Evrópu liðin hjá, iðnaðarframleiðsla álfunnar var orðin þriðjungi meiri en hún hafði verið fyrir stríð, og Vestur-Þýzkaland var í örum vexti. Helzti samstarfsvettvangur iðnríkjanna í efnahagsmálum, OECD, varð til í beinu framhaldi af Marshall-hjálpinni, og einnig ESB.

Hvers vegna hefur þróunaraðstoð handa Afríku ekki skilað jafnmiklum árangri? Það er löng saga; hún bíður. Sumir telja, að Bandaríkjastjórn hefði átt að leggja fram nýja Marshall-áætlun handa Rússum eftir 1991 til að beina þeim inn á réttar brautir. Hefði það verið gert, hefðu Bandaríkjamenn og Evrópuþjóðirnar kannski minni áhyggjur af Rússlandi núna og óöldinni þar. En Kaninn vildi ekki hjálpa Rússum, segja sumir: kannski kaus hann helzt, að Rússland kæmist ekki á fætur.

# Fagra Ísland – dagur þrjú

UMRÆÐAN

Umhverfismál



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Þegar Samfylkingin kynnti umhverfis- og virkjanastefnu sína undir yfirskriftinni Fagra Ísland var sérstaklega til þess tekið að á komandi fimm árum yrði hlé á stóriðjuframkvæmdum í landinu. Á degi tvö í stjórnarsamstarfinu kom svo í ljós að álitamál varðandi Þjórsárver og Norðlingaölduveitu höfðu ekki verið rædd í stjórnarmyndunarviðræðunum á þann hátt að lyktir fengjust og niðurstaða. Um það báru misvísandi yfirlýsingar frá hendi oddvita ríkisstjórnarflokkanna vitni.

Ef um pólitískt hjartans mál hefði verið að ræða má ætla að málið hefði verið til lykta leitt. En þegar á degi tvö í ríkisstjórnarsamstarfinu hafði semsé komið í ljós að Fagra Ísland hafði verið látið sitja á hakanum. Nú er runninn upp þriðji dagurinn þar sem Fagra Ísland kemur upp í hugann. Gengið hefur verið frá orkusölusamningi vegna nýs álvers í Helguvík og ná skuldbindingar orkusala aldarfjórðung fram í tímann. Orkusalarnir eru Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur. Ekki er vitað um neina tilburði af hálfu ríkisstjórnarinnar til að hafa áhrif í þá átt að fá þessum áformum breytt og er það óræk staðfesting á því að stóriðjustefnan er hér á fullri ferð og greinilega enginn pólitískur vilji fyrir öðru.

Ákvarðanir sem orkufyrirtækin taka varða landsmenn alla. Þær skipta máli í efnahagslegu tilliti að ógleymdri náttúrunni því virkja þarf til að afla orkunnar. Jafnvel þótt beisluð orka væri fyrir hendi er ljóst að þörfin fyrir orku fer vaxandi – aðrir nýtingarmöguleikar en stóriðja skjóta upp kollinum í vaxandi mæli og er það ótrúleg skammsýni að binda orku landsmanna áratugi fram í tímann í þágu erlendra stóriðjufyrirtækja. Allt þetta lætur hinn glaði Samfylkingarmeirihluti á Alþingi sér í léttu rúmi liggja.

Nú er spurningin hvað gerist á degi fjögur. Verður Fagra Íslandi áfram fórnað til að svala löngunum og þrám til að verma sætin í Stjórnarráði Íslands? Ég geri ráð fyrir að þeim sem kusu Samfylkinguna út á Fagra Ísland sé ekki skemmt og vel gæti svo farið að nú færu að stirðna brosin hinna brosmildu.

*Höfundur er þingflokksformaður VG.*

# Hjólhýsi - slysagildrur á hjólum?

**UMRÆÐAN**
Forvarnir



RAGNHEIÐUR DAVÍÐSDÓTTIR

Nú fer í hönd sá árstími sem hvað flestir eru á ferðinni. Það hefur væntanlega ekki farið framhjá mörgum að mikil aukning hefur orðið á hvers konar eftirvögnum á þjóðvegum og þá einkanlega hjólhýsum.

Á síðustu þremur árum hefur skráðum hjólhýsum fjölgað úr 747 árið 2004 í 1986 í lok síðasta árs. Allt stefnir í metár nýskráninga hjólhýsa á þessu ári. Mikið hefur verið rætt um hættuna sem felst í því að aka með hjólhýsi í eftirdragi, ef ekki er farið að reglum um heildarþyngd eftirvagnsins miðað við ökutækið sem dregur. Um það gilda ákveðnar reglur sem fólk ætti að kynna sér í þaula áður en það kaupir sér hjólhýsi. Allar upplýsingar um þær reglur má finna á www.us.is.

Af reynslu minni getur verið varhugavert að fara eftir þeim leiðbeiningum sem söluaðilar gefa en borið hefur á misvísandi „ráðleggingum“ frá misvitrum sölumönnum. Í skráningarskírteini bílsins koma fram upplýsingar um þá þyngd sem leyfilegt er að draga á viðkomandi bíl. En það er önnur hætta sem fylgir færanlegum hýbýlum manna og ekki síður nauðsynlegt að huga að. Nær öll hjólhýsi og aðrir íverustaðir fólks á ferðalögum, hafa að geyma gaskúta sem notaðir eru sem orkugjafi fyrir eldun, upphitun og fl. Gasið er lyktarlítið og sést ekki og getur því valdið mikilli hættu, leki það út af einhverjum orsökum. Helsta hættan skapast að nóttu til þegar fólk er sofandi. Það er því jafn nauðsynlegt að hafa gasskynjara í hjólhýsinu, fellihýsinu, tjaldvagninum og húsbílnum og reykskynjara. Reyndar er nauðsynlegt að hafa gasskynjara alls staðar þar sem gas er notað - hvort sem það er í sumarhúsinu, heimilinu eða í færanlegum hýbýlum á ferðalögum. Þótt allrar varúðar sé gætt og menn telji sig vera með fullkominn búnað, er ekkert svo fullkomið að það geti ekki bilað. Þá ríður á að gasskynjari sé til staðar ef gas lekur óhindrað út í andrúmsloftið.

Með aukinni notkun hjólhýsa, og annarra eftirvagna á tjaldstæðum landsins, er vert að benda fólki á að það krefst leikni að leggja slíkum tækjum, t.d. bakka þeim í ákveðin stæði. Fara þarf sérstaklega varlega þar sem börn geta hæglega leynst utan við sjónlínu ökumannsins. Góð regla er að hafa alltaf aðstoðarmann sem leiðbeinir þegar bakkað er við þessar aðstæður eða stíga einfaldlega út úr bílnum og athuga vel aðstæður áður en bakkað er.

Að lokum skal bent á að eftirvagnar taka í sig mikinn vind og því er fólki ráðlegt að athuga vel veðurspána áður en lagt er í ferðalag með eftirvagn, hvort um er að ræða hjólhýsi, hestakerru, tjaldvagn, fellihýsi eða annað sem tekur í sig vind. Síðar í þessum mánuði munu VÍS og Frumherji bjóða eigendum eftirvagna endurgjaldslausa skoðun og er fólk hvatt til þess að nýta sér það tækifæri. Kapp er best með forsjá. Hugum að öryggismálunum fyrst og fremst. Líf og heilsa eru í húfi.

*Höfundur er forvarnafulltrúi hjá VÍS*

# Brennisteinsfjöll á dagskrá

**UMRÆÐAN**
Umhverfismál

Á liðnu hausti gaf Samfylkingin út umhverfisstefnu sína undir yfirskriftinni Fagra Ísland. Í kjölfarið var tekin víðtæk umræða um þau rannsóknarleyfi sem fyrir lágu frá orkufyrirtækjum er varðar Brennisteinsfjöll. Sú umræða leiddi til þess að stjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. (HS hf.) ákvað að draga sameiginlega umsókn sína með Orkuveitu Reykjavíkur (OR hf.) til baka. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hvatti í ályktun stjórnir OR hf. og Landsvirkjunar að fylgja eftir jákvæðu fordæmi HS hf.



GUNNAR SVAVARSSON

Það hefur verið mikilvægt að vera þátttakandi í þessu ferli og geta stutt við það á beinan hátt sem stjórnarmaður í HS hf. og forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði. Í grein minni í Fréttablaðinu 2. nóvember sl. er minnt ítrekað á verndargildi Brennisteinsfjalla. Á sama hátt er tekið fram að orkufyrirtækin verði öll að stíga nú fram og draga til baka umsóknir um rannsóknarleyfi á viðkvæmum svæðum og einbeiti sér að því með umhverfisráðuneytinu og iðnaðarráðuneytinu að skipuleggja úthlutun rannsóknarleyfa á svæðum sem þegar hefur verið raskað en hlífa hinum. Það er jafnmikilvægt fyrir orkufyrirtækin að hafa tækifæri til framþróunar um leið og sátt verður að ríkja um þau verkefni sem unnið er að. Ég er sannfærður að með því að hlífa Brennisteinsfjöllum muni skapast aukin og virkari samræða um aðra betri rannsóknarkosti.

Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks er vikið að því að sérstök áhersla verði lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt verður að því að ljúka vinnu við rammaáætlun fyrir lok árs 2009 og leggja niðurstöðuna fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu. Þar til sú niðurstaða er fengin verði ekki farið inn á óröskuð svæði án samþykkis Alþingis, nema rannsóknar- eða nýtingarleyfi liggi fyrir. Sátt verður því að skapast um þau rannsóknar- eða nýtingarleyfi sem þegar liggja fyrir.

Nokkur svæði, sem talin eru mikilvæg út frá verndarsjónarmiðum af stofnunum umhverfisráðuneytisins, verða nú undanskilin nýtingu og jarðrask þar óheimilt þar til framtíðarflokkun hefur farið fram í samræmi við staðfestar niðurstöður hinnar endurskoðuðu rammaáætlunar. Slík svæði eru m.a. Askja, Brennisteinsfjöll, Hveravellir, Kerlingafjöll, Kverkfjöll og Torfajökull. Brennisteinsfjöllin eru svo sannarlega komin á dagskrá – Til hamingju !

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.*




# Silfur Egils Helgasonar

**UMRÆÐAN**
Ráðningarsamningar


ARI EDWALD

Eins og nýlega hefur komið fram telja 365 miðlar á sér brotið með þeirri ákvörðun Egils Helgasonar að flytja þátt sinn Silfur Egils yfir til RÚV og ráða sig þar til starfa frá 1. júní sl. Ástæðan er sú að fyrirtækið telur að bindandi samningur hafi verið kominn á milli Egils og 365 miðla um að hann stýrði þætti sínum á Stöð 2, a.m.k. næstu tvö árin. Í umræðum hefur komið fram að margir telja slíkar samningsskuldbindingar léttvægar og skilja ekki af hverju fyrirtækið er að gera sér rellu út af málinu. Virðast jafnvel halda að 365 vilji neyða Egil „með fógetavaldi“ til að starfa hjá sér, sem auðvitað getur aldrei gerst. Tel ég nauðsynlegt að skýra málið frekar.

**Samningur kominn á**

Viðræður okkar Egils um gerð nýs samnings hófust í lok mars sl. og á fundi hinn 19. apríl náðum við saman í meginatriðum. Vildi Egill þó fá stuttan frest áður en endanlega yrði gengið frá málinu. Hann sendi mér skilaboð að morgni 22. apríl um að hann gengi að því sem við hefðum rætt um störf hans fyrir fyrirtækið og við gengum í síma frá munnlegum samningi í framhaldi af því. Við ákváðum að staðfesta þann samning með tölvupóstsendingum okkar á milli og sendi ég honum um hæl eftirfarandi tölvupóst:

„Sæll Egill,
Staðfesti að eins og við töluðum um í símanum áðan, **þá er kominn á samningur milli okkar til a.m.k. 2ja ára,** með einum greiddum mánuði vegna sumarleyfis. Launagreiðsla til EH xxx/mán. [fellt út vegna trúnaðar]. Að öðru leyti í samræmi við þann ramma sem gilt hefur og það sem farið hefur okkar á milli, en við skulum klára skriflega útgáfu af þessu í vikunni.“

Egill svaraði átta mínútum síðar: „OK, móttekið, ég fer á laun 1. sept. – kv. Egill.“

*Egill fullvissaði mig um að samningur okkar stæði eins og stafur á bók og ekkert væri að marka kjaftasögur um annað. Þessu skýrði ég frá innan fyrirtækisins og við trúðum Agli. Á þessum tíma voru liðnar um 3 vikur frá því að hann gekk frá samningi við RÚV.*

Ég tel að fleiri gögn styðji málstað 365 miðla en fer ekki út í það plássins vegna. Þetta er kjarninn. Ég hygg að öllum sé ljóst sem lesa þessi samskipti að ef málið hefði horft við á hinn veginn, þ.e. 365 miðlar ákveðið að taka þátt Egils af dagskrá, en hann ekki verið að ráða sig annars staðar, þá hefði fyrirtækið verið bundið við það að greiða honum laun í tvö ár. Alveg kristaltært! Það verður auðvitað að virka í báðar áttir. Egill er reyndar ekki venjulegur launamaður, heldur sjónvarpsstjarna, sem semur um hátt gjald til langs tíma fyrir sig og vörumerki sitt. Fyndist fólki eðlilegt að fótboltastjarna sem hefði gengið frá 2ja ára samningi við eitt lið gæti bara labbað í burtu frá þeim samningi? Myndi fólk þá segja: Ja, hann verður auðvitað að ráða með hvaða liði hann spilar maðurinn? Nei, aldeilis ekki. Allir vita að þegar svona mál koma upp í fótboltanum þarf að semja um félagaskiptin.

Egill verður þó ekki frekar en fótboltamaðurinn færður í böndum inn á völlinn eða í stúdíóið. Markmið 365 miðla með væntanlegum málarekstri er einfaldlega að fá staðfest hver lagaleg staða málsins er, þannig að hægt sé að vinna úr málinu á réttum grundvelli. Það er í raun skylda okkar sem stjórnum 365 miðlum að fylgja málinu eftir, fyrst við teljum brotið á fyrirtækinu.

Það er 365 miðlum að meinalausu að Egill kjósi fremur að starfa hjá RÚV, ef hann tekur þær ákvarðanir í samræmi við aðrar samningsskuldbindingar sínar, en framkoma Egils í garð 365 miðla hefur verið vægast sagt óvenjuleg. Í símtali 22. maí innti ég Egil eftir stöðu mála, þar sem m.a. stjórnarmenn og nánir samstarfsmenn hjá 365 báru venslafólk Egils og nafngreinda starfsmenn RÚV fyrir því að hann væri að fara þangað. Egill fullvissaði mig um að samningur okkar stæði eins og stafur á bók og ekkert væri að marka kjaftasögur um annað. Þessu skýrði ég frá innan fyrirtækisins og við trúðum Agli. Á þessum tíma voru liðnar um þrjár vikur frá því að hann gekk frá samningi við RÚV.

**Framlag útvarpsstjóra**

Í Fréttablaðinu hefur komið fram að Páll Magnússon útvarpsstjóri er einn þeirra sem segjast ekki skilja þegar fólk er þvingað til vinnu með „fógetavaldi“. „Mér finnst afskaplega sérkennilegt þegar fólk vill hætta í vinnu sinni, að vinnuveitandi skuli hanga á því eins og hundur á roði. En menn þurfa auðvitað að fljúga eins og þeir eru fiðraðir,“ segir Páll.

Maður hlýtur að spyrja: Er það orðin opinber stefna í ríkisrekstrinum að líta á þá sem einhverja furðufugla sem telja enn að það eigi að virða gerða samninga?

Það er því miður komið fram sem flestir vissu, og Samkeppniseftirlitið lýsti í umsögn sinni um RÚV-frumvarpið í vor, að sú lagasetning hefur raskað mjög samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði. Stjórnendur RÚV hafa nú þrjá milljarða króna af skattpeningum til að yfirbjóða það sem fyrir er á markaðnum, í þeim tilgangi að búa til eftirsóttara auglýsingasjónvarp. Þó kastar tólfunum þegar ríkisfyrirtækið varðar ekkert um hvort samningar annarra kunni að hafa verið brotnir í því ferli. Hvað finnst menntamálaráðherra og öðrum stjórnvöldum sem málið snertir? Er það svona sem hlutirnir eiga að vera?

*Höfundur er forstjóri 365 miðla.*

## BLOGG.VISIR.IS

### Huggun í handboltanum



Mitt í hremmingum fótbotlalandsliðsins má hugga sig við að við eigum 8. besta handboltalandslið í heimi - lið sem hefur verið með á nær öllum stórmótum í boltanum undanfarin ár. Samkvæmt þessari frétt var liðið að leggja Tékka að velli á útivelli sem teljast mjög góð úrslit. Á næstunni verður spilað við Serbíu um laust sæti á næsta EM í handbolta sem haldið verður í Noregi snemma á næsta ári. Síðari leikurinn fer fram í Laugardalshöllinni þann 17. júní en á þeim degi í fyrra lögðum við Svía að velli og tryggðum okkur þátttöku á HM í Þýskalandi.

**Ágúst Borgþór Sverrisson**
**blogg.visir.is/agustborgthor**

### Sjóðheitir

Sjóðheitir ofurkroppar að hnykla vöðvana fyrir utan gluggann hjá



mér, berir að ofan í slökkviliðsmannabuxum í myndatöku. Arrrrr. Þvílíkt útsýni, ólétta heimavinnandi húsmóðirin gæti alveg vanist svona skemmtun. Var snögg að poppa fyrir stelpuna, skella Bamba í tækið svo mamma gæti fylgst með bamba sínum - næstum því!! Biggi kom óvænt strunsandi heim með nýtt dót sem hann hafði pantað sér, sem hann fór að púsla saman, þannig fór það gaman.

**Vigdís Jóhannsdóttir**
**blogg.visir.is/vigdisjohannsdottir**






# Athugasemd frá Agli Helgasyni

**UMRÆÐAN**
Ráðningarsamningar


EGILL HELGASON

Þær upphæðir sem hafa verið nefndar sem launagreiðslur til mín bæði frá 365 og RÚV eru fjarri veruleikanum eins og blaðamenn Fréttablaðsins hefðu getað komist að ef þeir hefðu haft samband við mig. Veit ég ekki hvaðan upplýsingar um þær eru komnar. Skipti mín yfir á Ríkisútvarpið eru ekki vegna þess að þar hafi mér boðist meiri peningar – heldur vegna þess að ég tel framtíðarhorfurnar bjartari í því fyrirtæki.

*Eins og komið hefur fram hef ég ákveðið að heiðra meintan „samning“ við 365. Ég hafna því að hann hafi verið gerður, en til að koma í veg fyrir þjark fyrir fógeta og dómstólum kýs ég að fara þessa leið.*

Samskipti mín við 365 undanfarna daga hafa styrkt mig í þeirri trú. Það er betra að byggja upp en rífa niður.

Í þessu ljósi er reyndar kaldhæðnislegt að það blasir við að í sumar verð ég á launalausum uppsagnarfresti frá 365 – en eins og komið hefur fram hefur fyrirtækið ekki greitt mér laun á sumrin – án þess þó að geta unnið fyrir mér annars staðar. Ég er ekki einu sinni viss um að ég megi blogga.

Eins og komið hefur fram hef ég ákveðið að heiðra meintan „samning“ við 365. Ég hafna því að hann hafi verið gerður, en til að koma í veg fyrir þjark fyrir fógeta og dómstólum kýs ég að fara þessa leið. Vona þá að málið sé úr sögunni.

Það er dagljóst að í hinum meinta „samningi“ er 3 mánaða uppsagnarfrestur. Í síðasta tölvupósti sem mér barst frá Ara Edwald stendur að samningurinn verði að öðru leyti (fyrir utan laun) „í samræmi við þann ramma sem gilt hefur“. Í fyrri samningum mínum við fyrirtækið hefur ávallt verið 3 mánaða uppsagnarfrestur.

Ég hef þegar sagt upp hinum meinta „samningi“. Þættir sem ætlunin er að ég stjórni fyrir RÚV fara í loftið í haust eins og ráðgert var.

Auðvitað vildi ég vera á launum eins og talað er um í dálki Fréttablaðsins. Staðreyndin er hins vegar að laun blaða- og fjölmiðlamanna á Íslandi eru frekar léleg, sérstaklega ef miðað er við forstjóra og lögmenn.

*Höfundur er umsjónarmaður Silfurs Egils.*






### Tískugyðjurnar
og ólátabelgirnir Paris Hilton, Britney Spears og Lindsay Lohan eru sífellt í sviðsljósinu. Ef einhver hefur ekki fengið sig fullsaddan af þeim þá er hægt að skoða nokkuð nýstárlegar myndir af þeim í Andy Warhol-stíl á vefsíðunni www.galleryoftheabsurd.typepad.com.

### Tilboðsdagar
eru nú í versluninni Tekk Company í Bæjarlind 14-16. Þar fást Dalton- og Monaco-sófar með 20 prósenta afslætti. Verslunin er opin virka daga frá kl. 10.00-18.00, laugardaga frá kl. 10.00-16.00 og sunnudaga frá kl. 13.00-16.00. Nánar á síðunni www.tekk.is

### Forskráning er hafin
í Húsasmiðjuhlaupið sem fer fram 9. júní næstkomandi, eftir nokkurt hlé. Skráningin stendur yfir til kl. 22.00 föstudaginn 8. júní. Nánari upplýsingar um hlaupið á vefsíðunum www.hlaup.is eða husasmidjan.is, þar sem hægt er að skrá sig í hlaupið.













Þórdís Claessen á næst söluhæstu bókina á Íslandi í dag, en hún fjallar um veggjakrot. Þórdís hannar líka boli og elskar dökkblátt. FRETTABLADID/ANTON

# *Strákastelpa í stelpustrigaskóm*

***Þórdís Claessen elskar dökkblátt og hefur gaman af því að sjá gallabuxur eldast eins og vín.***

„Öll þessi föt eru í sérstöku uppáhaldi hjá mér, þó að reyndar sé það hrein tilviljun að bæði skórnir og hettupeysan séu frá Adidas. Ég er enginn sérstakur aðdáandi Adidas en verð samt að viðurkenna að hönnuðir þeirra kunna réttu handtökin þegar kemur að hönnun „retro“ sportfatnaðar,“ segir Þórdís og vísar um leið þeirri athugasemd blaðamanns frá að fötin séu eitthvað strákaleg. „Mér finnst þetta ekkert strákaleg föt. Dökkblár er bara einn af uppáhalds litunum mínum og ef fólki finnst hann strákalegur þá verður bara að hafa það,“ segir hún og hlær. „Ég keypti þessar fínu Levis 511 gallabuxur í Manchester á dögunum og á eftir að hafa gaman af því að sjá hvernig þær eldast. Því er nefnilega svipað farið með gallabuxur og rauðvín. Þær verða betri með aldrinum.“

Fyrir utan það að reka bolabúðina Ósómu ásamt vini sínum Gulla, vinnur Þórdís að ýmsum aukaverkefnum. Meðal annars tók hún að sér útlitshönnun Vildarleiðar Landsbankans fyrir ungt fólk og auk þess notar hún tímann til að fylgja eftir bók sinni um götulist í Reykjavík, en sú bók er eftir Þórdísi og var gefin út af Gingko Press í Bandaríkjunum „Rétt í þessu var ég að lesa lista yfir mest seldu bækur landsins og þar er hún í öðru sæti,“ segir þessi káta, kraftmikla stelpa að lokum.

.

*mhg@frettabladid.is*




# Bylgjan á puttanum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með!
Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur færandi hendi ef heppnin er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

www.bylgjan.is – allar upplýsingar og hlustað í beinni



**Opnir skór** eru tilvaldir á sumrin. Þá þurfa tærnar að vera fallegar og vel snyrtar. Fótabað og baðsalt er besta lausnin, ásamt fótaraspi.



















# Goth snýst um tjáningu

*Rakel Ýr Ómarsdóttir fer óhefðbundar leiðir í fatavali.*



Rakel Ýr Ómarsdóttir tilheyrir ört stækkandi hópi goth-ara hérlendis, en víða erlendis er goth vinsæll lífsmáti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Goth snýst um tjáningu og yfirlýsingar. Sjálf vil ég til dæmis ekki fara eftir settum reglum í klæðaburði, heldur vel eigin leiðir. Svo er þetta líka ákveðinn lífsstíll. Þess vegna kjósa margir goth-arar að verja tímanum saman og ræða þá gjarnan fordómalaust um allt milli himins og jarðar,“ segir neminn og listakonan Rakel Ýr Ómarsdóttir, sem hefur tileinkað sér gotneskan stíl.

Að sögn Rakelar má finna fólk á öllum aldri sem fer eftir goth-lífsmátanum, ekki bara leitandi unglinga, gagnstætt því sem margir kunni að halda. „Í London er að finna fólk frá unglingsaldri og alveg upp í fimmtugt, sem sækir í Camden Town-hverfið,“ útskýrir hún. „Goth tengist því ekki bara einhverju unglingaskeiði. Auðvitað getur þetta samt alveg elst af fólki. Það er bara alveg eins með það og annað sem það tekur sér fyrir hendur.“

Föt eru stór hluti af ímynd gotharа og segist Rakel kaupa megnið af þeim erlendis, enda sé ekki hlaupið að því að fá slíkan fatnað hérlendis, þótt þeim verslunum fjölgi sem selja þau. „Ég versla til dæmis í London, þar sem ég get fundið á mig áhugaverð lífstykki og kjóla í viktoríönskum stíl. Goth-stefnan hefur sterk ítök þar og Camden Town er undirlagt af goth-verslunum, þar sem mikil lífsgleði ríkir. Á Íslandi finn ég helst föt á mig í Spútnik og slíkum búðum.“

En skyldi ekki fara töluverður tími í að setja upp farðann, greiða hárið og skella sér í latex, leður og plast áður en haldið er út á lífið? „Nei, alls ekki,“ svarar Rakel hlæjandi og bætir ögn kaldhæðnislega við: „Það er að vísu mjög misjafnt, en yfirleitt er nú ekki mikið mál að slétta á sér hárið og mála sig um augun.“

Rakel segir að viðbrögðin sem hún og vinir hennar fái vegna klæðaburðarins nokkuð misjöfn. „Mörgum finnst fatnaðurinn töff og játa að þeir vildu óska sér að vera jafn frjálslegir og við,“ segir hún. „Öðrum hættir til að líta á mig eins og eitthvert viðrini og koma jafnvel fram við mig í samræmi við það. Ég viðurkenni samt að goth-arar eru ekki alltaf barnanna bestir og geta verið jafn fordómafullir gagnvart þeim sem kjósa að fara hefðbundnari leiðir í fatavali. Sýnir það ekki bara að í öllum hópum leynast svartir sauðir?“

*roald@frettabladid.is*



Rakel Ýr á marga vini sem hafa tileinkað sér gotneskan lífsmáta og fékk leyfi til að mynda nokkra þeirra. MYND/RAKEL ÝR ÓMARSDÓTTIR



Rakel uppáklædd og komin í gothstemningu. Breytingin er ótrúleg. MYND/RAKEL ÝR ÓMARSDÓTTIR



Að sögn Rakelar fá hún og vinir hennar nokkuð misjöfn viðbrögð við klæðaburðinum. MYND/RAKEL ÝR ÓMARSDÓTTIR



Goth snýst öðrum þræði um að fylgja ekki meginstraumnum í samfélaginu heldur fara eigin leiðir. MYND/RAKEL ÝR ÓMARSDÓTTIR



Rakel segir það yfirleitt lítið mál að hafa sig til, þótt það kunni að virðast tímafrekt og flókið. MYND/RAKEL ÝR ÓMARSDÓTTIR



**Sumarútsölurnar** blómstra á Norðurlöndunum í júlí. Þar vilja frændur okkar ólmir losna við haust- og vetrarföt sem eru fín fyrir íslenskar aðstæður.








## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Tískan og börnin

Tískuhús hafa sum hver löngum hannað klæðnað fyrir börn og þá sérstaklega fyrir stelpur (Baby Dior, Cacharel, DKNY). Þannig hafa fínar frúr klætt dætur sínar í stíl við sinn eigin klæðnað. Prada framleiðir litla strigaskó og svona mætti áfram telja. Strákar njóta samt sífellt meiri athygli hönnuða og nú eru nokkur tískuhús sem bjóða upp á tískulínur bæði fyrir stráka og stelpur (D & G).



Eins og fyrir fullorðna eru litirnir sterkir fyrir þetta sumar, blandað er saman hvítu sem er einn aðalliturinn og hárauðu í munstri, til dæmis í kjólum og skyrtum (Kenzo). Einnig er mikið um gult og grænt og hjá strákunum er bleikt og fjólublátt komið í bolina líkt og hjá körlunum í fyrrasumar. Sömuleiðis er ýmiss konar munstur og röndótt notað bæði í boli og peysur í barnatískunni líkt og hjá fullorðnum.

En framleiðendur í fjöldaframleiðslu eru sömuleiðis uppteknari en áður af barna- og unglingatísku. Ástæðurnar eru margar. Í Frakklandi er fæðingartíðni óvenju há miðað við önnur Evrópulönd (tvö börn á hverja konu, 890.000 fæðingar 2006) og markaðurinn því stór. Konur eru flestar um þrítugt og útivinnandi þegar þær hefja barneignir en fæðingarorlof er hér aðeins tæpir þrír mánuðir og því mæður fullar samviskubits að skilja hvítvoðungana eftir í höndum ókunnugra. Þess vegna er ekkert nógu gott til að klæða litlu greyin.

Umhverfisvernd verður sífellt mikilvægari í tískunni og fara barnaföt ekki varhluta af því. Eðlilega vilja foreldrar ekkert nema það besta fyrir börn sín og því verður allt sem er náttúrulegt og nú í jafnvægi við náttúruna sífellt vinsælla. Til dæmis býður nú H&M upp á föt úr umhverfisvænni bómull en H&M hefur löngum verið framarlega hvað varðar tískuhönnun fyrir yngri kynslóðirnar. Sama má segja um Monoprix, sem er eins konar Hagkaup hér í landi og hefur um nokkurt skeið boðið vörur úr náttúruvænni bómull. Mörg fyrirtæki í fjöldaframleiðslu hafa tekið sig á í hönnuninni til að bjóða tískulegri klæðnað sem fylgir tíðarandanum í litum og munstri. Joe Black er nýtt merki fyrir stráka frá 2-16 ára sem Stéphane Marquand hannar fyrir en hann segist hafa tekið eftir því að framboðið sé miklu meira fyrir stelpur og að það vanti meiri fjölbreytni fyrir stráka. Hjá Joe Black eru framleidd föt og fylgihlutir og nú geta pabbar keypt sér fylgihlut í stíl við strákinn líkt og mömmurnar áður. Þó að viðtökurnar hafi verið góðar hefur fyrirtækið nú ákveðið að setja á markað nýja tískulínu fyrir stelpur. Strákatískan er ekki enn orðin nógu arðbær til að hún beri sig ein og sér.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


# Sætir karlar

BIOTHERM SETUR SÓLARVÖRUR FYRIR KARLMENN Á MARKAÐINN.

Tímarnir breytast og mennirnir með. Í dag er svo komið að margir karlmenn víla það ekki fyrir sér að nota snyrtivörur enda er þeim umhugað um útlitið líkt og konum, þó það teljist kannski ekki til hefðbundinnar karlmennsku að viðurkenna slíkt pjatt. Í gegnum tíðina hefur þetta þó ekki alltaf verið svona. Karlmenn hafa margir tekið upp á því að farða sig, þá sérstaklega popparar, og flestir muna þegar Duran Duran-drengirnir þóttu fyrirmyndarkarlmenn með gloss, augnpenna og hársprey í óhóflegu magni. Núna er það kannski ekki alveg málið, en engu að síður mega strákarnir alveg „svindla“ til að gera sig sætari. **- mhg**



Bólu- og baugahyljari fyrir karlmenn sem fá bæði bólur og bauga.



Sólarpúður fyrir herra. Fíngert og létt og gefur mjög náttúrlegan og fallegan blæ.



Power Bronse frá Biotherm er litað dagkrem fyrir karlmenn. Kremið frískar upp á andlitið og gefur því útitekinn blæ.



Sólvarnarúði í sportlegum og herralegum umbúðum sem hentar körlum á öllum aldri hvort sem þeir eru í fjallaferð, stórborgarferð, sólbaði eða garðvinnu.







**Blaðagrindur** eru góðar fyrir tímarit sem er gaman að halda upp á. Tíðar ferðir í blaðagáma og endurvinnsluna eru einnig bara af hinu góða.



## Sólríkir dagar í stofunni

ÞÓTT ÚTI SÉU VEÐUR VOND GETUR SÓLIN SKINIÐ Í STOFUNNI.

Húsgögn í skærum og heitum litum geta breytt stofum í líflega og bjarta staði. Hér eru tveir stólar sem minna á sumarið. Liljan eftir Arne Jacobsen frá árinu 1970 er falleg í eldrauðum lit. Attitude eða Viðhorf heitir appelsínuguli stóllinn eftir Morten Voss.



Viðhorf



Lilja



Skógarmalva blómstrar um mánaðamótin maí-júní og er í blóma lungann af sumrinu. Hún er yfirleitt í lilluðum litum og verður nokkuð há, þannig að hún þarf gott skjól og gott er að setja upp við hana pínulítinn bambus. Skógarmalvan er mjög dugleg planta en nauðsynlegt er að gefa henni góðan áburð eins og öðrum sumarblómum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sumarblómin stór og smá

***Tími sumarblómanna er loks að renna upp og óhætt að fara að pota þeim niður utan dyra.***

Sumarblómin eru einærar plöntur og eru í blóma yfir sumartímann í öllum regnbogans litum og lífga upp á umhverfið. Blómin má setja í ker, potta eða í beð með fjölærum plöntum og runnum til skrauts. Í Gróðrarstöðinni Storð í Kópavogi má finna gríðarlegt blómahaf og hægt að velja sér blóm af öllum stærðum og gerðum fyrir sumarið.

Jón Ragnar Björgvinsson, starfsmaður í Storð, segir nauðsynlegt að gefa sumarblómunum áburð og mælir sérstaklega með að notaður sé fljótandi áburður eins og settur er á stofublóm. *- sig*



Sólbrúður er svipuð mölvunni en verður ekki eins há. Hún þarf enga sérstaka meðferð aðra en sólríkan stað.



Cosmos er líkur sólbrúðunni í umhirðu og gildir það sama um þessi blóm.



Skrautsalvía er mikið notuð í samplantanir og í ker, til dæmis með hengiplöntum því hún stendur upp úr.



Hengitóbakshorn er afbrigði af venjulegu tóbakshorni. Þetta er hengiplanta sem greinir sig og það er gott að slíta af tvo til þrjá lengstu endana framan af greinunum því þá þéttist hún mikið og getur myndað heilt teppi. Þetta blóm er mjög gott að nota í beð og á leiði því það skríður eftir moldinni og er mjög sterkt. Er til í hvítu, purpurarauðu, rauðu og fjólubláu og er í blóma allt sumarið.

Ertu skóhólisti?

Það er til lausn!
Fallegu Clearbox dömuöskjurnar eru svar þitt við hrúgunum sem flæða út úr skóskápunum.
Öskjurnar eru líka til í stærðum fyrir stígvélaáhugamenn og skóara.
Notaðu augljósu geymsluaðferðina.



www.theclearbox.com - sími 511 0909

JÚNÍTILBOÐ
Á ROWE SÓFUM, SVEFNSÓFUM OG STÓLUM




DALTON
Litir: Ljós / Beige – Ólífugrænn – Malt-brúnn

| | | |
|---|---|---|
| 3ja sæta | Verð áður 109.000 kr. | Nú 87.200 kr. |
| Svefnsófi | Verð áður 159.000 kr. | Nú 127.000 kr. |
| Stóll | Verð áður 82.000 kr. | Nú 65.600 kr. |
| Skemill | Verð áður 48.000 kr. | Nú 38.400 kr. |

TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



**Fjarstýringar** vilja safnast upp á heimilum og eiga það til að týnast. Gott er að útbúa poka eða körfu í sjónvarpsherberginu þar sem fjarstýringarnar eiga heima þegar ekki er verið að nota þær.



Ilmur hélt upp á ellefu ára afmælið sitt í Keramik fyrir alla og fengu gestir hennar að mála á keramikmuni. Vinsældir slíkra afmælisveislna fara vaxandi að sögn Sigurbjargar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Vinsældir keramiksins vaxandi

***Galleríið Keramik fyrir alla skipti um eigendur í janúar og það eru stöllurnar Sigurbjörg Marteinsdóttir og Helena Stefánsdóttir sem eiga það nú. Þær bjóða hópum upp á að koma í galleríið til að mála á keramikmuni sem síðan eru brenndir.***

„Það er hægt að velja á milli matarstells, styttna, bauka eða hvers sem er. Hingað er vinsælt að koma til að halda upp á barnaafmæli en auk þess höfum við fengið hingað fólk í óvissuferðir, gæsapartí eða bara vinahópa sem vilja koma og mála á leirmuni,“ segir Sigurbjörg, sem sjálf er leirlistakona.

Í galleríinu er úrval af keramik- og leirvörum auk þess sem hægt er að fá þar vettlinga, trefla og fleira úr þæfðri ull. „Helena er með glervinnustofu hér líka þar sem hún er með glerblástur,“ segir Sigurbjörg en tekur fram að keramik sé þó uppistaðan í galleríinu. „Við erum að auka við starfsemina og erum komnar með málverkagallerí þar sem tvær sýningar standa yfir núna.“

Yfir sumartímann bjóða Sigurbjörg og Helena upp á námskeið fyrir börn á aldrinum sex til tólf ára þar sem þau bæði búa til muni úr jarðleir og mála á keramikmuni. „Á veturna erum við hins vegar með ýmis námskeið fyrir fullorðna og það má segja að vinsældirnar keramiklistarinnar séu mjög vaxandi,“ segir Sigurbjörg í Keramik fyrir alla. *- sig*



Einbeitingin skín úr andlitum vinkvennanna þar sem þær vanda sig við málninguna.













# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílabúð Benna NOTAÐIR



Dathatsu Terios Árg. 1998 Ekinn 80 Þús. km Sjálfskiptur Ný Skoðaður Nýl Tímareim o m/fl. Verð Aðeins 290,000-



Subaru Legacy Outback 2,5l Árg. 10/1998 Ekinn 170þús. km, sjálfskiptur, Nýjar heddpakningar Og m/fl. verð Aðeins 390,000-

**Bílabúð Benna ehf.**
**Bíldshöfða 10,**
**Sími: 587 1000**
**www.benni.is**

Bílahornið



Toyota Corolla - Tsport, árg. 2004, ek. 79 þ. km, bsk. Ásett. Verð 1.790 þ. Tilboð 1.550 þ.

**Bílahornið**
**Funahöfða 5, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2400**
**www.bilahornid.is**

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



CHRYSLER VOYAGER 2.8 CRDI DÍSEL árg '05 ekinn aðeins 17.þ km Ssk. Verð 4.390.þ TILBOÐ 3.990.þ Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S:5672700



HUMMER H2 EINN MEÐ ÖLLU árg. 2006, 5967cc 321 hö ssk. , ek. 43 þ. Verð 7.990 þ. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn S. 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

X4 ehf



Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr Mazda CX-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.



Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

**X4 ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

## Bílar til sölu



**Mótorhjólafatnaður**
Frábærir mótorhjólagallar á góðu verði úr leðri og Goritex. Sky Trading ehf símar 892 1116 og 892 5005.



Gullfallegur BMW 320I ekinn 202 þ. sjálfsk. Verð 480 Þús. Nýskoðaður. uppl. í síma 895 8873.



**Gullmoli**
Subaru Legasy árg. 1998 sjálf. ekinn 180Þ. sumar og vetradekk, smurbók frá upphafi. Mjög vel með farinn bíll uppl. í síma 895 8873.



VW Passat árg. '98. Ek. 132þ. Tilboð 400 þ. Mjög góður bíll, sk.'08. S. 616 2597.



**MEGAVIKA**
**Renault laguna árg. '99 ek. 119 þ. sk. '08 í toppstandi vel með farinn og góður bíll. Ásett verð er 500 þ. en fæst á 399 þús. stgr. fram á Sunnudag. En ýmis skipti koma til greina, dýrari/ódýrari.**
**Uppl. í síma 865 3307.**



Til sölu Toyota Landcruser 100 12.99 BENSÍN 33" topplúga. Ek. 121 þ. áhv. 1.9 m. Tilboð óskast. Engin skipti. Uppl. gh@simnet.is eða S. 899 8169 e. kl. 14



**TOYOTA LANDCRUISER.**
Toyota Landcruiser GX Dísel sjálfsk. Árg. 09/04 Sumar og vetrar á felgum, dráttarbeisli. Ek. 52 þús. Verð 4.4. Uppl. á Toyota Akureyri í s. 460 4300.



Til sölu BMW 540IA. 300 hestöfl. Árg. '99. Ssk. Ek. 151 þús. Verð 2.050þ. Ath. skipti á ódýrari. Sími 868 8565.



VW Passat 2001 silfurgr. Ekinn 84500. Verð 850.000. Þórir 869 3704.



Til sölu Nissan Patrol Elegance ssk. 38" breyttur árg.04/01 ek. 96 þús. Ek. 8 þús. á vél. tölvukubbur 3" púst, loftdæla 2 álkassar, nýtt hljómfluttningskerfi, verðhugmynd 3.890.000.- áhvílandi lán uppl. í s. 896 5290.



BMW M5 árg.'00 ek. 90þ. M/ öllu TV ofl. Listav. 4,2 Verð 3,6 m. Skoða skipti. Uppl. í s. 690 5726.



**BMW 320**
Bmw 320 12.05 ek. 27 þ. leður, lúga, krómlistar, sumar og vetradekk. Yfirtaka á láni + 150 þ. 53 þ. pr. mán. Uppl. gefur Magnús í s. 868 5930.



Til sölu Toyota Corolla árg. '98 ek. 95.000. km. Sjálfskiptur. 1600 vél, litur vel út og er skoðaður '08. Verð 380.000. Uppl. í s. 615 0210.



Til sölu Citroen BX 4X4. árg.'90 beinskiptur, Ek. 81.300. Litur mjög vel út að utan sem innan, skoðaður '08. Verð 150.000. Uppl. í s. 615 0210.



**Konubíll til sölu**
Suzuki Grand Vitara Lux '06 m/öllu. Ek. 7500 þ. Uppl. í s. 868 5746 & 863 8909.



POLO, ekinn 123þ.km. Ssk. Vetrar og sumardekk. Verð 320.oookr. Uppl. í s. 868 5922.



Honda vtx 1300 2005 ek 6 þús mílur mjög fallegt hjól með fullt að krómi verð 1390 tilboð 1290 lán 1150 þús Bílabankinn 588-0700



Ducati monster 600 1997 fallegt hjól ásett verð 690 þús tilboð 490 þús bílabankinn 588-0700 Möguleiki á 100% láni



Nissan almera 8/2000 ek 122 þús ny skoðaður 08 5 gíra ásett verð 520 tilboð 390 þús möguleiki á 100% láni bílabankinn 588-0700

**www.bilapartar.is**
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

VW Golf árg. '99 litur vel út á álf., 160 þ. út + yfirtaka. Uppl. í s. 892 5013, Guðjón.

Saab 9000 árg.'91 Varahlutir til sölu, 4 álfelgur með góðum dekkjum, gormar að framan sem nýir, vél og sjálfsk. í góðu lagi. Uppl. í s. 898 3904.

Til sölu. Toyota Rav4 árg. 99, sjálfskiptur, ekinn 65,000km. Uppl. í s. 899 2844.

VW Golf Árg. '94 Ek. 105 Þús. Verð 100 þús. Uppl í s. 840 8060.

Toyota Corolla 1300. Beinsk. 4 Dyra Sedan. Árg '95 Sk.'08. Þarfnast örlítið viðhald. Verð Tilboð. S. 844 9476.

Til sölu notaður bílasprautuklefi og 2ja pósta bílalyfta. Uppl. í s. 866 2467.

2 Bílar Peugote 306 árg. 02 og Peugote 406 árg. 98. Ath. Skipti. 866 5052.

Polo árg. '95, ek. 177 þús., 3dyra gullfallegur bíll. Verð 200 þús. Uppl. í s. 868 5922.

## 0-250 þús.

Ódýrir góðir!! Nissan Almera '96 3d., nýsk., v. 95 þ. Golf '94 5d. v. 50 þ. S. 844 6609.

Til sölu Saab 9000 árg. '92 ek. 146 þús. Er í góðu standi. Tilboð óskast. Sími 861 7809.

Colt '92 ssk., sk. 08. Verð 85 þ. Uppl. í s. 699 2707.

## 250-499 þús.



VW GOLF 11/98. ek.143.000! Highline!. Tilboð óskast nr. 661 5425.

CombiCamp tjaldvagn í mjög góðu ástandi nýlegt fortjald og mottur, 300 þ. Uppl. í s. 898 5185.

## 500-999 þús.



Til sölu Ford KA II, árg. '02. Ek. 62 þ.km. Silfurgrár, samlitur, álfelgur. V. 550. þús. kr. S. 820 1708.



Toyota Corolla '99 ek. 121 þ. Skoðaður 2008 Beinsk. eyðsla 7L Verð 560 þ. Uppl. í s. 820 5689.



Skoda Octavia 4x4 árg. '02 ek. 90 þ. ásett 1190 þ. tilboð 950 þ. Uppl. í s. 661 1140.

## 1-2 milljónir



Toyota Corolla 1,6 VVTI '03 sjálfsk., ek. 56 þús., álfelg, sumar/naglad., verð 1.250 þús. Uppl. í síma 664 1084.

## Bílar óskast

Ssk. 4 dyra fólksbíll óskast í skiptum fyrir Rav4 3 dyra, árg. '01 ek. 96 þús. Uppl. á kristrun@ismennt.is

## Jeppar



Toyota Hilux. Árg '95 Bensin. 35" dekk. ek. 195.000. Uppl. í s. 824 2276.



Til sölu Grand Cherokee Overland '02. Ek .43 þús. Mikið af aukabúnaði. Verð 2.570 þús. Skipti koma til greina, helst Yaris eða Micru Uppl. í s. 869 4113.



Isuzu Trooper. Árg '99. Ekinn 174 þús. 5g. 33" dekk. Verð 1.190 þús. Uppl. í s. 868 8565. Ath. sk. á ód.



Suzuki Grand Vitara '05, ek. 23 þús., bsk., leður og fleira. Ath. öll skipti. Lán getur fylgt. S. 690 5726.

Scout árg. '81 3,3 turbo dísel, engin bifreiðargjöld. Verð 65 þús. Uppl. í s. 894 4560.

## Pallbílar

Ford F150 XLT 4x4 '93, 1,5 hús, beinskiptur, 5 gíra, 5L bein innspýting, loftpúðar, 32" dekk. Verð 220 þús. stgr. Uppl. í s. 894 4560.

## Sendibílar



Renault Mascott '05. Ek. 50 þús. Kælir og lyfta 1,5 t. Snyrtilegur, góður bíll. S. 899 1041.

SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH!
NÚ STANDA YFIR
DÝNUDAGAR!
LYSTADÚN Marco
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-15
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954

# norðurland
FIMMTUDAGUR 7. JÚNÍ 2007

## Ástarkveðja frá Akureyri
**Snorri Ásmundsson hugleiðir kærleika úr pýramída í Feneyjum.**
BLS. 6





**Kaþólska kirkjan á Akureyri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNAR ÓMARSSON



Hjá sumum snýst lífið bara um ís...
VERSLUNIN
Brynja
Aðalstræti 3 - Akureyri

# Golf undir miðnætursól

Arctic Open er alþjóðlegt golfmót á vegum Golfklúbbs Akureyrar sem hefur fest sig í sessi og verður nú haldið dagana 21.-24. júní næstkomandi.



**Arctic Open-mótið er haldið í lok júní þegar bjart er allan sólarhringinn.**

Forsvarsmenn Golfklúbbs Akureyrar segir völlinn aldrei hafa verið betri að vori og því von á góðu sumri. Mikil stemning hefur myndast fyrir Arctic Open-mótinu í lok mánaðarins en löngu er orðið uppselt. Nú getur fólk aðeins skráð sig á biðlista. Búast má við kylfingum víðs vegar að úr heiminum.

Það var fyrst árið 1986 að Arctic Open-mótið var haldið og var þá einungis keppt í einum flokki með forgjöf. Kylfingar koma víðs vegar að úr heiminum til að taka þátt í mótinu og njóta þess að spila golf í miðnætursólinni.

Frá árinu 1987 hefur verið keppt í tveimur flokkum, með og án forgjafar, og það ár var atvinnumönnum í fyrsta sinn boðin þátttaka og mótið um leið gert að alþjóðlegu golfmóti. Árið 2002 var bætt við verðlaunum fyrir besta árangur í kvenna- og öldungaflokki án forgjafar.

*- keþ*

# Láttu Lystigarðinn eftir þér

Lystigarðurinn á Akureyri er á Suðurbrekkunni sunnan Menntaskólans. Garðurinn er grasa- og skrúðgarður rekinn af Akureyrarbæ.



Garðurinn var formlega opnaður árið 1912 en grasagarðurinn árið 1957. Garðurinn hefur verið stækkaður þrisvar frá upphafi og er nú um 3,7 hektarar.

Hlutverk garðsins er margþætt. Fyrst og fremst er lögð áhersla á prófanir á fallegum, harðgerðum, erlendum plöntum sem hægt er að rækta hérlendis. Einnig að vera almenningsgarður sem nýtist til fróðleiks og skemmtunar. Á sumrin er garðurinn dásamlegur staður á góðum degi. Fjöldi gosbrunna prýða garðinn ásamt trjám, blómum og gróðri og einnig eru þar fallegir göngustígar og grasflöt þar sem hægt er að liggja þegar sólin birtist.

Lystigarðurinn er opinn frá 1. júní-30. september; á virkum dögum klukkan 8-22 og um helgar klukkan 9-22.

*- rh*



**Að sögn Valdísar varð hugmyndin að Listasumri upphaflega til hjá hópi áhugamanna sem settu sér það markmið að byggja upp menningarstarfsemi í gömlu húsnæði KEA. Vegna þess hve vel tókst til var starfinu haldið áfram og varð það til þess að fyrsta Listasumarið var haldið á Akureyri árið 1993.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Daðrað við Jónas

**Listasumar er haldið á hverju ári á Akureyri og stendur þá yfir skipulögð dagskrá frá Jónsmessu og til ágústloka. Valdís Viðars hefur haft veg og vanda af því að skipuleggja dagskrána að þessu sinni og segir margt spennandi í boði.**

„Setning Listasumars er 20. júní," segir Valdís. „Sýningin „Jónas í Lystigarðinum" verður sett upp í Lystigarðinum þann dag. Þar verður hægt að hlýða á ljóð eftir Jónas Hallgrímsson, sem er að þessu sinni eins og og rauður þráður í gegnum dagskrána, upphaf hennar, miðja og endir. Enda á Jónas einmitt 200 ára afmæli í ár."

Að sögn Valdísar ættu tónlistarunnendur að geta hlakkað til, þar sem fjölbreyttir tónlistarviðburðir verða á boðstólum. „Hérna verður kvintett úr Metropolitan-óperunni heimsfrægu á ferðinni, Hanne Juul Trio frá Svíþjóð og Jessica Sligter: The Story of Modern Farming með tónleika, svo nokkur dæmi séu nefnd," segir hún.

„Barnamenningunni verða líka gerð góð skil á Jónsmessu sem endranær," heldur Valdís áfram. „Þannig munu valdir listamenn, á borð við Þráin Karlsson, Þórarin Blöndal, Örnu Valsdóttur, Hönnu Hlíf Bjarnadóttur og fleiri góða, taka á móti börnunum. Að þessu sinni ætla þeir að vinna með verk rithöfundarins Brynhildar Þórarindóttur, sem hefur getið sér góðan orðstír fyrir endurritanir á Laxdælu, Eglu og Njálu. En þess má geta að fyrir þá síðustu hlaut höfundurinn viðurkenningu IBBY-samtakanna á Íslandi."

Að sögn Valdísar er einnig von á þýskum rithöfundum til Akureyrar í tilefni af dagskránni og koma þeir á vegum Arthúrs Björgvins Bollasonar fyrir viðburðinn Heim ljóssins, sem hann skipulagði líka á síðasta ári með Sigurði H. Jónssyni og Sigurði A. Magnússyni. Valdís vill ekki gefa of mikið uppi um þennan einstaka dagskrárlið en segir hann sannkallaðan hvalreka fyrir áhugamenn um bókmenntir.

Valdís segir dagskránni ljúka með Akureyrarvöku 25. ágúst. Samdægurs verður opnuð samsýning 22 listamanna í Ketilhúsinu, sem ber yfirskriftina „Daðrað við Jónas", þar sem þeir hafa fengið viðfangsefnið Jónas Hallgrímsson frá sýningarstjóranum Þórarni Blöndal. Er þetta aðeins brot af því sem verður í boði og þótt Listasumri ljúki í ágúst, verður sneisafullt af spennandi menningarviðburðum á Akureyri allt árið um kring.

*roald@frettabladid.is*





Bylting í amerískum heilsudýnum
Nýjar Chiropractic heilsudýnur 2007
Sú besta
samkvæmt stærstu samtökum
Kíropraktora í heimi
Mikið úrval af hágæða
sængurverasettum í gjafaöskjum
Frí þrýstijöfnunarmæling
sem greinir hvaða dýna
hentar þér best
VELDA
Veldu þinn stíl,
hannaðu þitt eigið útlit!
Hágæða sængur frá Betty
Fallegir svefnsófar
með góðum dýnum
SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI
Dalsbraut 1
Svefn & heilsa
AKUREYRI
EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR
Listhúsinu Laugardal
Svefn & heilsa
REYKJAVÍK
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00
www.svefn.is












Eyþór Einarsson hrossaræktarráðunautur og Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Leiðbeiningamiðstöðvarinnar, ræða málin á hestamannamóti í Skagafirði.

# Ráðleggja bændum um bættar afurðir

**Leiðbeiningamiðstöðin ehf. á Sauðárkróki var stofnuð árið 2001. Hún er einkahlutafélag sem var stofnað um rekstur búnaðarsambands Skagfirðinga og annan skyldan rekstur.**

Árni Gunnarsson hefur verið framkvæmdastjóri Leiðbeiningamiðstöðvarinnar frá stofnun en er nú á leið í ársfrí til náms í Danmörku.

„Leiðbeiningamiðstöðin er þjónustufyrirtæki fyrir bændur og dreifbýli á landsvísu en þó sérstaklega fyrir Skagafjörð,“ segir Árni. Hjá fyrirtækinu starfa níu fastir starfsmenn, auk tveggja til fjögurra verktaka. „Hjá okkur vinna þrír héraðsráðunautar sem leiðbeina bændum í Skagafirði og einn landsráðunautur. Hann er að mestu í starfi fyrir Bændasamtök Íslands og þjónar loðdýrabændum af öllu landinu en hann er eini loðdýraræktarráðunautur landsins.“

Árni segir héraðsráðunautaþjónustuna einskorðaða við Skagafjörð. „Ráðunautarnir ráðleggja bændum um það hvernig þeir eigi að bæta afurðirnar á búinu, hvernig þeir eigi að fá þyngri lömb, meiri mjólk úr kúnum, betra fóður og fleira. Slík starfsemi er rekin víða á landinu,“ segir Árni og bætir því við að fyrirtækið vinni einnig upplýsingatækniverkefni fyrir allt landið. „Það er verkefni sem við vinnum fyrir Fjarskiptasjóð og felst í að kortleggja heimili í dreifbýli með það fyrir augum að staðsetja þau heimili sem ekki eiga kost á háhraðasambandi. Þetta er verkefni sem við vinnum í samstarfi við fleiri aðila, svo sem upplýsingatæknifyrirtækið Miracle og kortagrunnafyrirtæki.“

Leiðbeiningamiðstöðin er einnig með bókhald fyrir bændur, fyrirtæki og samtök. „Þar þjónustum við aðila eins og nemendagarða Hólaskóla og Húsnæðissamvinnufélag Skagafjarðar auk smærri fyrirtækja, einstaklinga og bænda,“ segir Árni.

Leiðbeiningamiðstöðin, sem er eina einkarekna búnaðarsambandið á landinu, er í eigu bænda og einstaklinga, Sparisjóðs Skagafjarðar, Kaupfélags Skagfirðinga og búgreinafélaganna í Skagafirði.

Árni segir Leiðbeiningamiðstöðina einnig vera með kynbótastarfsemi því hún reki sæðingastöð fyrir kýr og ær. „Eins höfum við séð um verkefnastjórnun fyrir ýmis verkefni og erum nú að undirbúa landbúnaðarsýningu sem verður haldin í kringum 20. ágúst,“ segir Árni Gunnarsson framkvæmdastjóri.

sigridurh@frettabladid.is

# Tindastóll 100 ára

Ungmennafélagið Tindastóll á Sauðárkróki fagnar 100 ára afmæli á þessu ári. Gunnar Þór Gestsson, formaður Tindastóls, segir heilmargt standa til í tilefni af þessum stóra viðburði.

„Í fyrsta lagi verður dagskrá á íþróttavellinum fyrir yngri kynslóðina á 17. júní. Síðan verður meiri áhersla á Króksmótið en oft áður,“ segir Gunnar en Króksmótið hefur verið haldið árlega fyrir 5. 6. og 7. flokk drengja og stúlkna í knattspyrnu í tuttugu ár. „Mótið verður stærra en oft áður og líklega stærsta mótið frá upphafi. Það verður kallað afmælismót enda á Króksmótið sjálft stórafmæli á þessu ári líka.“



Mynd úr úrslitaleik Eggjabikarkeppninnar þegar Tindastóll vann Keflavík árið 2004.

Sjálfur afmælisdagurinn er 26. október en þann dag árið 1907 var félagið stofnað. „Fyrsti vetrardagur verður 27. október og þá ætlum við að vera með formlegt hóf þar sem afhent verða heiðurs- og starfsmerki félagsins auk þess að við borðum saman einhvern góðan mat,“ segir Gunnar og bætir því við að deildirnar innan félagsins ætli að nýta sér tilefnið og halda sínar eigin hátíðir þar sem núverandi og fyrrverandi félagsmenn koma saman og halda upp á afmælið. „Eins verða afmælismót í ákveðnum íþróttagreinum og fleira þannig að það verður mikið um að vera í tilefni af hundrað ára afmæli Tindastóls,“ segir Gunnar.

- sig






**IFÖ CERA**
**3875**
Geberit salerniskassi og spjald. Ifö upphengt salerni með harðri setu. Ótrúlegt pakkatilboð sem ekki er hægt að missa af.
Fullt verð: **76.643** kr.
Tilboðsverð: **39.900** kr.



**MORA CERA**
**702256**
Mora Cera eldhús blöndunartæki, sígild og góð á frábæru verði.
Fullt verð: **14.629** kr.
Tilboðsverð: **9.900** kr.



**MORA CERA**
**702239**
Mora blöndunartæki, með lyftitappa, fyrir handlaugar. Glæsileg hönnun og gott verð.
Fullt verð: **13.369** kr.
Tilboðsverð: **8.950** kr.



**INTRA**
**PA780**
Intra eldhúsvaskur framleiddur úr hágæðastáli. Gegnheil gæði á ótrúlegu verði.
Fullt verð: **14.718** kr.
Tilboðsverð: **9.900** kr.



**IFÖ CORNETTE**
Ifö Cornette sturtuklefi með botni. Hurðir úr gleri. 80x80 cm. Auðveldur í uppsetningu.
Fullt verð: **85.556** kr.
Tilboðsverð: **46.000** kr.



**IFÖ**
Ifö baðinnrétting 60 cm Sense undirskápur og hvítur frontur ásamt Sign handlaug.
Fullt verð: **57.945** kr.
Tilboðsverð: **39.900** kr.

# TILBOÐSDAGAR TIL 15. júní

Tilboðsdagar verða í verslunum okkar til 15. júní, glæsilegar vörur á góðu verði.*

Sumarið er tími framkvæmda komdu og upplifðu úrvalið hjá okkur. Skoðaðu nýjar lausnir og fáðu skemmtilegar hugmyndir.

Láttu þetta ekki framhjá þér fara

**Hannaðu heimilið með Tengi**

**Opið:**
Virka daga 08-18

TENGI

| | | | |
|---|---|---|---|
| Smiðjuvegi 76 | Kópavogi | Sími 414 1000 | tengi.is |
| Baldursnesi 6 | Akureyri | Sími 414 1050 | |

*Tilboðin gilda á meðan birgðir endast



Úr þessum pýramída ætlar Snorri að hugleiða ást og kærleika til nærstaddra í Feneyjum.

# Með ástarkveðju frá Akureyri

**Snorri Ásmundsson hugleiðir kærleika til fólksins úr pýramída ástarinnar í Feneyjum. Á síðasta ári fór fram listahátíð í Reykjavík sem gekk undir nafninu Sequences, þar sem Snorri átti vinsældum að fagna er hann hugleiddi ást til fólksins úr gagnsæjum pýramída.**

„Ég tek mér stöðu inni í pýramídanum og hugleiði ást og kærleika út til fólksins. Þannig er þetta pýramídi ástarinnar. Ég sit inni í honum í lótusstellingu í um það bil tvo klukkutíma og sendi út góða strauma til að hreinsa umhverfið af andlegum óhreinindum og ljótum hugsunum og svona. Í fyrra var ég á fimm stöðum í Reykjavík og held að mér hafi tekist prýðilega upp,“ segir Snorri, sem síðan hefur verið óspart hvattur af velunnurum sínum til að halda víðar með pýramídann. „Hann Christian Schoen hjá kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar hvatti mig til að fara hingað á Tvíæringinn í Feneyjum. Þessi dvöl er samt bara upphafið á heimsreisunni sem ég ætla í með pýramídann, enda ekki vanþörf á hér í heimi.“

Spurður hvort hann langi í heimahagana norður á Akureyri til að dreifa ást segist Snorri hafa hugleitt það. „Mig langar mikið norður en hef því miður ekki fundið tækifæri til þess ennþá. Vonandi dreifðist bara ást í nærstadda Akureyringa þegar ég hugleiddi í Reykjavík og þeir hafa þá kannski tekið eitthvað af henni með sér norður. Mér þykir mjög vænt um Akureyri.“

Í Feneyjum ætlar Snorri sér að hugleiða á einum fimm torgum og hefst fyrsta hugleiðslustundin í dag. „Ég mun byrja á Formosatorginu og fara svo á þessi helstu torg hér í borginni. Torg eru góðir staðir til að hugleiða enda er svo mikil orka á þeim. Torg eru orkustöðvar,“ útskýrir hann fagmannlega.



Snorri Ásmundsson er þessa dagana staddur í Feneyjum þar sem hann ætlar sér að hugleiða ást og kærleika til borgarbúa og gesta listahátíðar þeirrar er gengur undir heitinu Feneyjatvíæringurinn.

Spurður hvort hann hafi úthald í þetta svarar Snorri að eflaust verði þetta líkamlega krefjandi í Feneyjahitanum, en þar sem Guð sé með í ráðum ætti athöfnin að ganga. „Ég er sannfærður um að Guðs vilji hljóti að vera sá að við sendum út ást og kærleika til hvers annars. Hann leggur alla sína blessun á þetta og gefur mér þannig auka kraft.“

Feneyjaferð þessa fyrrverandi forsetaframbjóðanda lýkur ellefta þessa mánaðar en gaman er að geta þess að næstu áramót mun hann ferðast með pýramída ástarinnar til Kaíró. „Þar mun hann fá að hitta upprunalegu pýramídana, eða stóru frændsystkini sín í útlandinu,“ segir þessi ástríki Norðlendingur að lokum.

*mhg@frettabladid.is*

Flugustangasett með 20 % afslætti



Cortland stöng, Shadow hjól, 444 lína, aðeins 14,000,-
Junior sett, Rimfly hjól, Fairplay aðeins 10,000,-

Sportvörugerðin H/F, Skipholti 5, sími 562-8383



# Bjóðum uppá fullbúnar íbúðir fyrir allt að 16 manns

## Hentar félagssamtökum, íþróttarfélögum sem og fjölskyldufólki










ÍBÚÐIR
Apartments

HÓTEL AKUREYRI

GISTIHEIMILI AKUREYRAR



Hótel Akureyri • Hafnarstræti 67 • Akureyri • 462 5600 • hotelakureyri@hotelakureyri.is • www.hotelakureyri.is
Gistiheimili Akureyrar • Hafnarstræti 104 • Akureyri • 462 5588 • bokanir@gistiheimiliakureyri.is • www.gistiheimiliakureyri.is



www.mk.is

# Starfslýsing:

Ferðalög um fegurstu staði Íslands. Upplifun náttúru og sögustaða ásamt miðlun fróðleiks um land og þjóð til erlendra og innlendra ferðamanna.








Ef þetta hljómar eins og eitthvað sem þú vilt starfa við getur þú sótt um í Leiðsöguskólanum því þetta er lýsing á starfi leiðsögumanns.

Í Leiðsöguskólanum getur þú valið um fjórar námsleiðir:

**Afþreyingarleiðsögn**
**Almenn leiðsögn**
**Gönguleiðsögn**
**Leiðsögn með Íslendinga - NÝ NÁMSLEIÐ!**

**Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar!**

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

Leiðsöguskólinn við Digranesveg, Kópavogi
Sími: 594 4025 | lsk@mk.is | www.mk.is




**Hér hefur Hildur fundið útsaumaðan dúk og flosað í mynstrið svo útkoman minnir á mosa eða skófir á steinum.**

# Ofið, flosað og orkerað

**Sumarsýning á verkum Hildar Bjarnadóttur stendur nú yfir á Heimilisiðnarsafni Blönduós.**

Margir ferðamenn sækja sér fróðleik og skemmtun með því að skoða Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi.

Nýlega var opnuð sumarsýning 2007 í hluta Heimilisiðnaðarsafnsins með verkum Hildar Bjarnadóttur textíllistamanns. Hildur sækir handavinnuaðferðir til fortíðarinnar og setur þær í samhengi við nútíðina, listina og samfélagið, að sögn Elínar S. Sigurðardóttur, safnstjóra Heimilisiðnaðarsafnsins.

„Hildur leggur mikla vinnu í verk sín, sem við fyrstu sýn virðast kannski einföld. Hún vefur til dæmis málarastriga og býr til mynstur í hann með þráðum sem hún hefur málað áður, í stað þess að mála á striga eins og listmálari,“ lýsir Elín gegnum síma. Hún nefnir fleiri athyglisverðar aðferðir Elínar eins og orkeringu og flos og lýsir skemmtilegu myndverki af kúreka sem sveiflar þræði sínum utan um sig og menningu sína. Það er nokkuð sem maður verður að sjá með eigin augum til að skilja fullkomlega. Því er gott tilefni til að koma við á Heimilisiðnaðarsafninu þegar leiðin liggur um Blönduós eða hreinlega gera sér þangað ferð.

Þess má geta að Hildur hefur hlotið verðlaun fyrir verk sín bæði hér á landi og erlendis. Þeirra á meðal er íslenska sjónlistaorðan fyrir myndlist sem hún fékk á síðasta ári.

*- gun*



**Hér nýtir Hildur aðferðir salúnvefnaðar og tengir með því málverk og handverkshefð.**



**● PRÓFAÐU...**

...að kalla nafnið þitt þegar þú stendur við tjörnina innst í Ásbyrgi.
...að veiða síli í Botnsvatni fyrir ofan Húsavík.
...að baða þig í Jarðböðunum í Mývatnssveit.
...að leggjast niður á bakka Laxár í Aðaldal og horfa upp í himininn á meðan þú hlustar á árniðinn og fuglasönginn.

**● MÆLT ER MEÐ...**

...listsýningunni í Laxárvirkjun.
...Safnahúsinu á Húsavík.
...Samgönguminjasafninu Ystafelli.
...Nonnahúsi á Akureyri.





Matur


Menning


Verslanir


Hrísey

# Ævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi.

**Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:**

- Forvitnileg söfn við hvert fótmál, tónleikar og spennandi uppákomur.
- 2 sundlaugar, 3 líkamsræktarstöðvar, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, skipulagðar gönguleiðir, óvissuferðir, Hrísey – og svo að sjálfsögðu Kjarnaskógur, þessi perla!
  4 hótel, 16 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 3 tjaldsvæði – og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 15 veitingastaðir, 6 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval fjölda ólíkra verslana.

*Nánari upplýsingar um ferðamöguleika og viðburði á **akureyri.is** og **norðurland.is.***

GEIMSTOFAN

# Hesturinn heillar marga

**Í Saltvík við Húsavík eru haldin reiðnámskeið, rekin hestaleiga og boðið upp á gistingu. Elsa Skúladóttir, einn af eigendum Saltvíkur, segir að sífellt fleiri erlendir ferðamenn komi hingað til lands að prófa íslenska hestinn.**

Elsa segir að starfsemin í Saltvík sé í raun tvískipt. „Annars vegar erum við sjálf með hestaleigu og reiðnámskeið og hins vegar erum við verktakar fyrir Íshesta og bjóðum upp á styttri og lengri hestaferðir,“ segir hún.

Í Saltvík er einnig boðið upp á gistingu fyrir þá sem það vilja. „Við gefum okkur aðallega út fyrir að vera með svefnpokagistingu en erum að byrja með gistingu í rúmum. Við erum með þrjár tegundir af lengri hestaferðum og í einni ferðinni er boðið upp á uppábúið rúm sem er alltaf



Íslenska náttúran er falleg og hefur mikið aðdráttarafl.

að verða vinsælla og vinsælla, annars er algengast að allir séu í svefnpokum. Svo erum við með heita potta og höfum verið að bæta aðstöðuna heilmikið,“ segir Elsa.

Vinsældir hestaferðanna eru stöðugt að aukast og segir Elsa að síðasta ár hafi verið algjört metár. „Í fyrra vorum við með tólf ferðir yfir sumarið en allt stefnir í að þetta sumar verði enn betra og við erum með bókaðar þrettán ferðir. Í ferðunum eru aðallega útlendingar og yfirleitt bara einn og einn Íslendingur innan um, en við vorum samt með tvær stórar ferðir í fyrra sem í voru eingöngu Íslendingar,“ segir hún.

Elsa segir að erlendu ferðamennirnir séu ekkert hræddir við að fara í langar hestaferðir. „Þetta er yfirleitt mjög vant reiðfólk sem kemur en nýjungarnar hjá því felast í íslenska hestinum og villtri náttúrunni.“

Einnig er boðið upp á styttri ferðir fyrir þá sem treysta sér ekki í margra daga útreiðar og til dæmis er hægt að kaupa tveggja tíma útreiðatúr og þriggja tíma hvalaskoðun saman í pakka. „Þessar ferðir erum við með í samstarfi við Gentle Giants á Húsavík og þær hafa verið rosalega vinsælar. Hægt er að velja um hvort er gert á undan og það hefur verið alveg sitt á hvað en yfirleitt sama daginn. Allir hafa verið ofsalega ánægðir með þessar ferðir.“



Elsa og fjölskylda hennar reka Saltvík. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þó aðal starfsemi Saltvíkur fari fram á sumrin er líka ýmislegt um að vera á veturna og nú er boðið upp á reiðnámskeið allan ársins hring. „Við prófuðum í fyrsta skipti í vetur að vera með vetrarnámskeið og settum okkur það markmið að vera ánægð með eitt námskeið sem myndi ganga. Það endaði með fimm námskeiðum á viku með 32 krökkum á aldrinum sex til sextán ára. Það var alveg æðislegt og við vorum að fá inn mikið af krökkum sem hafa kannski ekki verið í neinu öðru en hafa fundið sig í hestunum,“ segir Elsa ánægð.

*emilia@frettabladid.is*


Viðhaldsfríar

# ÞAKRENNUR

*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.*

*Rennurnar frá Grövík Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*

*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*

*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

**Hágæða**

**Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki**



HAGBLIKK ehf.

*Smiðjuvegi 4C*
*Box 281 202 Kópavogur*
*Sími 587 2202 Fax 587 2203*
*hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is*

Augl. Þórhildar 1460.24

SAMSUNG

NÝ TÆKNI

# SILVER NANO

sem drepur bakteríur

# Dyrnar að þínum draumum

Lengir **líftíma matvæla** í kæliskápum

og varnar því að það komi lykt úr þeim ef þeir **standa tómir og ekki í notkun.**

Silfur Nano er silfur í örlitlu magni ,nano stærð. Því er blandað út í plastið og fær plastið örlítin bláan blæ við það. Silfur hefur þann eiginleika að drepa bakteríur. Í kæliskápum er þetta ætlað til að matur skemmist síður.
Einnig er í öllum „Amerískum" Samsung kæliskápum tvö kælikerfi þannig að frostnu og þurru lofti er ekki dælt úr frystinum í kælinn, eins og hjá flestum öðrum framleiðendum, heldur tekur kæliskápurinn ferskt loft að utan til kælingar. Með þessu þornar maturinn síður í skápnum og ávextir og grænmeti verður ekki fyrir frost skemdum.



Kynntu þér SILVER NANO

**RS21DGUS** - Burstað stál

Burstað stál með vatni og klaka. Sér kælikerfi fyrir kæli og sér í frysti. Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l. Orkunotkun 520 kwh á ári.

**TILBOÐ: 219.900,-**

## Stál - kámfríir

SAMSUNG



**RS21KCSM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og Klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
Kælir 334 l og frystir 186 l alls 520 l. Orkunotkun 538 kwh á ári.

**TILBOÐ: 219.900,-**



**RS21DNSM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l. Orkunotkun 520 kwh á ári.

**209.900,-**

*Viltu gera gott eldhús betra? Gerðu kröfur – við uppfyllum þær!*




AEG ÞVOTTAVÉL
LAVAMAT 64810
6kg. 1400 sn/mín

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 79.900 kr.**




AEG uppþvottavél
· 5 kerfi
· Íslenskt stjórnborð
· Mjög hljóðlát
AEG 50862U-W Hvít

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr.**




OFN OG HELLUBORÐ
AEG Competence
B-4101-4-M (ofn)
AEG 6000K-MN
(helluborð)



**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.**




AEG
2400W Ryksuga
**TILBOÐSVERÐ 12.900 kr.**

# ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515



Ingibjörg Björnsdóttir, einn yngsti bóndi landsins, kann best við sig í faðmi náttúrunnar.
MYND/HEIDA.IS

# Frelsið er yndislegt

**Ingibjörg Björnsdóttir, bóndi á Skútustöðum II í Mývatnssveit, er einn yngsti bóndi landsins og vill bara vera í sveitinni.**

„Bæjarlífið hentar mér engan veginn. Ég bjó í Reykjavík meðan ég tók fyrsta árið í Bændaskólanum á Hvanneyri í fjarnámi. Þá fann ég að sveitin á best við mig,“ segir Ingibjörg Björnsdóttir, bóndi á Skútustöðum II í Mývatnssveit.

Ingibjörg er einn yngsti bóndi landsins og var sjálf alin upp á bænum. Pabbi hennar er einnig bóndi og er henni innan handar í búskapnum. „Pabbi fór í Bændaskólann á Hvanneyri á sínum tíma, en þetta lá samt ekkert beint við fyrir mig. Mig langaði bara að kanna þennan möguleika,“ segir Ingibjörg, sem tók háskóladeildina á Hvanneyri og íhugaði um tíma að gerast ráðunautur.

„Á sumrin var ég í búskap með pabba samhliða náminu og fann hvað þetta átti vel við mig. Þá ákvað ég að gerast bóndi sjálf,“ segir Ingibjörg, sem kom inn í búið með pabba sínum fyrir tveimur árum síðan.

„Þetta smellpassaði einhvern veginn. Pabbi var farinn að eldast og það hentaði ágætlega að ég tæki við. Núna sé ég um búið og fæ góða aðstoð frá pabba,“ segir Ingibjörg.

Stærri búum fer fjölgandi á Íslandi og minni búum fer fækkandi að sögn Ingibjargar. „Það er ekkert grín að kaupa jörð og kvóta í dag. Það er erfitt að gerast bóndi, nema þú takir við búi foreldra eða eigir milljónir í banka,“ segir Ingibjörg, sem þó mælir eindregið með starfi bóndans ef fólk hefur möguleika á því.

Hún er eini bóndinn í fimm manna systkinahópi og segir unga fólkið í Mývatnssveit fæst taka við búi foreldra sinna.

„Eldri bróðir minn hefur lúmskan áhuga á búskapnum og hjálpar mér oft í tækjamálum. Yngri systkinin hafa hins vegar engan sérstakan áhuga á búskapnum,“ segir Ingibjörg.

Á Skútustöðum II eru tuttugu kýr, tvö hundruð kindur og sex hestar. Auk þess eru hænur og hundar. Öll dýrin eru í uppáhaldi að sögn Ingibjargar og hún á erfitt með að gera upp á milli þeirra.

„Dýrin eru öll yndisleg, en á svo ólíkan hátt. Kýrnar eru með mjög sérstakan og mismunandi persónuleika. Þegar maður eyðir öllum deginum með þeim lærir maður á þær og hvað heldur þeim góðum. Þær eru mjög skemmtilegar en geta líka verið bölvaðar tuðrur inni á milli,“ segir Ingibjörg hlæjandi.

Þrátt fyrir að sakna þess aldrei að búa í borg eða bæ finnst henni samt alltaf gott að skreppa í kaupstaðarferð.

„Ég er búin að fá nóg í borginni eftir tvo til þrjá daga. Þá verð ég að komast aftur út í sveit. Mér finnst svo gott að að vera ein úti í náttúrunni og stjórna mínum tíma sjálf,“ segir Ingibjörg, sem bæði tekur Kennaraháskólann og kennir við Reykjahlíðarskóla samhliða búskapnum.

Menntamálaráðherra skipaði haustið 2005 nefnd til að annast margháttuð hátíðahöld af þessu tilefni og er þegar lokið hluta þeirra: á föstudag verður þverfagleg ráðstefna í aðalbyggingu Háskóla Íslands þar sem tuttugu og fimm íslenskir og erlendir fræðimenn kryfja einstaka þætti í víðfeðmu og frjóu starfi þessa merkilega manns: forvitnilegur er sá þáttur þar sem ferill Jónasar er skoðaður í samhengi við samtíma hans í Evrópu. Ráðstefnan er samstarfsverkefni Háskólans, Kennaraháskólans og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Hún er styrkt af menntamálaráðuneyti og Háskóla en Háskólinn á Akureyri, Kaupmannahafnarháskóli og Háskólinn í Manitoba leggja henni lið. Þá verður henni varpað á net Háskóla Íslands fyrir þá sem ekki eiga heimangengt. Samkoman skiptist í tvennt, fyrirlestra á sal og í málstofum á morgun og á laugardag er haldið á Þingvöll með þingliða.

Í málstofum er ætlunin að skoða deildir í ferli Jónasar: *Skáld og skáldskapur* nefnist sú fyrsta þar sem Páll Valsson, ævisöguritari Jónasar, og Gunnar Karlsson leggja til erindi, en Sveinn Yngvi Egilsson stýrir spjalli. Hefst hún kl. 10. Í næstu stofu gera Gert Kreutzer og Sveinn Ingvi Egilsson að umræðurefni Jónas og rómantíkina.

*Með augum okkar og Jónasar* er yfirskrift málstofu þar sem Katrín Jakobsdóttir, Sigurður Steinþórsson og Steinunn Jóhannesdóttir skoða staka staði í lífi skáldsins: náttúrusýn hans, náttúrufræðirannsóknir og heimildir um viðtöku á Ferðalokum í ranni Þóru Gunnarsdóttur. Sigurður Steinþórsson, Katrín Jakobsdóttir og Steinunn Jóhannesdóttir leggja til forsögur.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson og Guðmundur Hálfdanarson tala um menningu á dögum Jónasar, stjórnmálaviðhorf og menningarpólitík. Anna Agnarsdóttir stýrir spjalli að loknum erindum.

Fjórða málstofan fyrir hádegi lýtur einkum að söfnunarmálum: steinasöfnun og safnapólitík í Höfn á fyrri hluta nítjándu aldar. Sveinn Jakobsson og Anna Björg Þorgrímsdóttir flytja þar forsögu. Eru allar þessar málstofur um morguninn.

Eftir hádegi, kl. 13.40, hefst málstofu spjall á ný: Richard Ringler og Gauti Kristmannsson tala um þýðingar hans. Ragnar Ingi Aðalsteinsson skoðar stuðla í skáldskap hans meðan Svavar Sigmundsson ræðir orðasmíð hans. Síðar í eftirmiðdag kl. 15.40 verða aftur þrjár málstofur: Þá verður rætt um viðtökur samtímamanna af Annette Larsen og Torfa Tulinius, Sturla Friðriksson og Þorsteinn skoða störf Jónasar frá vísindasögulegu samhengi en í næstu stofu verður sambýli Jónasar við tónlist skoðað af þeim Þórði Helgasyni og Bjarka Sveinbjörnssyni.

Eins og sjá má af ofantöldu er Jónasarfræðum fleytt fram á stefnunni og eru vonir til að inngangserindi og fyrirlestrar komi fljótt á bók á þessu ári Jónasar.

Málstofurnar ramma inn hálftíma fyrirlestra í Hátíðarsal Háskólans: Þorvarður Árnason heimspekingur ríður á vaðið með spurningunni: Var Jónas vinstri grænn? Talar Þorvarður kl. 9.20 í fyrramálið.

Birna Bjarnadóttir gerir grein fyrir sambandi Jónasar við Jenaskólann í þýskri rómantík kl. 11.10. Erik Skyum-Nielsen Garðprófastur, bókmenntafræðingur og þýðandi skýrir stöðu Jónasar frá dönsku samhengi tíma hans kl. 13.00. Síðar um daginn vitnar Kristinn Skarphéðinsson til arftaka Jónasar, Megasar, í erindinu *Hallgrímson, Jónas: raungildisendurmat umframstaðreynda.*

Daginn ramma þau inn, Steinunn Sigurðardóttir og Andri Snær.

pbb@frettabladid.is






ÓTRÚLEGT
TILBOÐ
17" ACER
FRÁ
2.910 KR
Á MÁNUÐI
Örgjörvi 2.2Ghz AMD Turinon 64 MK-38
512MB flýtiminni, FSB+HT
Minni 1GB Dual DDR2 533MHz
Einfalt að stækka minnið
Harður diskur 80GB 5400RPM diskur
5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari DVD±RW DL skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 17" WXGA WideScreen skjár
Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort 128MB Geforce Go6100
128MB sjálfstætt minni og TV-út tengi
Hátalarar High Definition hljóðkerfi
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
Netkort Gigabit 10/100 /1000
Einnig innbyggt 56k mótald
Stýrikerfi Windows Vista Home Premium
Öruggara og öflugra
ACER ASPIRE 9302AWXMi-C
AMD MOBILE TURION 64
AMD TURION 64
AMD Turion 64 örgjörvinn er með Hyper Transport tækni og hraðari gagnabrautir
17" CRYSTALBRITE
Magnaður 17" Acer CrystalBrite breiðtjaldsskjár með 1440x900dpi upplausn og Acer Gridvista
DVD ± SKRIFARI
Vandaður DVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska
GEFORCE GO6100
GeForce Go6100 skjákort með sjálfstætt 128MB DDR2 minni, allt að 384MB með TurboCache
WINDOWS VISTA
Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar
TENGI 9302AWSMi
Innbyggður 5 in 1 kortalesari, 4xUSB 2.0, VGA, hljóð inn/út, 10/100/1000 netkort, Type II PC Card o.fl
VERÐ 99.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.
TÖLVULISTINN
Nóatúni 17 Reykjavík. ☎ 414 1700
Glerárgötu 36 Akureyri. ☎ 414 1730
Hafnargötu 90 Keflavík. ☎ 414 1740
Miðvangi 2-4 Egilsstaðir. ☎ 414 1735



**ARNALDUR INDRIÐASON** Hefur hlotið fjölda alþjóðlegra verðlauna auk tilnefninga fyrir verk sín. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Arnaldur lofaður

Spennusagan Grafarþögn eftir Arnald Indriðason hlaut frönsku bókmenntaverðlaunin Grand Prix des Lectrice de Elle í síðustu viku. Þetta eru önnur þarlendu verðlaunin sem bókin hlýtur en þess má geta að saga hans Mýrin hefur einnig hlotið tvenn frönsk bókmenntaverðlaun.

Grand Prix des Lectrice de Elle eru þekkt verðlaun í Frakklandi sem hafa verið veitt í fagurbókmenntum frá 1970 og fyrir glæpasögur frá 2003. Verðlaunin hafa áður hlotið bækur á borð við Tell No One eftir Harlan Coben og Shutter Island eftir Dennis Lehane.


**ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI**

**MÝRAMAÐURINN**
7/6 kl. 20 - 8/6 kl. 20 uppselt - 14/6 kl. 20 síðasta sýning,

**MR. SKALLAGRÍMSSON**
Júní: 9. kl 15, 9. kl 20, 15. kl 18 (ath.br. sýningart.) 20. kl 20 uppselt, 29. kl 20, Júlí: 1. kl 20, 5. kl 20, 13. kl. 20, 14. kl. 20, Ágúst: 11. kl. 20, 12. kl. 20, 18. kl. 20, 19. kl. 20, 30. kl. 20, 31.kl. 20

**SVONA ERU MENN (KK og Einar)**
Aukasýning 16. júní kl. 20

**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


# Nýsmíðar og nýstárlegt maraþon

**Tónlistarhópurinn adapter gengst nú í annað sinn fyrir tónlistarhátíðinni frum- en markmið hennar er að vera vettvangur fyrir flutning samtímatónlistar í Reykjavík. Að þessu sinni verða frumflutt sjö verk eftir þýsk og íslensk tónskáld auk þess sem leitað verður í sarp ítalsks tónasmiðs sem er fáheyrður hér á landi og efnt til Feldman-maraþons.**



**TÓNLISTARHÁTÍÐIN FRUM- FESTIR SIG Í SESSI** Tónlistarhópurinn adapter skapar nýjan vettvang fyrir flutning samtímatónlistar á Íslandi. Hér er hópurinn ásamt tónskáldum sem sömdu verk fyrir aðra frum-hátíð hópsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnhildur Einarsdóttir, hörpuleikari og einn forsprakka adapter, segir að hátíðin í fyrra hafi mælst afar vel fyrir, einkum hjá tónlistaráhugafólki sem fagnaði tækifæri til að hlýða á verk frægari tónskálda 20. aldarinnar. „Okkur fannst um að gera að endurtaka leikinn,“ segir Gunnhildur en afar góð stemning skapaðist í Iðnó þar sem tónleikarnir fóru fram. Nú er stefnan sett á Kjarvalsstaði en þar heldur adapter þrenna tónleika en hópinn skipa auk Gunnhildar þau Kristjana Helgadóttir sem leikur á flautur, Ingólfur Vilhjálmsson klarinettuleikari, píanóleikararnir Marc Tritschler og Elmar Schrammel og slagverksleikarinn Matthias Engler.

Hinir fyrstu fara fram kl. 20 annað kvöld en þá verða frumflutt sjö verk. Þrjú verkanna eru eftir íslensk tónskáld; Atla Ingólfsson, Davíð Brynjar Franzson og Inga Garðar Erlendsson. Hin fjögur eru eftir þýsku tónskáldin Tom Rojo Poller, Asmus Trausch, Sebastian Winkler og Yoav Pasovsky. Stjórnandi verður Manuel Nawri. Tónleikar þessir eru liður í þýsk-íslensku samstarfsverkefni adapter og tónskáldafélagins Klangnetz sem starfar í Berlín en meðal markmiða þess er að rannsaka nýjar leiðir til að flytja samtímatónlist í samvinnu við aðrar listgreinar. „adapter er í grunninn þýsk-íslenskt samstarfsverkefni, við höfum starfað mikið með þýskum tónskáldum og listamönnum og vildum skipuleggja stærra verkefni í kringum það,“ útskýrir Gunnhildur. Hópurinn leitaði til tónskáldanna sjö sem öll sömdu verk fyrir óvenjulega hljóðfæraskipan kvintettsins sem myndar kjarna adapter. Gunnhildur segir að verkefni þetta hafi heppnast afar vel: „Við héldum þrenna tónleika í Þýskalandi með þessari efnisskrá og fengum mjög góð viðbrögð,“ segir hún og áréttar að Íslendingar mæti miklum velvilja hjá Þjóðverjum. Gunnhildur segir verkin afar kraftmikil og forvitnileg. „Þau eru samin fyrir sömu hljóðfærin og eru öll afar ólík. Það er áhugavert að heyra hversu mismunandi slík verk eru þó að þau séu samin á sama tíma fyrir sama tilefni.“

Hópurinn endurnýjar kynni hlustenda af tónskáldinu Franco Donatoni á tónleikum laugardagskvöldins en verk eftir hann var flutt á síðustu frum-hátíð. Nú leika félagar hópsins fimm mismunandi einleiksverk þessa ítalska tónskálds sem ekki hljóma oft hér á landi. „Donatoni samdi mikið af einleiksstykkjum fyrir alls konar hljóðfæri. Hann var sérstakt tónskáld með sérstætt tónamál,“ segir Gunnhildur og bætir við að verkin séu afar virtúósísk og krefjandi fyrir tónlistarfólkið.

Körfurnar á listamennina verða ekki minni á sunnudaginn þegar flautuleikarinn Kristjana, Matthias slagverksleikari og Elmar Schrammel píanóleikari flytja verk Mortons Feldman „For Philip Guston“ frá árinu 1984. Gerður var góður rómur að flutningi hópsins á verkinu „Crippled Symmetry“ í fyrra en hann tók hálfan annan tíma. „Nú göngum við alla leið og flytjum verk sem verður tæpir fimm tímar,“ útskýrir Gunnhildur og spaugar með að hún sé ekki alveg viss hvernig flytjendurnir muni halda út það maraþon. „Þetta verður ábyggilega talsvert álag en Matthias og Elmar hafa spilað það áður.“ Hún segir að verkið sé mikil upplifun fyrir hlustendur en ekki sé ætlast til þess að þeir sitji við allan tímann heldur geti þeir komið og farið. „Verkið var samið til flutnings á listasafni og er tileinkað vini Feldmans sem var málari.

Ég hvet bara fólk til þess að koma og skora á það að sitja sem lengst – þetta verður alveg einstakt ferðalag inn í magnaðan tónheim. Tónlistin hans Feldmans er afar falleg og mjög hæg, það er vart hægt að lýsa henni.“

Tónleikarnir á sunnudaginn hefjast kl. 12 og standa til kl. 17. Þeir fara fram í einum hliðarsal Kjarvalsstaða. kristrun@frettabladid.is







ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Kúlan, Lindargötu 7 kl. 20:00

**LISTIN AÐ LIFA** - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6 örfá sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar!

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“ GRETTIR

**LADDI 6-TUGUR**
Mið 20/6 kl. 20 UPPS.
Fim 21/6 kl. 20 UPPS.
Fös 22/6 kl. 20
Lau 23/6 kl. 20
Sun 24/6 kl. 20

**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Lau 9/6 kl. 20
Fös 15/6 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

**BELGÍSKA KONGÓ**
Sun 10/6 kl. 20 UPPS.
Þri 12/6 kl. 20 AUKAS.
Mið 13/6 kl. 20 UPPS.
Fim 14/6 kl. 20 UPPS.
Aðeins þessar sýningar

**DAGUR VONAR**
Fös 8/6 kl. 20
Ekki er hleypt inní salinn eftir að sýning er hafin
Síðasta sýning í vor

**LÍK Í ÓSKILUM**
Í kvöld kl. 20 FORS.
Fös 8/6 kl. 20 FORS.
Lau 9/6 kl. 20 FORS.
Miðaverð 1.500

**DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR**
Í kvöld kl. 20 FORS. Miðaverð 1.500
Fös 8/6 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

4 5 6 **7** 8 9 10

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Vorkvöld í Fríkirkjunni**. Í tilefni af 80 ára afmæli orgelsins leikur **Marteinn H. Friðriksson** á **Sauer**-orgelið sem er talið með hljómfegurstu hljóðfærum landsins. Aðgangur er ókeypis og allir eru meira en hjartanlega velkomnir.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Myndlistarmennirnir **Þuríður Sigurðardóttir** og **Helgi Þorgils Friðjónsson** halda sýningar í listamannahúsi **Start Art** á Laugavegi 12b. Sýningarrýmin eru opin virka daga frá 10-17 og á laugardögum milli 13-17.

☐ 12.00 **Stefnumót við hönnuð**. **Steve Christer**, arkitekt hjá **Studio Granda**, veitir leiðsögn um verk stofunnar á hönnunarsýningunni **Magma/Kvika** sem nú stendur yfir á **Kjarvalsstöðum**. Á sýningunni er ljósi varpað á hönnun í víðum skilningi en að henni koma rúmlega áttatíu íslenskir hönnuðir.


AUDITION
SILK ROAD COMMPANY
produces project for autum
searching for dancers (semi-profesionals and profesionals)
"Contemmporary dance" (Music by Goran Bregovic)
Date:
SUNDAY 10 at 14:00
Place:
KRAMHUSID (www.kramhusid.is)
Contact:
minervadance@hotmail.com
MINERVA IGLESIAS 6611523




## NÝJAR BÆKUR

Þriðja prentun ritsins **Manngerðir** eftir **Þeófrastos** er komin út hjá **Hinu íslenzka bókmenntafélagi.**



Gríski heimspekingurinnÞeófrastos nam við Akademíu Platons og er talinn hafa fylgt Aristótelesi á ferðum hans. Honum er eignaður mikill fjöldi rita um ýmis heimspekileg og vísindaleg efni, en flest þeirra hafa glatast. Í þessu þekktasta riti sínu lýsir Þeófrastos í örstuttum greinum þrjátíu ámælisverðum sérkennum í háttum manna. Hlutlægar lýsingar Þeófrastosar á tilsvörum manngerðanna og samskiptum þeirra við annað fólk fá hverja og eina til að standa ljóslifandi fyrir hugskotssjónum lesandans og munu margir kannast við ýmislegt í fari persónanna sem svo er lýst. Verkið er því á köflum óborganlega fyndið, sem án efa skýrir vinsældir þess á síðari tímum, en fyrir þessa útgáfu hefur þýðandi gert ítarlegar skýringar um þær sérgrísku aðstæður sem Þeófrastos vísar stundum til. Bókina prýða að auki teikningar úr enskri útgáfu Manngerðanna frá 19. öld. Þá eru birt í viðauka „Æviþáttur Þeófrastosar“ úr Lífi og skoðunum merkra heimspekinga eftir Díogenes Laertíos og skólaþýðing úr Bessastaðaskóla á tíu manngerðum. Loks er inngangur þýðandans, **Gottskálks Þórs Jenssonar**, um verkið og ævi höfundar hinn fróðlegasti.



Miðasala hefst föstudaginn
8. júní kl. 12.00
hr*örlygur
norah jones
and the Handsome Band
sérstakur gestur
m. ward
LAUGARDALSHÖLL
Miðaverð:
6.900 kr. í svæði A
5.900 kr. í svæði B.
miðasala í Skífunni,
BT á landsbyggðinni og á midi.is
2. sept.
FL GROUP




## > GOTT GLÁP

**Pirates of the Caribbean: At World´s End**
Ekta sumarhasar sem heldur dampi ágætlega þrátt fyrir þriggja tíma lengd.

**Lebens des Anderes**
Þýsk Óskarsmynd þar sem haglega er fléttað saman sögum af ofsóknum, afbrýði og ást. Vel leikin og virkilega eftirminnileg mynd.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR, FORMAÐUR STÚDENTARÁÐS

# *Enginn jafn vondur og Kjartan strumpur*



**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
Ég sá nýjustu Pirates of the Carribean um daginn. Hún var nú ekkert spes.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
Mig minnir að það hafi verið Monster House.
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Die Hard III, af því það var fyrsta bannaða myndin sem ég sá. Eftir hana fannst mér ég orðin stór.
**Hefur þú grátið í bíó?**
Jájá, oft. Þegar ég var barn sá ég mynd um lítinn björn sem átti mömmu sem dó í grjótskriðu. Þá grét ég svo mikið að mamma og pabbi þurftu að fara með mig heim og láta mig horfa á Strumpana.
**Uppáhalds íslenska persónan:**
Ætli það sé ekki bara Stella Löve, samt bara úr Stellu í orlofi. Ég sé ennþá eftir því að hafa séð Stellu í framboði.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
Veit ekki, kannski Sean Connery. Hann er gamall og er samt ennþá fáránlega töff.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
John McClain. Klárlega.
**Mesti skúrkurinn:**
Kjartan í Strumpunum. Það er enginn jafnvondur og hann.
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Myndin It's Pat er alveg átakanlega léleg. Sérstaklega af því ég horfði á hana alla til enda til að vita hvors kyns aðalpersónan væri en svo kom það aldrei í ljós. Þannig að þeir sem hafa ekki séð hana þurfa það ekki að þjást í 90 mínútur.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Myndin væri um starfið á skrifstofu Stúdentaráðs, en þar vinn ég ásamt Ölmu og Björgu vinkonum mínum. Hún myndi fjalla um baráttu okkar við yfirvöld. Vondu kallarnir yrðu leiknir af Stefán Karli, Willem Dafoe og Danny Devito. Í lok myndarinnar hefðu allir stúdentar í heiminum það yndislegt. Mér er eiginlega alveg sama hver myndi leikstýra, bara ef þetta yrði stórmynd.

## ÚR VERINU



Leikstjórinn **Quentin Tarantino** hefur verið gagnrýndur harðlega fyrir ummæli sín um að ítalskar kvikmyndir séu niðurdrepandi á að horfa. „Nýjar ítalskar bíómyndir eru einfaldlega niðurdrepandi. Síðustu myndir sem ég hef séð eru allar svipaðar. Þær fjalla um stráka sem eru að vaxa úr grasi, eða stelpur að vaxa úr grasi, pör í erfiðleikum með sambönd sín, eða um geðsjúka einstaklinga sem fara í frí,“ sagði Tarantino. Ítalskir fjölmiðlar segja að Tarantino sé sjálfur geðsjúkur og leikkonan **Sophia Loren** er einnig bálreið. „Hvernig dirfist hann að tala um ítalska kvikmyndagerð þegar hann veit ekkert um bandaríska kvikmyndagerð.“



**Dustin Hoffman** og **Emma Thompson** fara með aðalhlutverkin í rómantísku gamanmyndinni Last Chance Harvey. Handrit myndarinnar var skrifað af leikstjóranum **Joel Hopkins** með Hoffman og Thompson í huga. Fjallar myndin um persónu Hoffmans sem hittir draumaprinsessuna í brúðkaupi dóttur sinnar í London. Hoffman og Thompson náðu vel saman í myndinni Stranger Than Fiction og ættu því ekki að eiga í vandræðum með að rifja upp gamla takta.

**Jack Black** hefur tekið að sér aðalhlutverkið í gamanmyndinni Year One. Leikstjóri og handritshöfundur er **Harold Ramis**, sem hefur áður sent frá sér Groundhog Day og Analize This. Honum til aðstoðar við handritsgerð verða **Gene Stupnitsky** og **Lee Eisenberg**, sem voru á meðal handritshöfunda að bandarísku útgáfunni af The Office. Framleiðandi er **Judd Apatow**, sem leikstýrði 40 Year Old Virgin og Knocked Up, sem var nýverið frumsýnd vestanhafs við mjög góðar undirtektir.










**BERSKJÖLDUÐ** Bandarísku listnemarnir í Hostel 2 eiga sér engrar undarkomu auðið.

# Blóðbaðið heldur áfram

**Hryllingsmyndin Hostel 2 verður frumsýnd í dag. Hæglega má búast við enn meiri pyntingum og blóðbaði, enda ekki við öðru að búast þegar Íslandsvinurinn Eli Roth er annars vegar.**

Fyrsta Hostel-myndin skartaði eins og svo margir muna Eyþóri Guðjónssyni í einu aðalhlutverkanna og af því tilefni var myndin heimsfrumsýnd í Smárabíói.
Eli Roth og framleiðandinn Quentin Tarantino komu í heimsókn við mikla gleði íslenskra kvikmyndaunnenda, enda ekki á hverjum degi sem slíkir stórlaxar láta sjá sig hér á eyjunni okkar fögru. Myndin sló rækilega í gegn í Bandaríkjunum sem og annars staðar og rakaði saman miklum peningum. Kom það mörgum á óvart en kannski ekki þeim sem þekktu til fyrstu myndar Roth, Cabin Fever, þar sem hann sýndi bráðskemmtilega hryllingstakta.

**Eyþór framleiðir**
Í Hostel 2 er Eyþór fjarri góðu gamni í leikaraliðinu en þess í stað er hann orðinn einn af aðstoðarframleiðendum. Þannig nýttust kraftar hans vel enda var myndin að hluta til tekin upp hérlendis, þar á meðal í Bláa lóninu.

**„Afslöppun“ í heilsulind**
Söguþráðurinn er á þann veg að þrjár ungar bandarískar konur, Beth, Whitney og Lorna, sem stunda listnám í Róm ákveða að skella sér í helgarreisu. Í henni hitta þær fyrirsætu sem þær kannast við úr skólanum sem hvetur þær til að koma með sér í náttúrulega heilsulind þar sem þær geta slappað af og haft það gott. Ekki fer þó allt eins og vonir stóðu til og lenda þær stöllur fljótlega í hinum mestu vandræðum þar sem brenglaðir morðingjar eru á hverju strái sem gera sér það að leik að pynta fórnarlömb sín.

**Berskjaldaðar stúlkur**
„Konur í hættu og konur í hryllingi eru aðalsmerki þessarar kvikmyndategundar,“ segir Eli Roth um Hostel 2. „Í þetta sinn eru stúlkurnar, sem eru á ferð um Evrópu, mun berskjaldaðari heldur en strákarnir voru í fyrstu myndinni. Þannig verður meira í húfi fyrir áhorfendurna.“
Roth segir að bæði konur og karlar eigi jafn erfitt með að láta pynta sig. „Ég hef mjög gaman af einni setningu úr Dr. Strangelove þar sem Sterling Hayden segir við Peter Sellers: „Ég held að ég myndi ekki þola að vera pyntaður.“ Sellers segir þá: „Það er einmitt málið, enginn þolir það í raun og veru.“ Sannleikurinn er nefnilega sá að allir halda að þeir geti verið harðir af sér en enginn þolir slíkt. Pyntingar eru slæmar fyrir alla.“

**Skoðaði pyntingar í Prag**
Roth segist hafa fengið hugmyndir að pyntingaraðferðunum á miðaldasafni í Prag og í dýflissu í London. „Ég skoðaði bara söguna og hvað fólk hafði gert af sér. Það var ýmislegt þarna sem var hræðilegt og ég hugsaði með mér: „Guð minn góður, hver einasta persóna í myndinni myndi deyja eftir þrjátíu sekúndur eftir eitthvað í líkingu við þetta. Svona lagað er einum of viðbjóðslegt.“ Í staðinn er þarna ein tegund pyntinga sem hefur sögulega skírskotun en aðrar eru af öðrum toga. Það var mjög erfitt að framkvæma þær.“

**Ekki fyrir viðkvæma**
Hostel 2 er, rétt eins og sú fyrri, stranglega bönnuð börnum yngri en átján ára og er alls ekki mælt með henni fyrir viðkvæmt fólk.

freyr@frettabladid.is



**Í SLÆMUM MÁLUM** Pyntingar af ýmsum toga eru í hávegum hafðar í Hostel 2.

# Ocean aftur til Las Vegas

George Clooney, Brad Pitt, Matt Damon og félagar eru mættir aftur í þriðju Ocean´s-myndinni, Ocean´s Thirteen. Fyrsta myndin, Ocean´s Eleven, var endurgerð samnefndar myndar frá árinu 1961 með rottugenginu í aðalhlutverki; Frank Sinatra, Dean Martin og Sammy Davis Jr. Gerðist hún í Las Vegas, rétt eins og nýjasta myndin.

Í þetta sinn ætla Ocean (Clooney) og félagar að ræna spilavítið The Bank sem er í eigu hins vægðarlausa Willys Bank (Al Pacino). Bank gerir sjálfum sér þann grikk að svíkja góðvin Ocean illilega og fyrir vikið kallar hann yfir sig vel skipulagt og öflugt ræningjagengi sem ætlar sér að launa honum lambið gráa.



**OCEAN´S 13** George Clooney, Brad Pitt og Matt Damon fara með aðalhlutverkin í Ocean´s 13.

Auk gæðaleikarans Als Pacino hefur bæst í hópinn leikkonan Ellen Barkin, sem leikur aðstoðarkonu hans, Abigail Sponder. Julia Roberts og Catherine Zeta Jones eru hvorugar í leikarahópnum að þessu sinni.

Leikstjóri er sem fyrr Steven Soderbergh sem á að baki myndir á borð við Traffic, Sex Lies and Videotape og Out of Sight. „Þegar við vorum að klára aðra myndina fannst mér sniðugt að við færum aftur til Las Vegas fyrir þá næstu. Ein stærsta ástæðan fyrir því að myndin var gerð var að allir vildu starfa saman á nýjan leik.

Við vissum samt að það yrðu allir að taka þátt því annars yrði myndin ekki að veruleika,“ sagði Soderbergh.

# Á frægðarstéttina

George Clooney, Brad Pitt og Matt Damon settu allir handarför sín og fótspor á frægðarstéttina í Hollywood í tilefni af frumsýningu á myndinni Ocean´s 13. Jerry Weintraub varð jafnframt fyrsti framleiðandinn til að komast á frægðarstéttina.

„Ef ég þyrfti að vera skríðandi með þremur öðrum náungum gæti ég ekki hugsað mér betri menn til þess en þá,“ sagði Clooney við athöfnina. Weintraub var jafnframt hæstánægður.

„Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta snýst allt saman um mig en ekki þessa þrjá náunga,“ sagði hann.



**HENDUR Í STEYPU** George Clooney setur hendur sínar í steypuna á frægðarstétt Hollywood. NORDICPHOTOS/AFP



**RUSSEL CROWE** Leikarinn hefur stofnað sitt eigið framleiðslufyrirtæki.

# Stofnar nýtt fyrirtæki

Leikarinn Russel Crowe hefur stofnað sitt eigið framleiðslufyrirtæki sem nefnist Fear Of God Films. Fyrsta myndin undir hatti þess verður rómantíska gamanmyndin Dolce´s Inferno sem byggð er á handriti Marks Staufer.

„Ég hlakka til að vinna með Mark því hann er mjög hæfileikaríkur höfundur,“ sagði Crowe. Hann hefur áður daðrað við framleiðslu því fyrir fimm árum framleiddi hann heimildarmyndina Texas. Crowe leikur næst í Hróa Hattar myndinni Nottingham í leikstjórn Ridleys Scott, sem einmitt stýrði honum svo eftirminnilega í Gladiator.



**CLIFFORD IRVING** Richard Gere í hlutverki Cliffords Irving í myndinni The Hoax.

# Svindlarinn Cliff Irving

Richard Gere leikur einn mesta svindlara allra tíma í kvikmyndinni The Hoax. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum í ævi Cliffords Irving, sem hélt því fram árið 1971 að hann hefði fengið leyfi til að skrifa endurminningar auðjöfursins sérvitra, Howards Hughes.

Eftir að bókin kom út þurfti hann að hafa sig allan við til að sanna að hann hafi virkilega fengið leyfið en ekki bara skáldað í eyðurnar. Auk Gere fara með helstu hlutverk í myndinni Marcia Gay Harden, Hope Davis, Julie Delpy og Alfred Molina. Leikstjóri er Svíinn Lasse Hallström sem á að baki myndir á borð við Cider House Rules, Chocolat og Casanova.



### Hvernig væri...

*...að halda sushiboð í sumar? Lærðu að gera sushi, eða fáðu gestina með þér í lið og setjið saman matinn yfir fordrykk. Góð kvöldstund og góður matur. Annars má alltaf panta sushi-bakka.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN HRAFNKELL BIRGISSON FORMAÐUR SAMTAKA HÖNNUÐA

# Faldi lifur bak við gólflista

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Ég gæti alls ekki verið án fiskmetis, tek það almennt fram yfir kjöt.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Grilluð Klaustursbleikja madras með kókosmjöli og brokkólí. Borið fram með basmatihrísgrjónum.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Það er ýmislegt sem er ekki í náðinni hjá bragðlaukunum og hefur aldrei verið, t.d. lifur. Þegar hún var í matinn í leikskólanum faldi ég hana á bak við gólflistana þegar fóstrurnar sáu ekki til.
Ég set hana ekki lengur þangað, hún er ekki heldur á boðstólum á mínu heimili í dag.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég hef ekkert að fela þar.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég á það til að stoppa hjá Regnboganum, kaupa mér stóran popp og taka með heim. Ef Regnboginn er lokaður þá verð ég mér úti um vel kryddaðar paprikuflögur.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Nýmjólk fyrir kaffið og smjör á speltbrauðið.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Örkina hans Nóa.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Líklega gæsalifrin sem mér varð á að panta á veitingahúsi í Toronto. Átti um nóttina í óþægilegum samskiptum við þessa máltíð. Aldrei aftur.




# Virt víngerðarfólk heldur Masterclass

Franska víngerðarkonan Christine Valette stendur fyrir Masterclass í vínsmökkun á vegum Vínskólans á Hótel Holti á morgun. „Hún er mjög þekkt og virt í Bordeaux,“ sagði Dominique Plédel, eigandi Vínskólans. Vínbúgarður Valette, Château Troplong Mondot, er einn stærsti búgarðurinn í St. Emilion í Bordeaux. „Þetta er ættaróðal, hún erfði vínbúgarðinn eftir foreldra sínum,“ útskýrði Dominique, sem sótti búgarðinn heim í fyrra.

„Við komum á sunnudagsmorgni, og á föstudeginum fyrir það kom í fréttum að vín hennar hefðu hækkað um gæðaflokk. Þar með var hún komin í næstefsta flokkinn,“ sagði Dominique, sem segir það frábæran árangur. Í heimsókninni sagði Valette það vera gamlan draum að heimsækja Ísland, og úr varð vínsmökkun föstudagsins. „Ég myndi segja að þetta sé flottasta vínfólk sem hefur komið til landsins hingað til,“ sagði Dominique.

Masterclassinn hefst klukkan 17 á Hótel Holti og er öllum opinn. Hægt er að skrá sig með því að senda póst á dominique@vinskolinn.is.



**HÁGÆÐAHEIMSÓKN** Dominique Plédel segir heimsókn Christine Valette og eiginmanns hennar ómissandi fyrir áhugafólk um eðalvín. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Heimasíða tileinkuð Bocuse D'Or

Íslensk heimasíða tileinkuð hinni virtu matreiðslukeppni Bocuse D'Or var sett á laggirnar á dögunum. Að síðunni stendur Bocuse d'Or Academie Islande, sem er skipuð mörgum helstu matreiðslumönnum landsins. Á síðunni verður hægt að fylgjast með fréttum af keppninni, sem síðast fór fram í Frakklandi í janúar á þessu ári. Þá keppti Friðgeir Ingi Eiríksson fyrir Íslands hönd. Íslenskir matreiðslumenn hafa tekið þátt síðan árið 1999, þegar Sturla Birgisson var fulltrúi lands og þjóðar og hreppti fimmta sætið.

Keppnin er sú virtasta í bransanum og fer fram annað hvert ár. Hún hefur verið haldin síðan 1987. Tuttugu og fjórar þjóðir fá keppnisrétt eftir að hafa unnið forkeppnir á sínum landssvæðum, og komast færri að en vilja. Ekki er ákveðið hver næsti fulltrúi Íslands verður.



**FRIÐGEIR INGI EIRÍKSSON** Friðgeir Ingi keppti í Bocuse D'Or fyrir Íslands hönd í janúar á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK




**ÉG VIL FISK** Áslaug Jónsdóttir, sem gaf nýverið út bókina Ég vil fisk!, er sjálf afskaplega hrifin af silfri hafsins. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

# Fiskurinn er fjársjóður

**Rithöfundurinn og bókverkakonan Áslaug Jónsdóttir hefur fisk í miklum metum. Hún metur gott hráefni mikils og eldar eftir eyranu.**

Áslaug er lítið fyrir að fylgja uppskriftum. „Ég les þær hins vegar oft. Þá reyni ég svona að finna bragðið í munninum og sjá hverju það myndi fara vel með,“ sagði Áslaug. Eldamennska hennar hefst því oft á tíðum á því að skoða hvað er til í ísskápnum. „Mér finnst mikilvægt að vera ekki svo bundin við uppskriftir að maður þurfi að keyra bæinn þveran og endilangan til að finna eitthvert eitt krydd sem vantar. Þá er miklu betra að nota það sem maður á örugglega til,“ sagði hún.

Áslaug leggur mikið upp úr því að nota sem ferskust matvæli og ræktar meira að segja grænmeti í samvinnu við systur sínar þrjár. „Það er hægt að rækta allt, ég hef ræktað zuccini með góðum árangri, þó ég eigi ekki gróðurhús með hita. Og þetta krydd þrífst líka mjög vel í þessu vota veðri sem við höfum hér. Það gengur ekkert að rækta það þar sem appelsínurnar vaxa,“ sagði Áslaug og hló við.

Ferskur fiskur er í hávegum hafður hjá Áslaugu, sem þykir miður að svo sé ekki hjá stærri hópi. „Mér finnst hafið svo spennandi. Þess vegna fannst manni svo gaman sem barni að sjá þessar skepnur, sem maður sá aldrei annars. Þetta voru bara töfrar,“ sagði Áslaug. „Nú horfir maður bara á fiskinn í frystikistum í búðum. Mér finnst svo sorglegt að sum börn hafi hreinlega aldrei séð spriklandi fisk. Fiskur er villibráð, sem við erum heppin að eiga,“ sagði hún.

Nýútkomin barnabók Áslaugar, Ég vil fisk!, er í samræmi við þá skoðun hennar. „Að börnum finnist fiskur ekki góður er bara della,“ sagði Áslaug. „Ef krakkar vilja frekar pítsu er það af því að við nennum ekki að matreiða fisk fyrir þau eða gerum það ekki rétt,“ bætti hún við.

**STEINBÍTUR Í OFNI**

**700 g steinbítur**
**1 mangó í sneiðum**
**1 tsk grænt karrímauk**
**1 hvítlauksrif í sneiðum**
**2 tsk rifinn ferskur engifer**
**2 msk saxaður ferskur kóríander**
**2 vorlaukar í fínum sneiðum**
**1/2 grænn chili í sneiðum**
**Ólífuolía**

Skerið fiskinn í frekar lítil stykki þvert á vöðvann. Blandið öllu saman og veltið fiskinum í kryddi og olíu. Leggið í ofnfast fat ásamt mangói og bakið við 200°C í 10-15 mín eða þar til fiskurinn er létt soðinn í gegn. Saltið eftir smekk og berið fram með hrísgrjónum og gúrku-jógúrtsalati.

Fylgist með fiskinum í ofninum, hann má ekki vera ofsoðinn.

sunna@frettabladid.is




# Möndlukaka Evu Maríu

Eva María Jónsdóttir, dagskrárgerðarkona með meiru, býður Völu Matt í mat í Mat og lífsstíl í kvöld. Eva bakar dýrindis sítrónu- og möndluköku með heilsusamlegum formerkjum. „Hún hljómar svolítið heilsusamlega af því að Eva María notar speltmjöl, síróp og svo möndlur í staðinn fyrir hveiti, en hún var bara eins og konfekt,“ sagði Vala og hló við.

„Svo var líka gaman að sjá hvað Evu Maríu fannst skemmtilegt að það skyldi ganga að stífþeyta eggjahvíturnar með sírópinu – hún var að prófa það í fyrsta skipti, þar sem hún vildi hafa kökuna hveiti- og sykurlausa,“ bætti hún við.

**SÍTRÓNU OG MÖNDLUKAKA**

**225 g möndlur, heilar**
**175 g lint smjör**
**1 msk. speltmjöl**
**250 g agavesíróp**
**6 egg**
**Börkur af 2 sítrónum, helst lífrænum.**

Ofn hitaður í 170 gráður. Möndlur fínmalaðar í matvinnsluvél eða blandara. Setjið smjörpappír í hringform og smyrjið með smá smjöri, hveiti dreift yfir og jafnað í forminu. Afgangi hvolft úr.

Smjör hrært létt og ljóst ásamt fjórðungi af sírópi. Þrjú egg aðskilin og rauðum hrært saman við, einni í senn. Möndlumjöl sett í skál. Rifið sítrónubörk fínt og blandið við ásamt helmingi af sírópinu. Heilu eggjunum hrært saman við hitt deigið og möndlublöndu hrært saman við. Afgangs eggjahvítur þeyttar hálfstífar, afganginum af sírópinu bætt í smátt og smátt og þeytt þar til hvíturnar eru alstífar. Blandið varlega við deigið með sleikju.

Jafnað í formið og bakað í um hálftíma, eða þar til prjónn sem stungið er í miðja köku kemur hreinn út. Kakan látin kólna aðeins í forminu, hvolfd á grind og kæld. Kökuna má bera fram eins og hún er eða með rjóma og berjum eða öðrum ávöxtum.



**HEILSUSAMLEG KONFEKTKAKA** Sítrónu- og möndlukaka Evu Maríu er eins og konfekt á bragðið þrátt fyrir heilsusamlegt innihald, að sögn Völu.

# Ótrúlegt verð

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgar-svæðinu og á Akureyri*



27% AFSLÁTTUR

## Sterling 1716

- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H™ brennari úr ryðfríu stáli
- 3742cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp™ hitamælir
- Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ rafeinda kveikjukerfi
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhalda-krókum

TILBOÐ 21.999kr
Verð áður 29.999,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



25% AFSLÁTTUR

## Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafitáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

TILBOÐ 74.900kr
Verð áður 99.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



32% AFSLÁTTUR

## Sterling 1104

- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710cm² - heildar umfang með hliðarborðum/hellu
- 1677cm² - án hliðarborðs/hellu
- Porselín húðaðar járngrindur til eldunar
- Porselín húðað Flav-R-Wave™ eldunarkerfi
- 1Lineral Flow™ gasventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbygður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL™ niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- 18 cm / 7" hjól

TILBOÐ 16.999kr
Verð áður 24.999,-



30% AFSLÁTTUR

## Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- Hitaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm

TILBOÐ 104.900kr
Verð áður 149.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



24% AFSLÁTTUR

## Grandhall Elite 791

- Hitamælir í loki
- Hitaplata úr pottjárni
- Rafeindakveikja
- 6 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5 kWh (15.000BTU)
- Bakbrennari, 3,8 kWh (13.000BTU)
- 27,6kWh (94.000 BTU) heildargeta
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr ryðfríu stáli
- Snúnings grillteinn úr ryðfríu stáli, 240V mótor
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

TILBOÐ 189.900kr
Verð áður 249.900,-

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



49.999kr GOTT VERÐ

## BBQ Master 2300

- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000 BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Snúnings grillteinn
- Rafeinda kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

VISA Lán - HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Gildir til 10. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Besti vinur bloggarans

**Parið Berglind Hólm Ragnarsdóttir og Mario Ruiz hafa sett á laggirnar síðuna bestiheimi.is. Þar gefst notendum kostur á að auðvelda sér bloggflandrið.**



**ÞÆGILEGRI MORGUNRÚTÍNA** Berglind Hólm Ragnarsdóttir og Mario Ruiz settu bestiheimi.is á laggirnar svo blogglestur á morgnana gengi hraðar og þægilegar fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Þetta kom eiginlega til af því að við vorum alltaf að tala um það í vinahópnum hversu pirrandi það er að vera alltaf að fara inn á bloggin hjá öllum,“ útskýrði Berglind. „Við bloggum bæði og allir vinir okkar líka. Morgunrútínan hjá okkur er þannig að við lesum fyrst blöðin og svo bloggin. Maður var flakkandi á milli blogga, og svo var kannski enginn búinn að skrifa neitt nýtt. Við fórum að tala um hvað það væri þægilegt að hafa þetta allt saman á einum stað,“ sagði Berglind. Hún er nemi í félagsfræði, en Mario er forritari.

Afraksturinn er bestiheimi.is. Þar stofna notendur sérstakan reikning og setja blogg vina sinna og vandamanna í áskrift. „Þá safnast bloggin á eina síðu. Þú ferð bara inn á hana og sérð þar hverjir eru búnir að skrifa eitthvað nýtt,“ útskýrði Berglind. „Og ef þú átt vini sem eru mjög latir við þetta geturðu meira að segja fengið sendan tölvupóst þegar þeir bæta inn á síðuna sína,“ bætti hún við.

Berglind og Mario veltu því fyrst fyrir sér að hafa síðuna alþjóðlega, en ákváðu síðar að einbeita sér að íslenskum bloggheimi. „Það eru svo fáir sem tala íslensku, og líka svo margir sem eru að blogga á landinu,“ sagði Berglind. Notendur geta þó bætt hvaða bloggi sem er inn á listann sinn, en það er svo merkt sem annað hvort íslenskt blogg, enskt, spænskt, eða sem „annað“ tungumál. Á forsíðu bestiheimi er svo hægt að velja einhvern af þessum flokkum og skoða hverju aðrir notendur fylgjast með. Utan blogga nær bestiheimi einnig yfir fréttir. „Planið er að búa líka til spænska síðu, en ég veit ekki hvort það verður neitt meira en það,“ sagði Berglind. Spánn liggur beinast við þar sem Mario er af spænsku bergi brotinn.

Berglind bendir á að síðan sé enn í betaútgáfu. „Það getur vel verið að þar séu villur, svo fólk má endilega benda okkur á þær,“ sagði hún.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**STÓR FJÖLSKYLDA** Jolie og Pitt eiga fjögur börn og eru við það að bæta því fimmta við. Hjónin hafa engan tíma fyrir sig sjálf þar sem allur tími fer í uppeldið.

# Samband Jolie og Brad Pitt í uppnámi

Angelina Jolie hefur viðurkennt að samband hennar við Brad Pitt sé ekki upp á sitt besta í augnablikinu. Hún segir þau skötuhjú fá afar lítinn tíma til að rækta eigið samband þar sem allur tíminn fari í barnauppeldið, en sem kunnugt er eiga hún og Brad fjögur börn, öll undir sex ára aldri. Jolie segir hins vegar að hún og Pitt séu að vinna mikið í sínum málum og reyni eftir fremsta megni að gera fjölskyldulífið eins eðlilegt og mögulegt er. Stundum taki börnin hins vegar of mikinn toll.

„Á þessari stundu eigum við í vandræðum. Öll pör þurfa á sínum tíma að halda og við erum þar engin undantekning. Við erum að vinna í þessum málum og ætlum að reyna að ná betra skipulagi í heimilislífið,“ sagði Jolie í viðtali. Ummæli Jolie þykja ýta undir orðróm um að Pitt sé orðinn þreyttur á sambandinu en hann þótti úrvinda þegar hann kom fram á rauða dreglinum á kvikmyndahátíðinni í Cannes í síðasta mánuði.

Barnauppeldið virðist þó ekki vera ástæðan því stjörnuparið mun vera að ættleiða eitt barn til viðbótar og í þetta sinn ætla þau að taka að sér nokkurra mánuða gamlan munaðarleysingja frá Tékklandi. Verður það önnur ættleiðing hjónanna á síðustu fjórum mánuðum.

# Borat verður pabbi

Leikarinn Sacha Baron Cohen, sem þekktastur er fyrir túlkun sína á Borat og Ali G, á von á barni með áströlsku leikkonunni Isla Fisher. Leikkonan mun hafa greint nánum vinum frá tíðindunum þegar parið sótti MTV-kvikmyndaverðlaunahátíðina í vikunni, þar sem Sacha Baron hlaut meðal annars tvenn verðlaun. „Ég er ólétt og mér líður frábærlega. Ég er mjög spennt yfir því að verða mamma,“ á Fisher að hafa sagt við vinkonur sínar, Drew Barrymore og Cameron Diaz.

Fisher, sem er hvað þekktust fyrir leik sinn í kvikmyndinni The Wedding Crashers, mun vera komin þrjá mánuði á leið en hvorki hún né Sacha Baron vildu tjá sig um málið við fjölmiðla ytra.



**FJÖLGA MANNKYNINU** Sacha Baron Cohen á von á barni með Islu Fisher sem komin er þrjá mánuði á leið.

FATÓ
ÚTSÖLUMARKAÐUR LÚXUS MERKJAVARA
LAUGAVEGI 91 - 2. hæð
Vegna fjölda áskorana...
FRAMLENGJUM TIL 9. JÚNÍ
ALLRA SÍÐUSTU DAGAR !!
LÚXUS MERKJAVARA ÚR:
eva COMPANYS Kultur gs skór CENTRUM Kultur menn
Á ÓTRÚLEGUM...
80%
AFSLÆTTI
Opið: í dag 10 - 18 föstudag 10-18:30 laugardag (9.júní) 10-17
Hefur þú efni á að missa af þessu ?!
FATNAÐUR: DKNY - GERARD DAREL - NICOLE FARHI - FRENCH CONNECTION - PAUL & JOE - MALENE BIRGER - INWEAR - PART TWO - GREAT PLAINES - SEVEN JEANS - MAVI JEANS - BILL TORNADE - IMPERIAL FASHION - IKKS - S'NOB - SAINT TROPEZ - ACQUAVERDE - JUST IN CASE - NOUGAT
SKÓR OG STÍGVÉL: SPIRAL - SENDRA - BRONX - BULL BOXER - SANCHO
FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR - LAUGAVEGI 91 - 2. hæð
FATÓ
MERKJAVARA Á ÓTRÚLEGU VERÐI



# NÝJUSTU MYNDIRNAR




VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

*EF MYNDIN BLOOD DIAMOND ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

## Fjölbrautaskólinn í Breiðholti




Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður mjög fjölbreytt nám: bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúning fyrir frekara nám.

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Viðskipta- og hagfræðibraut
Upplýsinga- og tæknibraut
Þriggja ára náttúrufræðibraut

**Listnámsbrautir**
Myndlistarkjörsvið
Textíl- og hönnunarkjörsvið

**Löggilt iðnnám**
Húsasmíðabraut
Rafvirkjabraut
Snyrtibraut

**Löggilt starfsnám**
Sjúkraliðabraut
Sjúkraliðabrúin

**Eins til tveggja ára starfsnám**
Grunnnám rafiðna
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
Handíðabraut
Íþróttabraut
Viðskiptabraut

**Almenn námsbraut**

**Starfsbraut**

**Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.**

**Mánudaginn 11. júní verða náms- og starfsráðgjafar skólans til viðtals frá kl. 9 – 18.**

**Innritun í Fjölbrautaskólann í Breiðholti er á netinu eða á skrifstofu skólans frá 09:00 til 15:00 og lýkur 11. júní.**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

**Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600**
**Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is**

**www.fb.is**


# Víkingar herja á Hafnarfjörð

„Víkingarnir eru farnir að streyma að. Við erum byrjuð að reisa tjaldbúðir og þetta er allt saman að koma,“ segir Jóhannes Viðar Bjarnason fjörugoði á Fjörukránni í Hafnarfirði. Hann stendur fyrir hinni árlegu víkingahátíð þar í bæ sem hefst nú á föstudaginn.

Jóhannes býst við um hundrað víkingum erlendis frá og viðlíka fjölda innlendra víkinga.

„Það verða stanslausar uppákomur frá morgni til kvölds alla helgina og nóg um að vera fyrir alla,“ segir Jóhannes. Heilir lambsskrokkar verða eldaðir yfir opnum eldi, leikhópar og tónlistarfólk leikur listir sínar. Magnús Ver verður með keppni um sterkasta víkinginn og það verða bardagar, glímur og bogfimikeppni. Einnig verður handverksfólk við vinnu sína. Það mun smíða sverð og hnífa að fornum sið, skera út, vefa og margt fleira.

Erlendu gestirnir hafa margir sitt lifibrauð af því að ferðast á milli víkingahátíða og selja handverk sitt. Jóhannes segir strangar reglur gilda um klæðaburð víkinga, efni, muni og annað. Allt þarf að eiga sér fyrirmynd í fornum munum. „Íslensku víkingarnir eru sjaldnast í víkingafötum daglega en ég sjálfur hef nú reyndar klæðst víkingaklæðnaði síðustu sautján ár.“

Víkingahátíðin verður sett á föstudaginn klukkan 17 við Fjörukrána og verður opin alla helgina. Henni lýkur svo með heljarinnar blóti sunnudaginn sautjánda júní.

-jar



**HEFUR KLÆÐST VÍKIGAFÖTUM Í 17 ÁR** Jóhannes Viðar Bjarnason fjörugoði í Hafnarfirði stendur fyrir víkingahátíð næstu tvær helgar.

# Setja reglur um klæðaburð gesta á skemmtistöðum

**Skemmtistaðir í Reykjavík hafa í síauknum mæli tekið upp svokallaðan „dress-code“ eða fatareglur fyrir gesti sína. Þar virðast hettupeysur og derhúfur vera efst á útrýmingarlistanum.**

„Þetta er fyrst og fremst varúðarráðstöfun því við viljum geta borið kennsl á gesti staðarins ef eitthvað kemur upp á. Þess vegna biðjum við fólk að taka ofan höfuðfatið um leið og þeir ganga inn. Síðan geta menn svo sem sett það upp aftur þegar inn er komið,“ segir Arnar Þór Gíslason, framkvæmdarstjóri Óliver.

Á dögunum bar á því að fyrir framan skemmtistaðinn væri fólki gert skylt að taka ofan derhúfurnar og jafnvel fara úr hettupeysum. „Við leyfum okkur að gera athugasemdir við klæðnað hjá fólki því við höfum lent í því að fá stóra fyrirtækjahópa, merkta ákveðnum vörumerkjum, beint ofan af fjalli sem samræmist ekki kröfum staðarins,“ bætir Arnar við og segir að gestir staðarins taki yfirleitt vel í athugasemdir dyravarða og stundum hafi fólk hreinlega farið heim, skipt um föt og mætt galvaskt aftur.

Arnar Þór neitaði því staðfastlega að gestum staðarins væri meinuð innganga væru þeir í hettupeysum. „Menn verða auðvitað að vega það og meta hvort fötin eru hluti af einhverju „lúkki“ eða ekki. En Óliver er auðvitað staður fyrir alla, hvort sem þeir eru með derhúfur eða í hettupeysum en við viljum bara að gestir okkar séu snyrtilegir til fara.“

Á Thorvaldsen var manni nýlega gert að fara úr útivistarúlpu og sagði Emil Ólafsson skemmtanastjóri að hann sæi prívat og persónulega um það að fólk væri í „trendy klæðnaði“ eins og hann komst sjálfur að orði. „Það samanstendur meðal annars af jakkafatajakka, skyrtu og leðurskóm eða fínum strigaskóm,“ útskýrir Emil sem telur vera til hóp Íslendinga sem vill fara á fínni staði og vilji skemmta sér í friði með sínum vinum.

freyrgigja@frettabladid.is



**ARNAR ÞÓR** Fatakröfur skemmtistaðanna er mismunandi en þó virðast hettupeysur og derhúfur vera litnar hornauga víðast hvar.

# *Gummi Ben í íþróttafréttirnar*

Áhorfendur sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar ráku margir hverjir upp stór augu í gærkvöldi en þá var mættur á skjáinn Guðmundur nokkur Benediktsson, knattspyrnumaður úr Val, til að lýsa leik Englendinga og Eista. Guðmundur, sem hefur lýst enska boltanum á samnefndri sjónvarpsstöð síðustu þrjú ár, hefur hafið störf sem íþróttafréttamaður á Sýn.

„Enski boltinn er skemmtilegasta íþrótt í heimi svo ég gat ekki annað en fylgt henni þegar tækifærið gafst,“ segir Guðmundur, en sem kunnugt er tryggði Sýn sér sýningarréttinn á enska boltanum fyrir skemmstu.

Síðustu þrjú ár hefur Skjárinn haft réttinn á enska boltanum og þar hefur Guðmundur verið einn af aðalþulunum. Það fer því fjarri að hann sé einhver nýgræðingur í bransanum. „Ég þekki þetta ágætlega og hef líka svo ofboðslega gaman af þessu. Það skiptir mestu máli,“ segir Guðmundur, sem væntanlega fær einnig að spreyta sig í að lýsa öðrum íþróttagreinum en fótbolta í framtíðinni. „Ég er vel að mér í flestum íþróttum

Störf Guðmundar í sjálfri fréttamennskunni verða þó af skornum skammti í sumar á meðan hann er sjálfur í eldlínunni í Landsbankadeildinni.



**GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON** Hefur lýst enska boltanum á samnefndri sjónvarpsstöð síðustu ár við góðan orðstír og hefur nú flutt sig yfir til Sýnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Ég myndi alveg treysta sjálfum mér til að vera hlutlaus í íþróttaumfjöllun en það er spurning hvort aðrir myndu taka mark á mér,“ segir Guðmundur og hlær. Vegna nýja starfsins útilokar Guðmundur ekki að leggja skóna á hilluna eftir tímabilið í sumar. „Ég er ekki farinn að spá í þá hluti á þessari stundu. Það verður bara að fá að koma í ljós í haust.“

- vig


SUMAR 2007
GK JAKKFÖTIN
FYRIR ÚTSKRIFTINA OG ATVINNUVIÐTALIÐ. KR. 49.900
LAUGAVEGUR 66
101 REYKJAVÍK
GK REYKJAVÍK

SÝNINGATÍMAR KVIKMYNDAHÚSA




SAMbíó ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 6 - 10 | |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE REAPING | kl. 8:10 - 10:10 | 16 |
| BLADES OF GLORY | kl. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| ROBINSON FJ... ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| GOAL 2 | kl. 3:50 - 6 | 7 |

Nánari upplýsingar á www.SAMbio.is

SAMbíó AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl. 8 | 10 |
| ZODIAC | kl. 8 | 16 |

SAMbíó KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBEAN 3 kl. 6:15 - 7:20 - 8:15 - 10:15 - 10:30 | | DIGITAL | 10 |
| ROBINSON F.. M/- ÍSL TAL | kl. 6 | DIGITAL-3D | L |

SAMbíó KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3 | kl. 8 | 7 |
| THE REAPING | kl. 10 | 16 |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 8 | L |






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST MIMZY | kl. 4, 6 og 8 | L |
| DELTA FARCE | kl. 6, 8 og 10 | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 og 8 | 10 |
| SHOOTER | kl. 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4 -450 kr.- | L |

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST MIMZY | kl. 3 - 6 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10.45 | 10 |
| PIRATES OF THE C. 3 LÚXUS | kl. 5 - 9 | |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 3.45 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5 - 10.10 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| UNKNOWN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| IT'S A BOY GIRL THING | kl. 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 5.20 | 10 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE INVISIBLE | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRACTURE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 28 WEEKS LATER | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| PATHFINDER | kl. 6 - 8* | 16 |
| THE HILLS HAVE EYES 2 | kl. 10* | 16 |
| * síðustu sýningar | | |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS



# Fullmannaðir Skátar á Sirkus

Hljómsveitin Skátar spilar á tónleikum á Sirkus í kvöld.

Fyrsta breiðskífa þeirra, Ghost of the Bollocks to Come, kom út í apríl og hefur fengið mjög jákvæðar viðtökur gagnrýnenda.

Lítið hefur verið um spilamennsku hjá Skátum undanfarið vegna flakks meðlima sveitarinnar. Það stendur þó til bóta.

Markús Bjarnason, söngvari Skáta, er fluttur heim frá Færeyjum eftir ársdvöl. Hann bjó þar ásamt konu sinni þar sem þau unnu að heimildarmynd. Kolbeinn Hugi Höskuldsson hefur svo leyst af Ólaf Steinsson gítarleikara sem flutti til Bandaríkjanna.

Kolbeinn er líka í hljómsveitinni Retron. Hann setti svo upp myndlistarsýninguna „Still drinking about you“ í Nýlistasafninu fyrr í vetur við góðar undirtektir.

Tónleikarnir hefjast kl 21 á Sirkus.



**SPILAGLEÐI** Skátar eru þekktir fyrir hressa sviðsframkomu og eru gjarnan í hvítum göllum.



**MORR Í IÐNÓ** Rafdúettinn Isan var á meðal þeirra sem komu fram. Frammistaða dúettsins þótti afarslök. FRÉTTBLAÐIÐ/VALLI

# Íslenskur sigur á Morr-kvöldi

**Tónleikar þýska plötufyrirtækisins Morr Music voru haldnir hér landi í tilefni af því að tvær íslenskar sveitir gáfu nýlega út plötu undir merkjum fyrirtækisins, Seabear og Benni Hemm Hemm. Auk þess voru tónleikarnir haldnir til þess að vekja almenna athygli á þessu merka plötufyrirtæki.**

Fyrstur upp á svið á Morr-kvöldi í Iðnó var breski rafdúettinn Isan sem hefur lengi verið talinn með merkari rafhljómsveitum síðastliðinna ára.

Tónlistin sem flæddi úr hátölurunum var fín en sem tónleikaupplifun var frammistaða Isan hreint arfaslök. Tveir sjúskaðir karlar uppi á sviði að fikta í fartölvunni hélt ekki athygli manns lengur en í hálfa mínútu. Hinar erlendu sveitirnar tvær, Tarwater og The Go Find, náðu heldur litlu flugi.

Tarwater byrjaði nokkuð forvitnilega og virtist ætla að sanna að nýjasta plata hennar virkar betur á tónleikum heldur en hún gerir á plasti. Eftir því sem á leið rættist hins vegar lítið úr tónlistinni en Tarwater átti þó sína spretti. The Go Find var skásta erlenda sveitin í Iðnó þetta ágæta þriðjudagskvöld en náði samt aldrei að vera meira en sæmileg poppsveit í anda Death Cab for Cutie.

Íslensku sveitirnar tvær voru hins vegar tónleikunum til bjargar. Hljómsveit Sindra Más Sigfússonar, Seabear, taldi frá sex til átta manns þetta kvöld og kynnti lög af nýju plötunni, The Ghost That Carried Us Away, og gekk það frábærlega fyrir sig. Flutningurinn var áhugaverður, Sindri gríðarlega einbeittur sem hljómsveitarstjóri og aðrir meðlimir hæfilega kærulausir. Seabear stimplaði sig þarna inn sem klárlega ein af mest spennandi íslensku sveitunum í dag. Benni Hemm Hemm fékk loks að ljúka kvöldinu og gerði það af stakri prýði. Spilagleðin var alls ráðandi líkt og áður og svo var flott að sjá hvernig krafturinn og samhæfingin virðist alltaf vera að aukast hjá sveitinni. Einnig er ótrúlegt hvað Benni sjálfur tekur miklum framförum sem söngvari og batnar með hverjum tónleikum.

Mætingin á tónleikana var því miður ekki nógu góð og skapaðist því hið óþolandi ástand að margir settust á gólfið. Andinn var þó vingjarnlegur í Iðnó og óþarfi er að halda að einhverjir hafi gengið þaðan út óánægðir. Þrátt fyrir allt mætti halda svona tónleika miklu miklu oftar.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

**TÓNLEIKAR**
**Morr-kvöld**
Iðnó 5. júní
★★★
Erlendu sveitirnar voru ekki upp á marga fiska en sem betur fer höfðu þær íslensku böndin til þess að bjarga kvöldinu.

# Kólera, afbrýði og ást

Kvikmynd Johns Curran byggir á samnefndri sögu W.S. Maugham sem hefur þegar verið kvikmynduð einu sinni. Myndin gerist á þriðja áratug síðustu aldar en aðalpersónur hennar eru hjónin Kitty (Watts) og Walter Fane (Norton), afar ólík að upplagi og óþægilega splæst saman af hefðum þess tíma.

Kitty er fjörug og kærulaus pabbastelpa sem giftist Walter, sem er hæglátur og feiminn, til að daga ekki uppi heima hjá sér. Hann fer með hana til Sjanghæ þar sem hann starfar sem gerlasérfræðingur en það starf leiðir hjónakornin á endanum lengst inn í land þar sem faraldur geisar. Walter dregur reyndar konugarminn með sér í hefndarskyni eftir að fjörkálfurinn hefur haldið framhjá honum með framagosanum Townsend (Schreiber).

Myndin fjallar um tilfinningapólitík, spurningar um traust, kúgun, fórnfýsi og afbrýðisemi en baklandið er einnig í hugmyndum um stöðu konunnar og heimsvaldastefnunnar. Til að auka enn á rómantíkina er bullandi kólera á svæðinu.

Orðfærið í myndinni ef afar fallegt og sviðsetningarnar einnig en þó finnst mér eins og eitthvað vanti. Það er oft reyndin þegar rætt er um kvikmyndaaðlaganir og þó þessi mynd veki áhuga á frumtextanum er ég ekki viss um að hann sýni honum sóma því handritið virkar gloppótt.

The Painted Veil er afar vel leikin alvarleg ástarsaga og forvitnileg sem slík. Hún líður samt fyrir hægaganginn og skort á stærra samhengi. Aðaláherslan er á samband Kitty og Walter sem ná saman í erfiðum aðstæðum sem eru illa skýrðar og aukapersónur myndarinnar, sérstaklega Kínverjarnir, voru illa mótaðar.

Meinlegur galli á myndinni var þó hljóðið. Ekki aðeins var dáfagur píanóleikurinn sem ber uppi tónlist myndarinnar eyðilagður af undarlegri hljóðblöndum heldur var einn hátalaranna í bíóinu skemmdur þegar ég sá myndina og kæfði hávaðinn frá honum oft lágvært tal og tónlist. Því miður er það ekki í fyrsta sinn sem gestum Regnbogans er boðið að horfa á myndir við svo miður góðar aðstæður.

Kristrún Heiða Hauksdóttir



**KVIKMYNDIR**
**The Painted Veil**
Leikstjóri: John Curran
Aðalhlutverk: Naomi Watts, Edward Norton, Liev Schreiber.
★★★
Vel leikin og áhugaverð mynd sem líður fyrir hægagang.

# Apparat á leið í stúdíó

„Við erum ekki búnir að vera alveg aðgerðarlausir síðan platan kom út fyrir fimm árum," segir Jóhann Jóhannson, liðsmaður Orgelkvartettsins Apparat sem er að hefja upptökur á nýrri plötu nú í júní.

Að sögn Jóhanns eiga þeir mikið magn óupptekinna laga, bæði fullkláruð og hugmyndir sem þeir eiga eftir að vinna úr. „Við ætlum að loka okkur af í Mosfellsbæ í þrjár til fjórar vikur og sjá hvernig gengur að koma þessu frá okkur."

Orgelkvartettinn Apparat, sem er reyndar kvintett, er af mjög mörgum talinn eitt flottasta tónleikaband landsins. Það er yfirleitt fullt út úr dyrum þegar bandið spilar og því eflaust margir sem bíða spenntir eftir nýrri plötu.



**KVINTETTINN KVARTETT** Orgelkvartettinn Apparat er á leið í hljóðver að taka upp nýja plötu.

Á plötunni ætla þeir að reyna að fanga þann kraft sem áheyrendur á tónleikum þeirra upplifa. „Við ætlum að taka þessa plötu upp sem live band sem er allt annar prósess en þegar við tókum hina upp."

Hann segir að gamla platan hafi verið samin í stúdíóinu á þriggja ára tímabili, áður en þeir voru farnir að spila sem tónleikaband. Þeir hafi svo þurft að læra að spila hana á tónleikum þegar platan var tilbúin.

Stefnt er að því að platan komi út einhvern tíma á næsta ári en það fer allt eftir því hvernig upptökur ganga. „Við viljum auðvitað ekki gefa neitt út sem við erum ekki ánægðir með," segir Jóhann að lokum.

Viðtal við Jóhann Jóhannsson verður í laugardagsblaði Fréttablaðsins um helgina. -jar

# Stjörnur skilja í góðu

Leikaraparið Kate Hudson og Owen Wilson eru hætt saman eftir nokkura mánaða samband. Kate og Owen kynntust við tökur á myndinni You, Me and Dupree og yfirgaf Kate unnusta sinn til margra ára, rokkarann Chris Robinson, til að geta tekið saman við Owen.

Þau neituðu ávallt að tala opinberlega um samband sitt og eins og við var að búast hafa þau ekki viljað tjá sig við fjölmiðla um sambandsslitin. Sameiginlegur vinur þeirra segir hins vegar að þau skilji í góðu og að þau séu ennþá mjög góðir vinir.



**HÆTT SAMAN** Hudson og Wilson skemmtu sér saman í nokkra mánuði en halda nú hvort í sína átt.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Kathy Hilton** er sannfærð um að dóttir hennar **París** muni koma út sem betri manneskja eftir að hafa afplánað 23 daga fangelsisvist. Hún segist reyna að styðja við bakið á henni á meðan hún gengur í gegnum þessa erfiðu raun. París Hilton hóf afplánun sína á sunnudaginn var eftir að hún braut skilorð sem hún fékk fyrir að aka bíl undir áhrifum áfengis. Kathy þurfti að halda aftur af tárunum þegar hún ræddi við fjölmiðla en hún er sannfærð um að dóttir hennar muni læra af mistökunum.



Söngkonan **Beyonce Knowles** segist vera búin að fá nóg af því að lesa um meintar deilur hennar og leikkonunnar **Jennifer Hudson**. Knowles, sem lék með Hudson í kvikmyndinn Dreamgirls, var sögð vera afbrýðisöm út í velgengni meðleikkonu sinnar en hún segir ekkert vera til í þeim staðhæfingum. Hún gengur jafnvel svo langt að saka fjölmiðla um að búa til leiðindi ef tveir svertingjar leiði hesta sína saman. „Svona leiðindamál koma alltaf upp þegar ég leik á móti annarri blökkukonu," sagði Knowles. „Það er ekkert til í þessum orðrómi og ég veit ekki af hverju hann kemur alltaf aftur og aftur upp. Þetta er samfélagslegt mein og hefur ekkert með mig að gera."



**Victoria Beckham** segir að eiginmaður sinn **David Beckham** ætli ekki að setja fleiri húðflúr á vinstri handlegg þar sem hann vilji geyma plássið til að heiðra mögulegt stúlkubarn þeirra hjóna. Beckham-hjónin eiga þrjá syni og er David með nöfn þeirra allra húðflúruð á líkamann. Hægri handleggur hans er nánast þakinn húðflúrum en sá vinstri hefur aðeins að geyma tvö lítil húðflúr. „Okkur dauðlangar í litla stelpu en á þessari stundu erum við ekki í barneignarhugleiðingum. David vill hins vegar vera við öllu búinn," segir Victoria.



Leikkonan **Sienna Miller** stendur fast við bakið á vinkonu sinni **Keiru Knightley** og segir hana „gallalausa" leikkonu. Knightley þykir ekki sýna neinn stórleik í nýjustu myndinni, Pirates of the Caribbean, sem var nýlega frumsýnd, en þeim Miller og Knightley varð vel til vina við tökur á myndinni The Edge of Love sem frumsýnd verður á næstunni. „Ég dáist að henni. Hún leggur gríðarlega hart að sér við leikinn og undirbýr sig af kostgæfni. Fyrir utan það er hún indæl, fyndin og skemmtileg. Ég mun elska hana til dauðadags," segir Miller.







…upplifðu ósvikinn **kraft og fegurð**



ACTYON



ACTYON SPORTS

SSANGYONG



REXTON II

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn jeppi með **hátt og lágt drif**, **byggður á grind** og er stærri en ætla má við fyrstu sýn. Tækninýjungar eru fjölmargar og skila sér í **einstakri nýtingu á afli** og frábærum akstursеiginleikum. Sjón er sögu ríkari, komdu til okkar á Tangarhöfðann og kynntu þér úrvalið frá **SsangYong**.

**Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í jeppum í dag!**

Komdu í heimsókn, upplifðu kraftinn og fegurðina. Auk **Kyron** jeppans eru á staðnum nýi **Actyon** jeppinn, **Actyon Sports** pallbíllinn og 186 hestafla **Rexton II** jeppinn sem er flaggskip flotans frá **SsangYong**.

Bílabúð Benna
www.benni.is

Tangarhöfða 8-12
112 Reykjavík
Sími 590 2000

**Bílabúð Benna:** Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00. **Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum.

DYNAMO REYKJAVÍK

## > Íslendingar synda í verðlaunum

Íslenskir keppendur í sundi á Smáþjóðaleikunum í Mónakó eru að gera gott mót en í gær unnu þeir til níu verðlauna, þar af fimm gullverðlaun. Örn Arnarson synti til gullverðlauna í 100 metra flugsundi, Jakob Jóhann Sveinsson varð fyrstur í 100 metra bringusundi líkt og Hrafnhildur Lúthersdóttir. Þá unnu Íslendingar bæði boðsundin í 4x200 metra skriðsundi þar sem karlasveitin setti Íslandsmet.



**sport**

sport@frettablad

KJARTAN HENRY FINNBOGASON: KOMINN MEÐ PLAN ÞAR SEM ENDASTÖÐIN ER BRISTOL CITY

# *Fer til Svíþjóðar og Noregs á undan Bristol*

Kjartan Henry Finnbogason undirbýr sig nú af kostgæfni fyrir æfingaferð sem hann fer í með 1. deildarliðinu Briston City á Englandi. Kjartan dylur ekki að hann langar í samning hjá félaginu sem komst upp í deildina nú á vordögum. Kjartan er orðinn samningslaus hjá Celtic en þrátt fyrir að KR hafi boðið honum að ganga í sínar raðir á nýjan leik er ljóst að svo verður ekki, í bili að minnsta kosti.

Mörg lið á Norðurlöndunum hafa sýnt Kjartani áhuga og mun hann fara til reynslu til tveggja liða, IFK Gautaborgar í Svíþjóð sem Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson eru á mála hjá auk liðs í Noregi. Brann, Stabæk og Lyn vilja öll fá hann til reynslu og ætlar Kjartan að velja eitt þeirra til að æfa með áður en hann fer til Bristol.

„Ég fer til Noregs til að kíkja á þetta hjá þeim en ég á eftir að ræða við Óla [Ólaf Garðarsson, umboðsmann sinn] til að velja lið sem hentar mér. Síðan fer ég í æfingaferð með Bristol en þeir vilja líka fá mig nokkrum dögum fyrir hana til að sjá mig enn betur. Það verður flott að hita sig upp með því að fara á Norðurlöndunum og standa mig svo eins vel og ég get hjá Bristol, augljóslega án þess að taki þessu ekki alvarlega á Norðurlöndunum,“ sagði Kjartan. „Það er líka mjög gott að hafa fleiri kosti ef ég kemst ekki að hjá Bristol.“




Félagið er á leiðinni í æfingaferð til Lettlands en stjóri liðsins, Gary Johnson, þjálfaði landslið þess á árunum 1999 til 2001. Ferðin mun spanna eina viku, frá 13. til 20. júlí og mun liðið dveljast í Riga. Liðið mun spila þrjá æfingaleiki, einn þeirra við Skonto Riga.

Kjartan var í Laugum þegar Fréttablaðið hringi í hann í gær þar sem hann heldur sér í góðu formi þessa dagana. „Ég hef eiginlega ekkert annað að gera,“ sagði Kjartan glettinn. „Allir vinir mínir eru í vinnu og svona þannig að ég æfi tvisvar á dag núna. Ég hleyp í hádeginu og ef það er ekki æfing hjá KR seinnipartinn þá mæti ég aftur og lyfti. Maður verður að halda líkamanum í formi, þetta er jú verkfæri manns,“ sagði hinn metnaðarfulli Kjartan. -hþh



**ÁRNI** Brýtur sér leið framhjá Magnúsi Stefánssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Árni Sigtryggsson:

## Hafnaði tilboði frá Álaborg

**HANDBOLTI** Handknattleiksmaðurinn Árni Sigtryggsson hefur hafnað tilboði sem danska úrvalsdeildarfélagið Álaborg gerði honum. Fréttablaðið hefur þetta eftir áreiðanlegum heimildum. Árni er á leiðinni frá Haukum en hann er með tilboð frá liði á Spáni sem hann er að skoða þessa stundina.

Árni er einnig í viðræðum við Akureyri, sameinað lið Þórs og KA. Árni lék á árum áður með Þór en bróðir hans Rúnar er nú annar þjálfara Akureyrar. Árni hefur gefið það út að leiki hann ekki erlendis á næsta tímabili gangi hann í raðir Akureyrar. - hþh

Akureyri ætlar að styrkja sig:

## Ungur Letti til skoðunar

**HANDBOLTI Akureyri er með ungan leikmann frá Lettlandi til skoðunar um þessar mundir. „Mér skilst að hann sé gríðarlega efnilegur,“ sagði Hannes Karlsson, formaður handknattleiksdeildar Akureyrar við Fréttablaðið í gær. Bæði lið erlendis og önnur lið á Íslandi hafa verið að skoða leikmanninn.**

**Lettinn er tveir metrar á hæð og spilar sem rétthent skytta. Með liði Akureyrar í vetur léku tveir Lettar, Aigars Lazdins og Aleksejs Kuzmins.** - hþh

# Það veit enginn hvað er að mér

**Handknattleikskappinn Jónatan Magnússon hefur verið meiddur frá því í nóvember á síðasta ári. Hann er búinn að hitta fjölda lækna og sérfræðinga hér á landi og er nákvæmlega engu nær. Næsta skref er að hitta erlenda lækna en það er kostnaðarsamt. Ekki víst að hann spili handbolta á nýjan leik.**

**HANDBOLTI** Akureyringurinn Jónatan Magnússon upplifði æskudrauminn fyrir síðasta vetur er hann gerði atvinnumannasamning við franska félagið St. Raphael. Jónatani hefur gengið allt í mót síðan og nú ári frá því hann skrifaði undir er alls óvíst hvort hann leiki handknattleik á nýjan leik. Það sem verra er þá hafa læknar ekki hugmynd um hvað sé að honum.

„Ég er í tómu tjóni og eiginlega alveg ónýtur. Þetta er alveg ferlegt ástand. Menn geta ekkert annað sagt við mig lengur hér en að fara til útlanda. Það veit enginn hvað er að mér,“ sagði Jónatan þungur á brún enda hefur ástandið eðlilega tekið sinn toll á honum og stanslausar ferðir til lækna sem skila engu niðurdrepandi.

„Ég er búinn að fara í allt og reyna allt sem hægt er að reyna. Ég er búinn að fara í segulómskoðun, sneiðmyndatöku, beinskanna, hef hitt þvagfæralækna, það er búið að athuga með krabbamein og bara allt. Menn finna ekkert sem getur orsakað mitt ástand.“

Þegar málið kom upp í Frakklandi á sínum tíma töldu þarlendir læknar að Jónatan væri með bólgur við lífbeinið þar sem hann er með mestan sársauka. Læknar hér heima voru á sama máli en þegar málið var kannað nánar kom í ljós að svo var alls ekki.

„Það er búið að prófa allan fjandann og meðal annars bólgueyðandi töflur. Það hjálpaði lítið. Ég get voða lítið gert án þess að verkja í kjölfarið og til að mynda var ég handónýtur eftir að hafa spilað nokkrar holur í golfi. Ég er í lagi ef ég geri ekkert. Ég hef farið á svona 8-10 æfingar frá áramótum og ef ég fer á æfingu get ég gleymt því að fara aftur næstu vikuna,“ sagði Jónatan.



**ERFITT** Hinn geðþekki og léttlyndi Akureyringur, Jónatan Magnússon, til vinstri, hefur gengið í gegnum ýmislegt síðustu mánuði. Hann gæti þurft að hætta í handbolta. Hann sést hér á góðri stundu með Jóhannesi Bjarnasyni, fyrrum þjálfara KA-liðsins, sem þjálfar með honum kvennalið Akureyrar í handknattleik. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Áður en Jónatan fór utan æfði hann mjög mikið sjálfur og var ákveðinn að mæta til leiks í atvinnumennskuna í sínu besta formi. Hann hafði sjaldan eða aldrei verið í betra formi þegar hann fór utan en það hjálpaði ekkert. „Svo virðist sem þetta aukna álag og breyting á æfingum hafi ekki gert mér gott því ég meiddist snemma. Ég held að endurhæfingin í Frakklandi hafi síðan gert illt verra því mér leið í raun verr eftir hana,“ sagði Jónatan sem var í endurhæfingu með ekki ómerkari mönnum en Djibril Cisse og Robert Pires. Þeir fengu bót meina sinna en það sama verður ekki sagt um Jónatan.

Akureyri reiknaði með því að Jónatan léki í þeirra röðum næsta vetur en það er fátt sem bendir til þess í dag að Jónatan leiki handbolta næsta vetur. Þess utan er hann enn samningsbundinn franska félaginu St. Raphael sem Bjarni Fritzson samdi við á dögunum.„Ég er að skoða næsta skref þessa dagana. Ég er að horfa til Þýskalands með lækna en það er ekkert ákveðið. Svo stend ég í þessu einn og er ekki á vegum neins félags þannig að þetta kostar skildinginn. Þetta er ekki auðveld staða né skemmtileg fyrir 26 ára gamlan mann sem ætti að vera að toppa núna en ekki á góðri leið með að þurfa að leggja skóna á hilluna,“ sagði Jónatan.

henry@frettabladid.is






Skallagrímur kominn langleiðina með að finna arftaka Vals Ingimundarsonar:

# Svar frá Hoffman fyrir helgi

**KÖRFUBOLTI** Það hefur ekki gengið þrautalaust hjá Skallagrími í Borgarnesi að finna nýjan þjálfara fyrir körfuboltaliðið sitt en Valur Ingimundarson hefur ákveðið að taka sér frí frá körfubolta í óákveðinn tíma.

Um síðustu helgi var Bandaríkjamaðurinn Peter Hoffman í heimsókn í Borgarnesi. Skallarnir gerðu honum tilboð í kjölfarið sem hann ætlar að svara fyrir helgi.

„Hann var mjög jákvæður og leist vel á aðstæður. Hann er farinn heim til að ræða málin við fjölskylduna og við bíðum og vonum það besta,“ sagði Hafsteinn Þórisson, formaður körfuknattleiksdeildar Skallagríms, við Fréttablaðið í gær.

Skallagrímur hefur misst báða Makedóníumennina sína en hafa þrátt fyrir það síður en svo lagt árar í bát. Skallarnir segjast vera með mjög sterka erlenda menn í sigtinu en munu ekki semja við einn né neinn fyrr en gengið hefur verið frá þjálfaramálunum.




**BEÐIÐ EFTIR NÝJUM ÞJÁLFARA** Stuðningsmenn Skallagríms fá kannski nýjan þjálfara fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hoffman er Bandaríkjamaður með danskt ríkisfang enda búið í Danmörku í fjórtán ár. Hann er ágætur vinur Geofs Kotila, þjálfara Snæfells, enda spilaði Hoffman undir hans stjórn á sínum tíma. Það gæti því hjálpað Sköllunum að Kotila og fjölskylda býr ekki fjarri Borgarnesi. Kotila og Hoffman hafa meðal annars þjálfað saman unglingalandslið Dana.

Leikmannaferill Hoffmans er glæsilegur en hann spilaði í sterkum deildum á borð við þá spænsku, frönsku og austurrísku þar sem hann náði góðum árangri.

Síðustu fjögur ár hefur Hoffman þjálfað eitt besta lið Danmerkur, Horsens, en hann gerði þá að meisturum fyrir rúmu ári síðan. Þá lagði hann lið Kotila í úrslitum um danska meistaratitilinn. - hbg




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd er loftkæling, geymsluhólf í skotti og hjól. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## ÚRSLIT

*A-riðill:*

| | |
|---|---|
| KAZAKHSTAN-ASERBAÍDSJAN | 1-1 |
| ARMENÍA-PÓLLAND | 1-0 |
| FINNLAND-BELGÍA | 2-0 |

1-0 Jonatan Johansson (27.), Alexei Eremenko (71.)

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. PÓLLAND** | **9** | **6** | **1** | **2** | **15-7** | **19** |
| 2. PORTÚGAL | 7 | 4 | 2 | 1 | 15-5 | 14 |
| **3. SERBÍA** | **7** | **4** | **2** | **1** | **10-4** | **14** |
| 4. FINNLAND | 8 | 4 | 2 | 2 | 9-5 | 11 |

*B-riðill:*

| | |
|---|---|
| FÆREYJAR-SKOTLAND | 0-2 |

0-1 Shaun Maloney (31.), Gary O´Connor (35.).

| | |
|---|---|
| LITHÁEN-ÍTALÍA | 0-2 |

0-1 Fabio Quagliarella (24), 0-2 Fabio Quagliarella (45.),

| | |
|---|---|
| FRAKKLAND-GEORGÍA | 1-0 |

1-0 Samir Nasra (33.),

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. ÍTALÍA** | **7** | **5** | **1** | **1** | **13-6** | **16** |
| 2. FRAKKLAND | 6 | 5 | 0 | 1 | 14-2 | 15 |
| **3. SKOTLAND** | **7** | **5** | **0** | **2** | **13-6** | **15** |
| 4. ÚKRAÍNA | 6 | 4 | 0 | 2 | 8-6 | 12 |

*C-riðill:*

| | |
|---|---|
| NOREGUR-UNGVERJALAND | 4-0 |

1-0 Steffen Iversen (22.), 2-0 Daniel Braaten (57.), 3-0 John Carew (60.), 4-0 John Carew (78.).

| | |
|---|---|
| BOSNÍA-MALTA | 1-0 |
| GRIKKLAND-MOLDAVÍA | 2-1 |

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. GRIKKLAND** | **7** | **6** | **0** | **1** | **12-5** | **18** |
| 2. BOSNÍA | 7 | 4 | 1 | 2 | 14-14 | 13 |
| **3. TYRKLAND** | **6** | **4** | **1** | **1** | **16-6** | **13** |
| 4. NOREGUR | 7 | 4 | 1 | 2 | 17-6 | 13 |

*D-riðill:*

| | |
|---|---|
| ÞÝSKALAND-SLÓVAKÍA | 2-1 |

1-0 Miroslav Klose (10.), 1-1 C Metzelder (sm, 20), 2-1 Thomas Hitzlsperger (43.),

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. ÞÝSKALAND** | **7** | **6** | **1** | **0** | **29-4** | **19** |
| 2. TÉKKLAND | 7 | 4 | 2 | 1 | 15-4 | 14 |
| **3. ÍRLAND** | **7** | **4** | **1** | **2** | **12-8** | **13** |

*E-riðill:*

| | |
|---|---|
| ANDORRA-ÍSRAEL | 0-2 |
| KRÓATÍA-RÚSSLAND | 0-0 |
| EISTLAND-ENGLAND | 0-3 |

0-1 Joe Cole (37.), 0-2 Peter Crouch (54.), 0-3 Michael Owen (62.),

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. KRÓATÍA** | **7** | **5** | **2** | **0** | **16-4** | **17** |
| 2. ÍSRAEL | 8 | 5 | 2 | 1 | 17-7 | 17 |
| **3. RÚSSLAND** | **7** | **4** | **3** | **0** | **12-2** | **15** |
| 4. ENGLAND | 7 | 4 | 2 | 1 | 12-2 | 14 |

*F-riðill:*

| | |
|---|---|
| SVÍÞJÓÐ-ÍSLAND | 5-0 |

1-0 Markus Allback (10.), 2-0 Anders Svensson (40.), 3-0 Olaf Mellberg (44.), 4-0 Marcus Rosenberg (48.), 5-0 Marcus Allback (51.),

| | |
|---|---|
| LETTLAND-DANMÖRK | 0-2 |

0-1 Dennis Rommedahl (15.), 0-2 Dennis Rommedahl (17.),

| | |
|---|---|
| LIECHTENSTEIN-SPÁNN | 0-2 |

0-1 David Villa (8.), 0-2 David Villa (14.),

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. SVÍÞJÓÐ | 7 | 6 | 0 | 1 | 17-4 | 18 |
| **2. SPÁNN** | **7** | **5** | **0** | **2** | **13-6** | **15** |
| **3. N-ÍRLAND** | **6** | **4** | **1** | **1** | **10-7** | **13** |
| 4. DANMÖRK | 6 | 3 | 1 | 2 | 9-5 | 10 |

*G-riðill:*

| | |
|---|---|
| BÚLGARÍA-HVÍTA RÚSSLAND | 2-1 |
| RÚMENÍA-SLÓVENÍA | 2-0 |
| LÚXEMBÚRG-ALBANÍA | 0-3 |

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. RÚMENÍA** | **7** | **5** | **2** | **0** | **14-4** | **17** |
| 2. BÚLGARÍA | 7 | 4 | 3 | 0 | 11-4 | 15 |
| **3. HOLLAND** | **6** | **4** | **2** | **0** | **8-2** | **14** |

*Landsleikur kv. í handbolta*

| | |
|---|---|
| ÍSLAND-ÞÝSKALAND | 26-35 |

Lars Lagerbäck, þjálfari Svía:

# Vorum þolinmóðir

**FÓTBOLTI „Íslenska liðið var mjög agað og skipulagt í fyrri hálfleik og skapaði mörg vandamál fyrir okkur. Eftir að við skoruðum mörkin í lok fyrri hálfleiks varð þetta mun auðveldari leikur fyrir okkur eins og er alltaf þegar lið kemst í 3-0,“ sagði Lars Lagerbäck, þjálfari Svía á blaðamannafundi eftir leikinn. „Við vorum þolinmóðir, kannski of þolinmóðir en í hálfleik talaði ég um að keyra upp hraðann í leiknum sem tókst vel í upphafi seinni hálfleiks.“ - óój**

Viðbrögð íslensku leikmannana eftir leikinn í gær:

# Ívar tekur fimmta markið á sig

**FÓTBOLTI** Ívar Ingimarsson tók fulla ábyrgð á fimmta markinu sem Svíar skoruð í gær en markið var afar furðulegt þar sem íslensku varnarmennirnir gáfu boltann til Svía og horfðu síðan á þá skora. „Ég tek fimmta markið á mig því þetta voru mín mistök og ég átti að vita betur. Ég vann boltann og þegar ég leit upp sá ég dómarinn vera að benda og því hélt ég að hann væri búinn að flauta aukaspyrnu. Í minni barnslegu einlægni þá ætlaði ég að spila boltanum aftur á Árna Gaut svo að hann gæti tekið aukaspyrnuna,“ sagði Ívar eftir leikinn og hann var einnig tilbúinn að taka á sig fleiri mörk enda alveg niðurbrotinn eftir leik. „Þetta er það erfiðasta og versta sem ég hef lent í á fótboltaferlinum ef ég segi alveg eins og er.“



**NÁÐI EKKI AÐ SKORA** Zlatan Ibrahimovic kom inn á sem varamaður hjá Svíum en náði ekki að skora gegn íslensku vörninni. Hér er Grétar Rafn Steinsson honum til varnar. NORDIC PHOTOS/AFP

Besti maður íslenska liðsins var Theodór Elmar Bjarnason. „Það er gaman að hafa verið valinn bestur í sínum fyrsta leik í byrjunarliði en það er samt lítil hamingja eftir svona leik,“ sagði Theodór Elmar eftir leikinn en hann hélt þá á kristalskál sem hann fékk gefins fyrir að hafa vera valinn besti leikmaður Íslands af heimamönnum. „Við vorum miklu slakara liðið og lítið með boltann þannig að þetta voru mikið bara varnarhlaup,“ sagði Theodór. **- óój**

Geir Þorsteinsson:

# Styður Eyjólf

**FÓTBOLTI Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, sagði í viðtali við Hörð Magnússon á Sýn eftir leikinn í gær að hann styddi Eyjólf Sverrisson, landsliðsþjálfara.**

**„Leikmennirnir og þjálfararnir njóta okkar trausts,“ sagði Geir. „Þeir lögðu sig fram við það sem þeir voru að gera. Það tókst ekki og ekki heldur í síðasta leik þannig að við þurfum að skoða hvað við getum gert betur. En minn hugur beinist fyrst og fremst að því að standa þétt að baki þjálfaranum og því sem hann er að gera, sem og liðinu öllu. Svo sjáum við hvað framtíðin ber í skauti sér en Eyjólfur er góður þjálfari, það er alveg klárt mál.“ - esá**

# Íslendingar rassskelltir á Råsunda

**Íslenska landsliðið var niðurlægt í 5-0 tapi fyrir Svíum í Solna í gær. Svíar skoruðu fjögur marka sinna á afar ódýran hátt á ellefu mínútna leikkafla í kringum hálfleikinn.**

**FÓTBOLTI** Svíar settu upp sænska þjóðhátíðarveislu á kostnað Íslendinga á Råsunda leikvanginum í Solna í Svíþjóð í gær. Sænska landsliðið svitnaði varla við það að rassskella íslenska liðið sem er afar illa á sig komið sálarlega því leikmenn tóku meira segja upp á því að leggja upp mörkin fyrir Svíana. Alls urðu mörkin fimm en við getum þakkað fyrir það að Svíar sýndu okkur miskunn og létu sér nægja að senda boltann fimm sinnum í íslenska markið.

Landsliðsþjálfaranum Eyjólfi Sverrissyni er hreinlega ekki stætt á að halda áfram. Geri hann sér ekki grein fyrir því þá hljóta að vera traustir menn innan KSÍ sem hafa vit fyrir honum.

Svíar voru þolinmóðir og einbeittir frá fyrstu mínútu, tóku sér tíma í allar aðgerðir og voru ekkert að flýta sér. Það leit oft á tíðum eins og þeir ætluðu sér að reyna að svæfa íslensku vörnina sem þeim tókst. Svo sofandi voru menn orðnir eftir 52 mínútna leik að þeir afhentu hreinlega Svíum boltann á eigin vítateig og sögðu gjörðu svo vel. Svíar voru ekki lengi að nýta sér það og fullkomnuðu niðurlæginguna.



**MARCUS OG MARKUS** Skoruðu báðir í gær og fagna hér einu marka sinna gegn Íslendingum í gær. Gunnar Þór Gunnarsson stendur eftir og virðist gáttaður á öllu saman. NORDICPHOTOS/AFP

Eyjólfur Sverrisson tók mikla áhættu í vali sínu á byrjunarliðinu kannski eins og Kamikazeflugmaður kvöldið fyrir orustu. Hann henti fjórum mönnum út úr byrjunarliðinu og kastaði tveimur ungum og reynslulausum leikmönnum út í djúpu laugina. Hann ætlaði sér greinilega að hrista upp í leikmannahópnum því alls voru fimm nýir leikmenn komnir inn í byrjunarliðið. Hvort sem það var vegna sambandsleysis eða óöryggis þá nýttu Svíar sér sofandahátt og skipulagssleysi íslenska liðsins í föstum leikatriðum.

Svíar voru komnir 1-0 yfir eftir tíu mínútur þegar Marcus Allbäck var á réttum stað á markteignum eftir að íslenska liðinu tókst ekki að bægja hættunni frá eftir að Árni Gautur Arason hafði varið þrumuskot Tobias Linderoth út í teiginn.

Emil sýndi mikil tilþrif þegar hann komst á ferðina upp völlinn á 38. mínútu en Svíar komust fyrir skotið. Í kjölfarið náðu íslensku strákarnir upp nokkurri pressu og Andreas Isaksson varð að hafa sig allan við að verja skot Brynjars Björns Gunnarssonar skömmu síðar. Aðeins nokkrum mínútum síðar gerðu Svíar hinsvegar út um leikinn.

Á 40. mínútu voru Svíar aftur fyrri til að vinna frákast í teignum og Anders Svensson afgreiddi boltann í netið eftir að hann datt fyrir hann eftir að íslenska liðinu mistókst að hreinsa frá eftir hornspyrnu. Aðeins þremur mínútum síðar var staðan orðin 3-0 og ljóst að þessi leikur myndi ekki enda vel. Olof Mellberg stóð einn og yfirgefinn í teignum eftir að Svíar tóku stutta hornspyrnu og afgreiddi hann viðstöðulaust í fjærhornið niðri.

Upphaf seinni hálfleiks var síðan einn brandari. Fyrst labbaði Makus Rosenberg í gegnum vörnina og svo hreinlega leyfðu miðverðir íslenska liðsins Svíum að skora fimmta markið í einu ótrúlegasta atviki í sögu íslenska landsliðsins.

Svíar eru komnir í mjög góða stöðu í riðlinum og það er ekki margt sem getur komið í veg fyrir að liðið spili í úrslitakeppninni í Sviss og Austurríki sumarið 2008.

Uppskera íslenska liðsins er hinsvegar ekki knattspyrnuþjóð sæmandi sem ætlar að láta taka sig alvarlega. Eitt stig út úr sex síðustu leikjum og skelfileg frammistaða í tveimur síðustu leikjum. Það þarf að taka á vandamálinu og eina sjáanlega leiðin er að skipta um mann í brúnni. Þessi undankeppni er búin og lokaleikirnir í keppninni ættu að vera kjörið tækifæri fyrir nýjan þjálfara að búa til nýtt lið.



SVÍÞJÓÐ-ÍSLAND
**ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON**
*skrifar frá Stokkhólmi.*
ooj@frettabladid.is

Enginn uppgjafartónn er í landsliðsþjálfaranum Eyjólfi Sverrissyni þrátt fyrir tapið gegn Svíum í gær:

# Ósanngjarnt að krefjast þess að ég hætti

**FÓTBOLTI** Það er enginn uppgjafartónn í Eyjólfi Sverrissyni, landsliðsþjálfara, þrátt fyrir að Ísland hafi aðeins fengið eitt stig í síðustu sex leikjum sínum og tapað 0-5 í Svíþjóð í gær. „Mér finnst ósanngjarnt að menn séu að krefjast þess að ég hætti með liðið. Við erum bara búnir með níu leiki sem er eins og undirbúningstímabil hjá félagsliði og við höfðum ekki haft mörg tækifæri til þess að prófa leikmenn. Þessi keppni er búin fyrir okkur og við erum að þreifa okkur áfram og hugsa til framtíðar. Við viljum komast lengra og þá er mjög mikilvægt að við förum í vissa endurnýjun. Einhvern tímann verða þessir strákar að stíga sín fyrstu skref og það er það sem við erum að einblína á núna,“ segir Eyjólfur sem sagðist vilja halda áfram að taka áhættur. „Við viljum komast á lokamót. Það er langt þangað og mikil vinna framundan en við höfum alveg trú á því að liðið eigi möguleika á að komast svo langt,“ sagði Eyjólfur sem var brattur þrátt fyrir skellinn.

„Þetta er virkilega erfitt því við töpuðum leiknum á ellefu mínútum sem voru gríðarlega vonbrigði. Strákarnir misstu einbeitinguna og fengu meðal annars mark á sig sem fer í sögubækurnar. Varnarleikurinn var ekki í molum. Hann var í raun ágætur því þeir voru ekki að fá mikið af færum. Fyrir hálfleik áttum við ágætar rispur í stöðunni 1-0 og fengum þrjú færi. Það hefði gefið liðinu mikið sjálfstraust að fá mark þá,“ sagði Eyjólfur.



**EKKI AÐ HÆTTA** Eyjólfur Sveinsson ætlar ekki að hætta með landsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það jákvæða við leikinn var að við vorum að fá inn unga leikmenn sem voru að standa sig og það var gaman að sjá að þeir voru að stíga sín fyrstu skref og voru að standa sig með prýði. Ég er ánægður með að hafa haft tækifærið til þess að sjá þessa leikmenn. Maður hefur fáa leiki til þess að prófa þessa stráka. Ég hefði getað stillt upp varnarmúr og sækja ekki neitt. Ég hafði lítinn áhuga á því þar sem ég vildi gefa þessum ungu strákum tækifæri,“ sagði Eyjólfur sem hrósað Theódór Elmari mikið.

„Mér leist rosalega vel á Theódór Elmar á æfingum. Ég sé svona Rúnar Kristinsson í honum. Hann er mjög spilandi og heldur boltanum vel en við höfum lengi talað um að okkur vantar leikmenn sem geta haldið boltanum. Það er ekki leiðum að líkjast að vera líkt við Rúnar,“ sagði Eyjólfur um Theódór Elmar Bjarnason, sem var valinn besti maður íslenska liðsins af heimamönnum. **- óój**

| Svíþjóð | 5-0 | Ísland |
|---|---|---|

*1-0 Marcus Allbäck (10.), 2-0 Anders Svensson (40.), 3-0 Olof Mellberg (44.), 4-0 Markus Rosenberg (49.), 5-0 Marcus Allbäck (51.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–5 (8–2) |
| Varin skot | Isaksson 2 – Árni Gautur 3 |
| Horn | 7–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–11 |
| Rangstöður | 2–0 |



**VARNARJAXLINN SKORAÐI** Olof Mellberg fagnar marki sínu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

## EINKUNNIR ÍSLANDS

ÁRNI GAUTUR ARASON 5
Gat lítið gert við mörkunum og gerði engin stór mistök en hefði mátt gera betur í fyrsta markinu. Svíar nýttu færin vel og hann varði ekki marga bolta.

GRÉTAR RAFN STEINSSON 6
Komst vel frá sínu, sýndi leiðtogahæfilega á köflum, studdi vel við Birki Má og gaf Freddie Svíunum ekkert eftir.

ÍVAR INGIMARSSON 3
Var oft á tíðum steinsofandi í vörninni sem kostaði að minnsta kosti tvö mörk. Lét Svíanna margoft fara illa með sig.

ÓLAFUR ÖRN BJARNASON 3
Var í miklum vandræðum í dekkingum í teignum alveg eins og Ívar.

GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON 4
Átti mjög efitt uppdráttar eftir að vera kominn með spjald eftir aðeins sex mínútur.

BIRKIR MÁR SÆVARSSON 4
Var ekki öfundsverður að spila sinn fyrsta landsleik út úr stöðu á móti Svíum. Gerði engin stór mistök en vantaði allt sjálfstraust.

BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON 5
Fyrirliðinn vann vel en mátti sín lítils gegn leiknum og léttum miðjumönnum Svía. Var hinsvegar langhættulegasti maður liðsins inn í teig í föstum leikatriðum.

ARNAR ÞÓR VIÐARSSON 3
Hjálpaði liðinu lítið í mikilvægu stöðu á miðjunni, var hægur og klaufskur í bæði sókn og vörn og í raun aldrei með í þessum leik.

EMIL HALLFREÐSSON 4
Átti mörg lofandi upphlaup en kom liðinu ítrekað í í vond mál þegar hann skildi eftir stór svæði á vængnum.

THEODÓR ELMAR BJARNASON 6
Ljósið í sókninni annan leikinn í röð, vann marga bolta og ógnaði alltaf þegar hann fékk boltann.

HANNES Þ. SIGURÐSSON 3
Átti ekki mikið í miðverði Svía, vann fáa bolta og var í raun aldrei inn í leiknum. Sofandaháttur hans kostaði eitt mark.

**VARAMENN**

53. MÍN. HJÁLMAR JÓNSSON FYRIR EMIL 5
Lokaði svæðunum mun betur en Emil og komst ágætlega frá sínu

55. MÍN. MATTHÍAS GUÐMUNDSSON FYRIR BIRKI MÁ 5
Komst aldrei í takt við leikinn en vann ágætlega fyrir liðið.

90. MÍN. KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON FYRIR GRÉTAR RAFN -

England gerði góða ferð til Eistlands í gær þar sem landsliðið vann 3-0:

# David Beckham sannaði að hann á heima í landsliðinu

**FÓTBOLTI** David Beckham stal senunni í Eistlandi í gær þegar Englendingar unnu heimamenn 3-0. Sigurinn er mikill léttir fyrir landsliðsþjálfarann Steve McClaren sem hefur legið undir ámæli að undanförnu. Hann lét undan miklum þrýstingi og valdi Beckham í fyrsta sinn í hópinn fyrir leikinn mikilvæga í gær.

Beckham sannaði endanlega að McClaren hefði aldrei átt að skilja hann eftir úti í kuldanum. Beckham átti virkilega góðan leik, lagði upp tvö mörk og spyrnur hans ollu Eistlendingum miklum vandræðum.

Joe Cole skoraði fyrsta markið eftir að Peter Crouch stangaði boltann til hans áður en Crouch sjálfur skoraði með skalla eftir sendingu frá Beckham. Michael Owen skoraði svo þriðja markið og aftur var Beckham arkitektinn en markið er það fyrsta sem Owen skorar í heilt ár fyrir landsliðið. Niðurstaðan 3-0 sigur fyrir England en endurkoma Beckham stendur upp úr.

Englendingar eru enn í fjórða sæti riðilsins en eiga leik til góða á Ísrael sem er í öðru sæti, þremur stigum á undan Englandi. Á milli þeirra eru Rússar með fimmtán stig en á toppnum sitja Króatar með sautján stig.

Dennis Rommendahl sá um Letta í Riga í gær. Hann skoraði tvö mörk með skömmu millibili í fyrri hálfleik og Danir fóru með bæði stigin í farteskinu heim á leið. Sigurinn var kærkominn fyrir Dani eftir vonbrigðin gegn Svíum á laugardaginn.

Spánverjar gerðu góða ferð til Liechteinstein og unnu þar sigur 2-0. David Villa skoraði bæði mörk Spánar í leiknum en brenndi af vítaspyrnu í uppbótartíma og missti þar með af þrennunni. Spánverjar voru betri á öllum sviðum fótboltans en leikmenn Liechteinstein þóttu sýna af sér fína baráttu og voru þeir óheppnir að ná ekki að minnka muninn.

Með sigrinum á Íslandi í gær tryggðu Svíar sér toppsætið í riðlinum en Spánverjar eru í öðru sæti. Norður-Írar eru í þriðja sæti og Danir í því fjórða. Þá koma Íslendingar en Liecthenstein og Lettar sitja á botninum. Næsta umferð í riðlinum verður leikinn í september en þá koma Spánn og Norður-Írar til Íslands. - hþh



**LOKSINS LOKSINS** Michael Owen stimplaði sig inn með fínu marki í Eistlandi í gær, hans fyrsta mark í rúmt ár eftir erfið meiðsli. NORDICPHOTOS/AFP



**KÓNGINUM FAGNAÐ** Joaquin fagnar markaskoraranum David Villa í gær.




Frá kr. 2.790.000
TUCSON SPORT
- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á gírhnúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur
TUCSON SPORT
Frá kr. 27.700 á mánuði
Hefur gæðin
Með bílinn handa þér
Bíll á mynd: Hyundai Tucson Sport 2.0 dísel, bsk, 17" álfelgur, vindskeið, stigbretti.
Bílasamningur m.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.
HYUNDAI www.hyundai.is
B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



**ERFITT** Tony Parker lítur út eins og dvergur við hlið Zydrunas Ilgauskas í leiks Spurs og Cavs fyrr í vetur. NORDICPHOTOS/AFP

Úrslitin í NBA byrja í kvöld:

## Nær Bowen að stöðva LeBron?

**KÖRFUBOLTI** Úrslitarimma Cleveland Cavaliers og San Antonio Spurs hefst í kvöld. Veðbankar hafa litla trú á Cavs sem státa þó af LeBron James sem hefur verið hreint magnaður í úrslitakeppninni. Bruce Bowen fær það hlutverk að gæta hans en hann hefur í fjögur ár í röð verið valinn varnarmaður ársins í deildinni.

„Hann er undirstaða liðsins, það er allt eða ekkert hjá honum. Hann verður að standa sig í öllum leikjunum,“ sagði Bowen og kynti undir James. Cavs unnu báða leikina milli félaganna í vetur.

Almennt miðaverð á leiki í úrslitunum er frá 18 til 940 þúsund krónur en það er það sem dýrustu miðarnir á heimaleiki Cleveland eru verðlagðir á. **- hþh**

Fyrstu kaup West Ham:

## Parker kominn

**FÓTBOLTI West Ham gekk í gær frá sínum fyrstu kaupum sumarsins þegar Scott Parker skrifaði undir fimm ára samning við félagið. Parker kostar West Ham sjö milljónir punda en hann hefur verið fyrirliði Newcastle síðustu tvö tímabil. „Ég er í skýjunum. Hann kemur til okkar meðvitaður um að við ætlum að fara langt með félagið,“ sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham.** **- hþh**

Snorri Steinn Guðjónsson skoraði sex mörk þegar Ísland vann Tékkland í æfingaleik:

# Aftur eins marks sigur á Tékkum ytra

**HANDBOLTI** Ísland vann í gær aftur eins marks sigur á Tékkum í æfingaleik ytra, rétt eins og í fyrradag. Lokatölur leiksins í gær 26-25 eftir að Tékkland var tveimur mörkum yfir í hálfleik.

Alfreð Gíslason var léttur í bragði þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. „Já, það er greinilega þessi þvílíka sigling á okkur,“ sagði hann og hló.

„En þetta var kaflaskiptur leikur. Við byrjum gríðarlega vel og komumst 5-1 og 6-2 yfir. Svo verðum við hrikalega kærulausir, förum illa með sendingar og færi og hleypum þeim aftur inn í leikinn. Við erum svo 2-3 mörkum undir stærstan hluta síðari hálfleiksins en spiluðum svo aftur afar vel síðasta korterið,“ sagði Alfreð.

Snorri Steinn Guðjónsson var markahæstur íslenska liðsins í gær en Róbert Gunnarsson kom næstur með fimm. Ólafur Stefánsson gerði fjögur, Guðjón Valur Sigurðsson þrjú sem og Logi Geirsson. Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði tvívegis og Sigfús Sigurðsson, Alexander Petersson og Hannes Jón Jónsson einu sinni hver.

„Við vorum í vissum vandræðum með mörk utan af velli í þessum leikjum og spiluðum allt of hægt til að byrja með. Það bættist þó aðeins eftir því sem á leið,“ sagði Alfreð. Hann kveðst þokkalega sáttur fyrir leikinn gegn Serbum á laugardag.

„Það er heilmargt í okkar leik sem við getum bætt. Mér finnst að útileikmennirnir okkar eigi til að mynda heilmikið inni. Vörnin spilaði ágætlega á köflum en fékk svo á sig afar ódýr og kæruleysisleg mörk inn á milli,“ sagði Alfreð.

Rimman við Serba sker úr um hvor þjóðin fer á EM í Noregi á næsta ári **- esá**



**SNORRI STEINN** Var öflugur í gær og skoraði átta mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# LeBron kominn á spjöld sögunnar

**Frammistsaða LeBron James í sjötta leik Cleveland Cavaliers og Detroit Pistons hefur vakið verðskuldaða athygli. NBA.com tók saman lista yfir bestu frammistöðu leikmanna í sögu NBA-deildarinnar.**

**NBA** Frammistaða LeBron James, leikmanns Cleveland, í úrslitakeppni NBA hefur vakið verðskuldaða athygli og nú þegar farið að skoða hana í sögulegu samhengi. NBA tók saman lista yfir bestu frammistöðu leikmanna í NBA-deildinni frá upphafi.

**1. sæti: Earvin verður að Magic**

Árið er 1980. Kareem Abdul-Jabbar er meiddur en L.A. Lakers leiðir 3-2 í rimmunni við Philadelhia 76ers. Getur það unnið án Jabbar? Nýliðinn Earvin Johnson, sem trúði því ekki að hann ætti að byrja leikinn, lýsti yfir að „þið þurfið ekkert að óttast, E.J er mættur.“

„Þeir horfðu á mig eins og ég væri vitleysingur,“ sagði Magic síðar á ferlinum. „Þessi strákur? Einmitt,“ sögðu liðsfélagar hans. Hinn kokhrausti nýliði spilaði sinn besta leik á ferlinum þetta kvöld. Hann skoraði 42 stig, tók 15 fráköst, átti sjö stoðsendingar og stal þremur boltum og leiddi lið Lakers til glæsilegs 123-107 sigurs. „Það mátti heyra saumnál detta meðal áhorfenda. Þeir trúðu þessu ekki,“ sagði Magic sem var valinn besti leikmaður úrslitakeppninnar þetta ár sem Lakers varð meistari.

**2. sæti: LeBron stimplar sig inn**

31. maí 2007 - dagurinn sem LeBron James komst í hóp framúrskarandi leikmanna í sögu NBA. Þessi strákur er fæddur árið 1984 og er naut að vexti. Ef þetta Cleveland lið væri ekki með LeBron innanborðs hefði það eflaust ekki komist í úrslitakeppnina. LeBron skoraði 29 af 30 síðustu stigum liðsins, mörg hver með stórkostlegum tilþrifum og Cavs er komið alla leið í úrslitin.

„Ég skammast mín af því ég á ekki til orð til að lýsa því sem hann gerði hérna í kvöld,“ sagði Mike Brown, þjálfari Cleveland eftir leikinn. „Þetta var ótrúlegt, ég hef aldrei séð neitt þessu líkt,“ sagði Daniel Gibson, leikmaður Cavs. „Það er ekkert hægt að lýsa þessu með orðum.“

**3. Ekkert fær stöðvað Jordan**

Þrátt fyrir að vera nær dauða en lífi minnti óumdeilanlega besti körfuboltamaður allra tíma rækilega á sig í leik fimm í úrslitakeppninni árið 1997. Einvígið var að snúast Utah Jazz í hag og eftir tvo tapleiki í röð þurfti Chicago Bulls á öllu sínu að halda til að vinna.

Vandamál komið upp - matareitrun hjá Jordan sem var sárkvalinn í marga daga. Læknar Bulls réðu honum frá því að spila en eftir að hafa verið rúmfastur í 24 tíma mætti Jordan galvaskur í Delta Center þremur tímum fyrir leik. „Hann leit mjög illa út, og þá meina ég mjög illa,“ sagði Scottie Pippen um félaga sinn.

Þrátt fyrir allt spilaði Jordan, og það óaðfinnanlega. Hann skoraði 38 stig og dró Chicago-vagninn sem rann til 90-88 sigurs. „Þetta var líklega það erfiðasta sem ég hef nokkurn tímann gert. Ég spilaði þar til það leið næstum yfir mig. Ég hefði verið miður mín hefðum við tapað,“ sagði Jordan eftir leikinn.

Í fjórða sæti var svo Isiah Tomas og 43 stig hans fyrir Pistons þegar hann var illa meiddur á ökkla allan síðari hálfleikinn en dró lið sitt samt áfram til sigurs gegn Lakers 1988. Fimmta sætið skipar svo Michael Jordan og 63 stigin sem hann skoraði gegn Boston Celtics í úrslitakeppninni 1986. „Guð er mættur í dulargervi Michael Jordan,“ sagði Larry Bird eftir þann sögufræga leik. **hjalti@frettabladid.is**



**ÞREMENNINGARNIR MÖGNUÐU** Magic Johnson, lengst til vinstri, í leiknum færga árið 1980, við hlið hans er LeBron James í einvíginu gegn Detroit og lengst til hægri er Hans Hátign, Michael Jordan. NORDICPHOTOS/AFP


2 fyrir 1 til

Barcelona

22. júní

frá kr. 24.990

Allra síðustu sætin

Verð kr. 24.990

Netverð á mann, flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 22. júní í 1 eða 2 vikur.

Verð kr. 29.990

Netverð á mann, flugsæti með sköttum, m.v. 29. júní í 1 eða 2 vikur.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Barcelona 22. júní. Þú bókar tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu og afþreyingu að ógleymdu öllu því úrvali fjölbreyttra verslana sem eru í borginni. Gríptu þetta frábæra tækifæri - aðeins örfá sæti laus!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is


Félög víða í Evrópu hafa verið að spyrjast fyrir um Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

# Byrjar að æfa viku fyrr en hinir

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson ætlar að byrja að æfa á fullu í Þýskalandi, viku áður en undirbúningstímabilið hefst formlega hjá félagi hans, Hannover 96.

Hann hefur verið staddur hér á landi undanfarnar vikur en fór í nótt aftur til Þýskalands.

„Ég byrja á því að fara í athugun hjá læknum Hannover til að athuga hvort það sé ekki allt í lagi hjá mér,“ sagði Gunnar Heiðar. „Ég er núna loksins orðinn heill af þessum meiðslum og vonandi að það haldi sér þannig,“ sagði hann en meiðslin hafa verið að plaga hann nánast allt tímabilið. Hann fékk ekki bót meina sinna fyrr en hann hitti lækni Bayern München og þýska landsliðsins.

Á morgun fer hann svo til Balí í tíu daga frí en snýr svo aftur til Hannover.

„Ég ætla að byrja að æfa á fullu viku áður en undirbúningstímabilið byrjar hjá liðinu. Ég hef áður sagt að ég vilji fá tækifæri til að sýna mig og sanna hjá þessu liði. En þetta mun svo koma til með að skýrast allt saman.“

Hann segir að mörg félög hafi sett sig í samband við umboðsmann sinn, Ólaf Garðarsson. „Mörg félög hafa stungið upp á því að það væri betra fyrir mig að fara til þeirra þar sem ég fengi nóg að spila í stað þess að sitja á bekknum hjá Hannover. En hann hefur á móti sagt að ég hef verið meiddur,“ sagði Gunnar Heiðar. Hann veit ekki hvaða félög það eru sem hér um ræðir og vill þar að auki ekki vita það.

„En það er jákvætt að það sé verið að fylgjast með manni. Nú er maður kominn í fílinginn aftur og ég held að næsta ár verði algjör sprengja.“

Hann var meðal áhorfenda á leik Íslands og Liechtenstein um helgina en viðtalið var tekið fyrir leikinn gegn Svíum í gær. „Auðvitað var það algjör hörmung að þurfa að sitja upp í stúku og horfa á leikinn. En svona er þetta bara. Ég var þó sáttur við ungu strákana í liðinu, þeir hlupu og börðust vel.“ **- esá**



**GUNNAR HEIÐAR** Á leið til Balí en svo taka við æfingar. NORDIC PHOTOS/AFP




**839** kr/kg. Áður 1.527 kr/kg
Goða grísakótilettur




**2.799** kr/kg. Áður 3.998 kr/kg.
SS Caj´P lambalundir




**388** kr/pk. Áður 517 kr/pk
SS New Yorker hamborgarar




**328** kr/kg. Áður 468 kr/kg
Ísfugls BBQ leggir




**1.777** kr/kg. Áður 2.539 kr/kg
Borgarnes grísk lambalærissteik




**879** kr/kg.
Goða lambalæri, frosið

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 7.–10. júni, eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## > Gene Hackman

Þessi tvöfaldi Óskarsverðlaunahafi fæddist árið 1930 í smábænum San Bernardino í Kaliforníu. Hann byrjaði þó ekki að reyna fyrir sér sem leikari fyrr en eftir þrítugt og lærði meðal annars með Dustin Hoffman. Í dag er Hackman eitt af þekktustu andlitum kvikmyndabransans en virðist aðeins vera að stíga úr sviðsljósinu um þessar mundir enda að nálgast áttræðisaldurinn. Hackman sést í einu sínu eftirminnilegasta hlutverki í myndinni Mississippi Burning sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld klukkan 22.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINI SIGURÐSSYNI FINNST ÍSLENSKUR BOLTI BETRI EN ENSKUR

# *Frekar þann versta en næstbesta*

Ég hef ekki áhuga á fótbolta. Kannski helgast áhugaleysi mitt af því að ég er alinn upp í sjávarþorpi og liðið sem ég lék með var frekar lélegt. Meistaraflokkurinn var að minnsta kosti ekki eftirsóknarverð fyrirmynd fyrir okkur púkana í yngri flokkunum. Velgengni þeirra á héraðsmótum réðst aðallega af tvennu: a) yrðu nógu margir leikmenn í landi til að fullmanna liðið og b) yrðu þeir allsgáðir?

Þótt mér finnist lítið til fótbolta koma uni ég öðrum auðvitað að hafa gaman af íþróttinni. Fyrir mörgum er þetta ástríða, sem er ástæðulaust að gera lítið úr, að minnsta kosti þegar íslensk knattspyrna á í hlut. Mér finnst þó eðlilegra að menn séu eldheitir stuðningsmenn hverfisliðsins síns frekar en einhverra liða úr breskum krummaskuðum, jafnvel þótt knattspyrnan sem slík stand-



ist ekki samanburð. Menn halda þó með liði sem er sannarlega þeirra. Sumir myndu frekar halda með versta liðinu á Íslandi en því næstbesta á Englandi. Það ber að virða.

Á dagskrá Sjónvarpsins er þáttur sem fjallar um íslenskan fótbolta og ber heitið 14-2. Hvers vegna íþróttadeild RÚV kýs að skírskota í sennilega mestu niðurlægingu íslenskrar íþróttasögu veit ég ekki. Er einhver sérstök ástæða fyrir því að menn vilja ganga úr skugga um að enginn gleymi því, að í alþjóðlegum samanburði er íslensk knattspyrna ekki upp á marga fiska?

Þetta býður annars upp á nokkra möguleika, sem ég býst fastlega við að RÚV ohf. nýti sér. Ég býð til dæmis spenntur eftir skíðaþættinum Fallinn úr keppni; handboltaþættinum Dottnir úr leik; og síðast en ekki síst kraftlyftingaþættinum Keppnisbann.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.30** **Yes, Dear** SKJÁREINN



▶ **22.00** **Mississippi Burning** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.15** **Aðþrengdar eiginkonur** RÚV



▶ **17.00** **Kaupþings mótaröðin** SÝN



▶ **20.40** **Standoff** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.40 Formúlukvöld**
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (5:32)
**18.25 Ævintýri Kötu kanínu** (13:13)
**18.40 Handan víglínunnar**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Fjölbrautaskólinn** (6:8) (Waterloo Road) Bresk þáttaröð um stormasamt líf kennara og nemenda í erfiðu hverfi í stórborg.
▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives III) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 14-2** Lifandi umræða um það sem er efst á baugi í fótboltanum á Íslandi ásamt bestu tilþrifum og fallegustu mörkum hverrar umferðar.
**22.55 Dagrenning** (3:13) (Day Break) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið saksóknara. Hann leggur á flótta og reynir að hreinsa mannorð sitt en þegar hann vaknar á morgnana er alltaf sami dagurinn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Lífsháski**
**00.25 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Edge** (Á bláþræði)
**08.00 Hair** (Hárið)
**10.05 Spy Kids 3-D. Game Over**
**12.00 I Capture the Castle**
**14.00 Hair** (Hárið)
**16.05 Spy Kids 3-D. Game Over**
**18.00 I Capture the Castle** (Kastalalíf)
**20.00 The Edge** (Á bláþræði)
▶**22.00 Mississippi Burning** Sérlega sterk spennumynd sem tilnefnd var til 8 Óskarsverðlauna árið 1989, þ.á.m. sem besta myndin.
**00.05 Hard Cash** (Illa fengið fé)
**02.00 Breathtaking** (Hrífandi)
**04.00 Mississippi Burning**

## STÖÐ 2

**07.20 Myrkfælnu draugarnir**
**07.30 Tasmanía**
**07.55 Myrkfælnu draugarnir**
**08.05 Wife Swap** (6:7)
**08.50 Í fínu formi 2005**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Forboðin fegurð**
**10.10 Derek Acorah´s Ghost Towns**
**11.00 Fresh Prince of Bel Air 5**
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (11:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (12:114)
**14.45 Two and a Half Men** (8:24)
**15.10 Búbbarnir**
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.15 Batman**
**16.40 Töfravagninn**
**17.05 Fífí** (Fifi and the Flowertots)
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar** (Neighbours)
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (8:22) (e)
**20.05 Matur og lífsstíll** Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinni einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkt fólk, eldar með því girnilega rétti og skoðar falleg heimili og listaverk.
▶**20.40 Standoff** (13:18) Matt og Emily þurfa að skipta liði þegar tvö gíslatökumál koma upp á sama tíma. Þau eru vön því að leita stuðnings hvort hjá öðru og því verður þetta sérlega erfitt. 2006.
**21.25 Bones** (6:21) Dr. Temberance Brennan er bráðsnjall meinafræðingur sem starfar með FBI við lausn glæpamála.
**22.10 Hotel Babylon**
**23.05 Pirate Master NÝTT** (1:14)
**23.50 Pendulum**
**01.20 Medium** (17:22)
**02.05 The Riches** (2:13)
**02.50 Bones** (17:22)
**03.35 Hotel Babylon**
**04.30 Standoff** (13:18)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider** Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.
**18.30 Fréttir** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.10 Beach Girls** (6:6) Sumarið 1985 eru þrjár táningsstelpur samankomnar á strönd þar sem þær sverja þess eið um að verða vinkonur að eilífu. En tímarnir eru breyttir. Rúmum tveimur áratugum síðar er líf einnar í molum, önnur á við drykkjuvandamál að stríða og sú þriðja er nýlátin í hörmulegu slysi. En nú mun fortíðin rifjast aftur upp þegar Nell, dóttir hinnar nýlátnu, snýr aftur á ströndina ásamt föður sínum til að fá upplýsingar um æsku móður sinnar.
**21.00 My Name Is Earl** (16:23) (Blow) Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
**21.30 Bestu Strákarnir** (6:50) Á meðan á leitinni að arftökum strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlæginlegu strákunum.
**22.00 The Riches** (2:13) Fjölskyldan á í vandræðum með að borga fyrir þennan nýja lífsstíl enda ekki vön slíkum lúxus. Gamall kunningi leitar þeirra og ekki eru allir sáttir við að fjölskyldan hafi látið sig hverfa.
**22.45 Medium** (17:22) (Joe Day Afternoon) Allison fær slæmt hugboð þegar hún fær þær fréttir að eiginmaður hennar hafi verið tekinn í gíslingu. Lögreglan reynir að ná stjórn á aðstæðunum en Allison er ekki bjartsýn. Bönnuð börnum.
**23.30 Young Blades** (5:13) (e)
**00.20 Supernatural** (17:22) (e)
**01.00 Entertainment Tonight** (e)
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.00 Vörutorg**
**16.00 One Tree Hill** (e)
**17.00 On the Lot - úrslit vikunnar** (e)
**17.30 Beverly Hills 90210**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond**
▶**19.30 Yes, Dear - NÝTT** Bandarísk gamansería um grallaraspóana Greg og Jimmy sem eru giftir systrunum Kim og Christine. Þeir halda að þeir ráði á sínum heimilum en að sjálfsögðu eru það eiginkonurnar sem eiga alltaf lokaorðið. Fyrsti þáttur í fimmtu þáttaröð. Greg og Kim eru ekki sátt þegar Logan „stelur" nýrri vinkonu sonar þeirra og þau gera ráðstafanir til að ná henni aftur.
**20.00 Everybody Hates Chris** (14:22)
**20.30 Malcolm in the Middle** (19:22) Malcolm reynir allt til að sleppa við að heimsækja Stevie á spítala. Hal missir sig yfir fjarstýrðum bát og Lois heldur að hún sé gengin af göflunum.
**21.00 Will & Grace** (15:23) Bandarískir gamanþættir um skötuhjúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen.
**21.30 According to Jim** (9:22) Jim kemst að því að hann er hluti af erótískum draumi mágkonu sinnar.
**22.00 House** (22:24) Ung móðir drekkir næstum syni sínum en það er ekki það sem er að drepa hann. House þarf að bjarga barninu og komast að því hvað er í raun að mömmunni.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 C.S.I.** (e)
**00.55 Stargate SG-1** (e)
**01.45 Beverly Hills 90210** (e)
**02.30 Vörutorg**
**03.30 Óstöðvandi tónlist**




## Í KVÖLD

### VIÐ MÆLUM MEÐ

**San Antonio-Cleveland**
**Sýn kl. 01.00**



Fyrsti leikurinn í úrslitaeinvígi NBA-deildarinnar í körfubolta. Margir hafa beðið spenntir eftir þessu augnabliki en að þessu sinni eru það San Antonio Spurs og Cleveland Cavaliers sem mætast. Fyrsti leikurinn fer fram á heimavelli Spurs en forvitnilegt verður að fylgjast með hvort Cleveland nái að fylgja eftir þeirri frábærri spilamennsku sem liðið sýndi gegn Detroit í úrslitum Austurdeildarinnar. Mikið mun mæða á hinum unga LeBron James og spurning hvort hið þrautreynda lið San Antonio nái að stöðva þennan stórkostlega leikmann.

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Matur og lífsstíll**



Í kvöld er girnilegur þáttur af Mat og lífsstíl með hinni einu sönnu Völu Matt. Í þessum hressandi lífsstílsþætti heimsækir Vala þekkta Íslendinga og fylgist með þeim töfra fram uppáhaldsréttina sína. Við fáum að sjá sælkerahliðina á þjóðþekktum einstaklingum og um leið sjáum við hvernig maturinn hefur áhrif á lífsstíl þeirra. Einnig sjáum við uppáhaldseldhústólinn, könnum hvaða vín eru góð með réttunum, skoðum sælkerabækur og margt fleira. Í þætti kvöldsins eldar sjónvarpskonan Eva María Jónsdóttir uppáhaldsréttinn sinn og segir skemmtilega sögur úr sambúðinni með Óskari Jónassyni.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Lífsjátning
**14.30** Laumuspil
**15.03** Söngvar af sviði - Sumarsöngleikir Rásar 1
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Smásaga: Stutt helgarleyfi
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar
**23.05** Á hvítri eyju í bláum sjó
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 EM 2008** (Svíþjóð - Ísland)
**17.00 Kaupþings mótaröðin 2007** Þáttur um síðasta mótið á Kaupþings mótaröðinni í golfi 2007. Þetta er annað mót sumarsins og fer fram á Korpúlfsstaðavelli. Flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki hafa boðað komu sína.
**18.00 PGA Tour 2007 - Highlights** Svipmyndir frá síðasta móti í PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.
**18.55 Það helsta í PGA-mótaröðinni** Fylgst er með gangi mála í mótaröðinni, birt viðtöl við kylfinga auk þess sem þeir gefa áhorfendum góð ráð.
**19.20 EM 2008** (Svíþjóð - Ísland)
**21.00 Arnold Schwarzenegger mótið**
**21.30 Ensku bikarmörkin 2007** (Season Review Show)
**22.25 EM 2008** (Eistland - England)
**00.05 Heimsmeistaramótið í póker**
**01.00 NBA 2006/2007 - Playoff games** (San Antonio - Cleveland) Fyrsti leikur í úrslitum NBA-körfuboltans.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**7.35** Nyheder fra Grønland **8.00** Rundt på Island **8.30** Den politiske original **9.00** DR-Explorer: I Den Fjerklædte Slanges land **9.30** Dyre-Internatet **10.00** TV Avisen **10.10** Penge **10.35** Ud i naturen **11.00** Dronningens elefanter **11.25** Aftenshowet **11.55** Aftenshowet **12.20** Iværksætterne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Sylvesters spætte-mani **14.35** Frikvarter **15.00** Duksedrengen **15.15** Billy Boy 900 - Vampyrkysset **15.30** Fandango med Sebastian **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Tæt på Dyrene **18.30** Hjerterum **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** Mandeknusere **20.50** Den største kærlighed **22.20** Musikprogrammet

### NRK 1

**12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Dinotopia **13.50** Du kan også skru'n som Beckham **14.00** Siste nytt **14.03** Klart som vann **14.30** Sjøuhyrer **15.00** Siste nytt**15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** ¦rdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Teddy og Oskar **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Skygger **20.30** Smith og Jones: godt og blandet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Den skjønne linje **22.45** MAD TV

### SVT 1

**8.35** Mellan raderna **10.00** Rapport **10.05** Krigets barn **13.30** Vädrets makter **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Det är min flagga också **15.30** Wallåkra stenkärlsfabrik **16.00** Nalle har ett stort blått hus **16.25** I bikupan **17.00** Dagen jag blev Nina **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Landgång **18.30** Små grytor har också öron **19.00** Planet Earth **19.50** Det man lovar **20.00** Jonestown - från början till slutet **21.30** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.50** Uppdrag Granskning **22.50** Sändningar från SVT24





Vegna hagstæðra samninga við verksmiðjur KIA í Evrópu getum við boðið hinn nýja KIA cee´d með öflugri dísilvél á aðeins 2.090.000 kr.
KIA cee'd er fyrsti bíllinn í Evrópu sem er boðinn með sjö ára ábyrgð. Þessi staðreynd undirstrikar hvers vegna KIA er sá bílaframleiðandi sem er í hvað mestum vexti í heiminum í dag. Glæsileg hönnun, gæði og hagkvæmni.

**Komdu og prófaðu einn athyglisverðasta fólksbílinn á markaðnum í dag.**

**Ríkulegur staðalbúnaður:**

- álfelgur
- USB-tengi fyrir iPod
- aðgerðastýri
- sex öryggisloftpúðar
- loftkæling
- 6 diska geislaspilari
- rafræn stöðugleikastýring
- upplýsingatölva

7 ÁRA cee'd ÁBYRGÐ*

Nýr KIA cee'd | Responds to your life

* 7 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í aflrás og 5 ára/150.000 km verksmiðjuábyrgð vegna galla í öðrum hlutum bílsins.
Þetta á við um KIA cee'd í öllum EB löndum (auk Noregs, Sviss, Íslands og Gíbraltar).

KIA MOTORS The Power to Surprise™

HEKLA **KIA umboðið** á Íslandi er í eigu HEKLU. **KIA** • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér jógúrt með mömmu-múslí. Það er múslí sem mamma býr til með einhverjum tíu tegundum af fræjum og alls konar dóti. Voða hollt.“*

Eygló Margrét Lárusdóttir, fatahönnuður.

# Auddi flottur á glænýjum BMW

„Þetta er Ásinn sem mér skilst að sé minnsti Bimminn. Maður er nú ekkert eins og díler í Breiðholti þó maður keyri á BMW. Þetta er bara þægilegur og flottur bíll,“ segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal sem keyrir nú um á glæsilegri BMW-bifreið.

Bílamál Auðuns voru á allra vörum fyrir nokkrum árum þegar hann auglýsti Hyundai Coupe-bíl sinn ítrekað til sölu í sjónvarpsþættinum Strákunum. Þann bíl keypti hann á bílaláni þegar hann fékk bílprófið 17 ára gamall. Ekki er hægt að segja að vel hafi gengið að selja bílinn, þó hann hafi á endanum losnað við hann. Þá hafði verðið lækkað um 650 þúsund frá því sem Auðunn vildi upphaflega fá fyrir hann.

„Það var góð lexía,“ segir Auðunn nú. „Mér fannst svo sem ekkert að þeim bíl en konunni minni og vinum fannst asnalegt að ég væri á sama sportbíl og þegar ég var 17 ára.“

Eftir að Coupe-ævintýrinu lauk hefur Auðunn keyrt um á Renault Megane og Toyta Aygo. Þangað til nú að hann er kominn á glæsikerru. Bíllinn er 115 hestöfl og kostar hátt í þrjár milljónir króna frá umboðinu.

Þrátt fyrir þetta vill Auðunn alls ekki meina að hann sé orðinn einhver milljónamæringur. „Nei, nei. Maður er bara búinn að vera duglegur að spara og svo langaði mig aðeins að „tríta“ mig. Svo er ég líka í góðu samstarfi við B&L. Ég er kannski ekki á neinum Bubba-bíl en ég er sáttur.“ - hdm



**GLÆSIKERRA AUÐUNS** Ásinn í BMW-línunni sem Auðunn hefur fest kaup á. Bíllinn er 115 hestöfl og kostar hátt í þrjár milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KOMINN Á BIMMA** Auðunn Blöndal segir að hann líti ekki út eins og eiturlyfjasali í Breiðholti þó hann keyri um á BMW.



**LÁRÉTT**
2. ríki í Mið-Ameríku, 6. gelt, 8. ástæður, 9. þangað til, 11. átt, 12. gerviefni, 14. getraunum, 16. rás, 17. skel, 18. fát, 20. tveir eins, 21. auma.

**LÓÐRÉTT**
1. tamning, 3. klukka, 4. aftóku, 5. keyra, 7. glaður, 10. rá, 13. pota, 15. skordýr, 16. þjálfa, 19. tvö þúsund.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. kúba, 6. gá, 8. rök, 9. uns, 11. na, 12. nælon, 14. götum, 16. æð, 17. aða, 18. fum, 20. uu, 21. arma. **LÓÐRÉTT:** 1. ögun, 3. úr, 4. bönnuðu, 5. aka, 7. ánægður, 10. slá, 13. ota, 15. maur, 16. æfa, 19. mm.




GUÐMUNDUR ÁRNI STEFÁNSSON: NÝJASTI TÓNLEIKAHALDARI LANDSINS

# Sendiherrann skipulagði tónleika Stuðmanna

„Það er mikil hamingja hér eftir einstaklega vel heppnaðan dag. Þetta var dásamlegt,“ segir Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra Íslands í Svíþjóð, sem nú má með réttu kalla sig tónleikahaldara og rótara eftir að hafa staðið í ströngu við að skipuleggja tónleika Stuðmanna í Stokkhólmi á þriðjudagskvöld.

Í tilefni af landsleik Íslendinga og Svía í gærkvöldi stóðu Guðmundur Árni og félagar í sendiráðinu að margvíslegum uppákomum í Stokkhólmi á þriðjudag. Dagskráin náði hámarki um kvöldið þegar Stuðmenn og fleiri gestir komu fram á stórtónleikum í hinu glæsilega Kína-leikhúsi í Stokkhólmi.

Um 1100 manns sáu Stuðmenn spila alla sína helstu slagara, en þeim til fullþingis voru Björgvin Halldórsson og KK auk þess sem 30 manns úr karlakórnum Fóstbræður tóku lagið.

Íslensk fyrirtæki sem eru að hasla sér völl í Stokkhólmi studdu vel við bakið á sendiráðinu og gerðu það að verkum að gestum var hleypt á tónleikana endurgjaldslaust. Stuðst var við gamla og góða lögmálið „fyrstur kemur, fyrstur fær“ og voru Íslendingar í miklum meirihluta á tónleikunum, flestir búsettir í Stokkhólmi og nágrenni höfuðborgarinnar.

„Þetta fór líka svo ljómandi vel, nánast fullt hús og rífandi stemning,“ segir Guðmundur Árni, sem þrátt fyrir velgengnina býst ekki við að leggja tónleikahaldið fyrir sig eftir að pólitíska starfsferlinum lýkur. „Nei, ég held að það liggi alveg ljóst fyrir. En við erum alveg tilbúin að gera þetta aftur ef tónleikarnir gera Ísland sýnilegt á erlendum vettvangi,“ segir sendiherrann.

Eins og áður segir stóð sendiráðið fyrir fleiri viðburðum, til dæmis pallborðsumræðum um fótbolta og peninga sem og kraftakeppni á milli Íslendinga og Svía þar sem Magnús Ver Magnússon, fyrrum sterkasti maður heims, var sérlegur keppnisstjóri. Guðmundur segir að 25 stiga hiti og glampandi sól hafi verið á meðan kraftakeppninni stóð og að keppendur hafi farið langt með að drepa sig í hitanum.

„Þeir gáfu sig hins vegar alla í verkefnið eins og við var að búast og höfðu það að sjálfsögðu af.“

Svo fór að þjóðirnar skildu jafnar, hlutu hvor um sig sjö og hálfan vinning, en hundruð manna lögðu leið sína á Ármannstorgið í hjarta Stokkhólms þar sem kraftakeppnin var haldin á þriðjudag.

vignir@frettabladid.is



**RÍFANDI STEMNING** Tónleikar Stuðmanna í Stokkhólmi á þriðjudagskvöld þóttu einstaklega vel heppnaðir og segja gárungarnir að nú megi Einar Bárðarson og kollegar hans fara að vara sig á Guðmundi Árna og félögum í sendiráðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GUÐMUNDUR ÁRNI STEFÁNSSON** Sendiherra Íslands í Svíþjóð ætlar ekki að leggja fyrir sig tónleikahald í nánustu framtíð.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stjórn Skjás eins hefur síðustu daga fundað af miklum móð í leit að arftaka **Magnúsar Ragnarssonar** sem sagði starfi sínu sem sjónvarpsstjóri lausu fyrir skömmu. Miklar vangaveltur hafa verið uppi um hver taki við starfi Magnúsar og hafa ýmis nöfn verið nefnd. Nú er **Katrín Olga Jóhannesdóttir**, framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans, nefnd sem næsti sjónvarpsstjóri en hún er náin samstarfsmaður **Brynjólfs Bjarnasonar,** forstjóra Símans.

Rúvóvisjón, söngvakeppni starfsmanna Ríkisútvarpsins, átti að fara fram um síðustu helgi en var blásin af vegna þátttökuleysis. Keppnin hefur þótt einn af hápunktum í skemmtanahaldi starfsmanna RÚV og hafði **Logi Bergmann Eiðsson** iðulega veg og vanda að keppninni. Eftir að Logi kvaddi gömlu félaga sína á RÚV fyrir tæpum tveimur árum hefur áhugi á keppninni farið dvínandi. Eitt eftirminnilegasta atriði úr sögu keppninnar var þegar **Adolf Ingi Erlingsson**, íþróttafréttamaðurinn knái, kom sá og sigraði með lagi úr söngleiknum Rocky Horror klæddur kvenmannsfötum.



**Hilmar Veigar Pétursson** og félagar fögnuðu tíu ára afmæli tölvuleikjafyrirtækisins CCP á Nasa um síðustu helgi. Fjöldi gesta heiðraði þá CCP-menn með nærveru sinni og var vel veitt bæði í mat og drykk. Athygli vakti að reykingar voru leyfðar á efri hæð staðarins, degi eftir að reykingabann á skemmtistöðum gekk í gildi. Afmælið var skilgreint sem einkapartí og því var reykingabannið ekki virt. Þetta lagðist misjafnlega vel í gesti, reykingamenn fögnuðu en hinir reyklausu urðu að sætta sig við opinn barinn.



-kh/hdm

# Býður starfsstéttum upp á óskalög

Skemmtiþáttur Dr. Gunna heitir nýr útvarpsþáttur sem hefur göngu sína á Rás tvö á laugardaginn kemur. Í þættinum mun Dr. Gunni stýra Sólópunkti, sem er spurningaleikur um tónlist þar sem sólótónlistarmenn mætast. Fyrstu keppendur Sólópunkts eru pönktónlistarmaðurinn Ceres 4 og Svavar Knútur, söngvari Hrauns.

Í skemmtiþættinum mun Dr. Gunni líka bjóða upp á óskalög fyrir starfsstéttir. „Einhverra hluta vegna hafa unglingar, sjúklingar og sjómenn einokað óskalagaþættina en nú ætla ég að gefa öðrum tækifæri,“ segir doktorinn. „Tattúgerðarlistamenn fá fyrstir að velja óskalög svo það má búast við þungarokki, nema þeir komi á óvart og velji bara múm eða balletttónlist.“

Í þættinum verður einnig boðið upp á sprenghlægilega topp tíu lista, klikkaðasta lag þáttarins og svo tónlist úr ýmsum áttum. „Ég ætla að fylla þáttinn af sumarlegri stuðtónlist,“ segir Gunni.

Þátturinn verður sem fyrr segir á laugardögum á Rás tvö frá fjögur til sex. - kh



**DR. GUNNI** Byrjar með nýjan tónlistarþátt á Rás 2. Hann leysir Frey Eyjólfsson af hólmi sem stýrði þættinum Geymt en ekki gleymt.




# Umsóknarfrestur rennur út 10.júní

**Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is**

## Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og veitir góðan undirbúning fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

## Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

## Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

# Hálfvitar

Þegar allt kemur til alls og kjarninn hefur verið skilinn frá hisminu blasir við einföld skýring á flest öllum vandræðum heimsins: Það er of mikið til af hálfvitum.

**ÞESSARI** staðreynd er þó alltof sjaldan haldið á lofti og allskyns vitleysa borin á borð í staðinn, oftast margtuggin pólitískt rétt froða sem gerir engum gott og dreifir bara athyglinni frá því sem blasir við öllu almennilegu fólki: Það er of mikið til af hálfvitum.
Því var ákaflega þakklátt og hressandi þegar fulli hálfvitinn sem stökk inn á fótboltaleikinn í Danmörku og sló til dómarans með þeim afleiðingum að Svíum var dæmdur sigurinn var kallaður í blöðunum nákvæmlega það sem hann er: Hálfviti. Reyndar var hann bara kallaður hálfviti í dönsku blöðunum, og kannski bara þeim gulustu, og ef fullur hálfviti hefði stokkið inn á Laugardalsvöll með sömu afleiðingum er líklegast að hann hefði ekki verið kallaður hálfviti í íslenskum fjölmiðlum, heldur drukkinn einstaklingur, ógæfumaður, eða í besta falli vitleysingur.

**VENJULEGIR** hálfvitar verða sýnu hættulegri séu þeir fullir, og fullir hálfvitar eru á bakvið allar ofbeldisfréttir sem fylla fjölmiðla eftir helgar. Ef fréttir væru sagðar á mannamáli án froðuslikjunnar væru fyrirsagnirnar svona: „Fullir hálfvitar lömdu mann til óbóta á Laugavegi“, „Fullur hálfviti hætti lífi og limum fólks með ofsaakstri“ eða „Fullir hálfvitar eyðilögðu 80 bíla fyrir framan sjúkrahús að gamni sínu“. Lítið virðist ganga að slá á hálfvitaskap fullra íslenskra hálfvita, enda er þeim hleypt jafnóðum út og þeir hafa sofið úr sér. Ég leyfi mér því að benda Birni og Stefáni á leið til að hamla gegn hálfvitaskapnum: Gapastokkum á Arnarhóli. Líklega kæmi þó allt fyrir ekki og það myndi fljótlega þykja töff að fara í gapastokkinn, á sama hátt og það eru viðurkennd töffheit í hópum hálfvita að haga sér eins og hálfviti. Hálfvitar í gapastokkum yrðu brátt vinsælasta efnið á netinu næst á eftir fullum stelpuhálfvitum í sleik.

**EN** hálfvitar þurfa alls ekki að vera fullir til að láta til sín taka í ruglinu. Allsstaðar þar sem mannskæð átök ríkja eru hálfvitar að verki stútfullir af ýmisskonar hálfvitaskap: trúarhita, græðgi, fordómum og rugli. Hálfvitaskapurinn virðist hafa fest sig í sessi og mun bara aukast eftir því sem við færumst nær endalokum tegundarinnar. Nema svo ótrúlega vilji til að fólk hætti bara þessum hálfvitaskap.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

